


skoðun 18

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Augnlæknar




Frábært tækifæri

*Vera Þórðardóttir fatahönnuður hefur fengið boð um að sýna verk sín í hönnunarskólanum Marangoni í Sjanghaí.*

FÓLK



FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Fimmtudagur
26. apríl 2012
97. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011



## Björt framtíð

*Hönnun útskriftarnema Listaháskóla Íslands er sérstaklega glæsileg í ár.*

**lífstíll 38**

## Stemningin engu lík

*Eyjasönghópurinn Blítt og létt fjölmennti með fylgdarliði til Færeyja.*

**tímamót 26**



## FH mætir HK

*FH-ingar tryggðu sér í gær sæti í lokaúrslitum N1-deildar karla.*

**sport 42**

## veðrið í dag




**VÆTA VESTAST** Í dag verða yfirleitt austan 3-10 m/s. Bjart veður en dálítil úrkoma við V-ströndina og él við A-ströndina. Hiti 0-8 stig en vægt frost NA-til.

VEÐUR 4



**SILFRA** Hin kristaltæra Silfra er feikidjúp og opnast út í Þingvallavatn austan Öxarár. Á mestu álagsstundum svamla kafarar þar hver um annan þveran. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Tíu þúsund kafarar í Silfru nú í sumar

**Sjö til átta þúsund kafarar syntu um gjána Silfru í fyrrasumar. Ásóknin eykst og gert er ráð fyrir að kafararnir verði um tíu þúsund í sumar. Þjóðgarðurinn býður út sérleyfi til köfunarfyrirtækja sem veltu 120 milljónum á Silfru í fyrra.**

**ÞJÓÐGARÐAR** „Menn verða að fá þá vöru sem er verið að selja," segir Ólafur Örn Haraldsson, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum, um þá fyrirætlan að bjóða út sérleyfi fyrir köfunarþjónustu í friðlandinu.

Fimm fyrirtæki selja köfun og snork í gjánni Silfru. Talið er að burðarþoli gjárinnar sé náð eftir viðvarandi vöxt í starfseminni. Fyrirtækin áætla að bilinu sjö til átta þúsund kafarar hafi synt um Silfru í fyrrasumar og gera ráð fyrir 10 til 30 prósenta aukningu á þessu ári. Það þýðir að kafararnir gætu orðið yfir tíu þúsund í sumar. Reiknað með að Silfra velti á bilinu 100 til 120 milljónum króna á ári.

„Þetta er gríðarlega ásetið svæði. Viðskiptavinir þarna fá stundum ekki alveg það sem þeir áttu von á ef það er mikil örtröð eins og oft er," segir Ólafur sem kveður undirbúning útboðs á sérleyfunum á lokastigi. Umsagnir og álit hafi verið fengin frá fjölmörgum aðilum, meðal annars á sviði öryggismála sem séu fyrsta forgangsatriði. Jafnhliða hafi endurbætur á aðstöðu fyrir köfunarþjónustuna verið settar inn í framkvæmdaáætlun þjóðgarðsins.

„Annars vegar er um að ræða að gera skipulag til lengri tíma og hins vegar að ráðast í það í sumar að koma upp bílastæðum og salernum til bráðabirgða. Einnig að setja stiga þar sem kafarar fara upp úr Silfru og lagfæra stíga auk annars," lýsir Ólafur.

Að sögn Ólafs eiga köfunarfyrirtæki að fá ákveðið tímahólf á hverjum degi. „Síðan er ætlunin að komið verði á gjaldi þar sem greitt verður eftir aðsókn hjá hverju fyrirtæki," segir hann og undirstrikar að gjaldið sem innheimta eigi af hverjum kafara sé ekki skattur heldur greiðsla fyrir veitta þjónustu af hálfu þjóðgarðsins.

„Við erum að fara hér inn á alveg nýjar brautir. Ætlunin er að allir geti átt jöfn tækifæri," segir þjóðgarðsvörður. - gar

Afmælisveislan eftir Pinter:

## Nær uppselt á allar sýningar

**LEIKHÚS Nær uppselt er á allar átján fyrirhugaðar sýningar Afmælisveislunnar eftir Nóbelskáldið Harold Pinter, sem verður frumsýnt í Þjóðleikhúsinu annað kvöld.**

**Guðjón Pedersen, leikstjóri Afmælisveislunnar, segist ekki vita hvað dregur fólk í leikhús að vori til að hofa á verk sem ekki er gamanleikur. „Við erum alltaf að reyna að skilja áhorfandann betur en hann kemur okkur alltaf jafn mikið á óvart. Hugsanlega skýrist áhuginn af því að þegar koma upp kreppur í samfélögum virðast áhorfendur leita í klassíkina. Hún hjálpar okkur oft að skilja hlutina í stærra samhengi en endurspeglar ekki dægurþrasið," segir Guðjón.** - bs, kg /sjá síðu 30



**HÖNNUÐUR** Haraldur Ingi Þorleifsson hefur hannað mikið fyrir Google. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Heimspekingur gerir það gott:

## Hannar fyrir risann Google

**FÓLK** Grafíski hönnuðurinn Haraldur Ingi Þorleifsson vann við hönnun hins nýja vefjar Google Drive, sem er ný þjónusta Google og býður notendum sínum að geyma efni á netinu. „Það er mjög skemmtilegt að vinna við verkefni sem margir fá að sjá," segir Haraldur Ingi um Google Drive. Hann starfar í Reykjavík og er sjálflærður grafískur hönnuður en er með háskólapróf bæði í viðskiptafræði og heimspeki. Hann hefur starfað við grafíska hönnun síðan um aldamótin og starfar núna hjá fyrirtækinu Upperquad. - fb / sjá síðu 50

Agnes M. Sigurðardóttir verður næsti biskup eftir afgerandi niðurstöðu talningar:

# Kona verður biskup í fyrsta sinn

**ÞJÓÐKIRKJAN** Agnes M. Sigurðardóttir prófastur verður nýr biskup Íslands. Er þetta í fyrsta sinn í sögu Íslands sem kona tekur við embættinu. Talningu atkvæða lauk seinnipartinn í gær og fékk Agnes 64,3 prósent atkvæða. Sigurður Árni Þórðarson fékk 31,9 prósent.

Agnes segir í tilkynningu að þakklæti sé henni efst í huga. „Mitt fyrsta verk verður að hlusta, heyra raddir fólks sem starfar á mismunandi sviðum kirkjunnar, sýna umhyggju og mynda samstöðu um að fagnaðarerindið nái eyrum fólks," segir Agnes.



**AGNES M. SIGURÐARDÓTTIR**

Karli Sigurbjörnssyni biskupi líst ákaflega vel á úrslitin. „Þetta er góð og afgerandi niðurstaða," segir hann. „Nú mun kirkjan fylkja sér að baki nýjum biskupi og vorverkin og uppskeran bíða." Spurður hvað honum finnist um að kona taki við af honum í embætti segir hann það afar ánægjulegt og hann muni alls ekki sjá eftir sætinu. „Það er vel skipað," segir hann. „Þetta eru góð og kirkjusöguleg tímamót. Agnes er góð manneskja sem hefur sýnt það í öllu sínu verki." Karl vígir Agnesi til embættis 24. júní næstkomandi. - sv

50%
AFSLÁTTUR AF TRISTAR PÖNNUM
AÐEINS Í 4 DAGA!



11 GERÐIR
Allar gerðir af pönnum. Virka líka á spanhellur. Viðloðunarfrí húð.
byggtogbúið
Kringlunni 568 9400

NÝ KILJA EFTIR
JAMES PATTERSON
Dramatísk átök og óbærileg spenna




www.forlagid.is

26.-29. apríl
Brúðkaups dagar
Opið til 21 í kvöld



Smáralind

## SPURNING DAGSINS



*Þórgunnur, er geðveikt gaman í jóga?*

„Já, svo gaman að sumir nemendur okkar geta ekki hætt.“

Estrid Þorvaldsdóttir og Þórgunnur Ársælsdóttir hafa staðið fyrir jógakennslu á Kleppi, á átröskunardeild Landspítalans og dagdeildinni hjá Hvítabandinu. Þær hlutu viðurkenningu Landspítalans á dögunum fyrir starf sitt.

Þingnefndir biðja um samtal í aðdraganda láns Seðlabankans til Kaupþings:

# Vilja fá samtal Davíðs og Geirs

**ALÞINGI** Fjárlaganefnd og efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hafa óskað eftir afriti af símtali Davíðs Oddssonar, þáverandi formanns bankastjórnar Seðlabanka Íslands, og Geirs H. Haarde, þáverandi forsætisráðherra, frá október 2008. Umræðuefnið var fyrirhugað lán Seðlabankans til Kaupþings.

Seðlabanki Íslands lánaði Kaupþingi 500 milljónir evra 6. október 2008, tveimur dögum fyrir hrun bankans. Í vitnaleiðslum vegna Landsdóms kom fram að upptaka af samtali Davíðs og Geirs um lánið væri til og nú hafa þingnefndirnar tvær óskað eftir afriti af því.



BJÖRN VALUR GÍSLASON

Björn Valur Gíslason, varaformaður fjárlaganefndar, segir að ekki hafi borist svar við málaleitan þingnefndanna. Hann á þó ekki von á öðru en þingnefndirnar fái afrit af símtalinu.

„Það eru fordæmi fyrir því. Í fyrra fengum við afrit af samtali Seðlabankastjóra Íslands og Bretlands til aflestrar, vegna yfirlýsingar fyrrverandi seðlabankastjóra um Icesave og fleira. Ég á ekki von á öðru en þeir veiti okkur aðgang að þessu.“

Björn Valur segir mikilvægt að fá upplýsingar um hvernig staðið var að lánveitingunni. Um gríðarlegar upphæðir hafi verið að ræða með nánast engum veðum.

„Þetta eru slíkar upphæðir að rétt er að fá úr því skorið hvernig þetta var framkvæmt. Hvort ákvörðunin var tekin í samráði eða með leyfi þáverandi forsætisráðherra.“ - kóp

Aðalmeðferð hófst í gær:

# Konan bar vitni í lokuðum sal

**DÓMSMÁL** Aðalmeðferð í máli sex einstaklinga sem tengjast Hells Angels hófst í gær fyrir luktum dyrum í Héraðsdómi Reykjaness. Einstaklingarnir, fimm karlmenn og ein kona, eru ákærðir fyrir grófa líkamsárás, nauðgun og skipulagða brotastarfsemi.

Konan, sem einstaklingarnir eru ákærðir fyrir að ráðast á og nauðga, bar vitni í málinu í gær og lauk vitnaleiðslum seinnipartinn. Meðal ákærðu er Einar Marteinsson, fyrrum leiðtogi Hells Angels á Íslandi. - sv



**MARK ANDRÉ DUC** Mark André Duc tókst að stjórna vélbúnaði í 100 km fjarlægð með því að ímynda sér að hann hreyfði fingur sína. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tilraunir í Sviss:

# Geta stýrt vél með hugarafli

**VÍSINDI** Svissneskum vísindamönnum hefur tekist að gera lömuðu fólki kleift að stýra fjarlægum vélbúnaði með hugaraflinu einu saman.

Vísindamennirnir starfa við Tækniháskólann í Lausanne. Tilraunin á að vera skref í áttina að því að lamað fólk eigi auðveldara með að komast í tengsl við umhverfi sitt.

Svipaðar tilraunir hafa verið gerðar í Bandaríkjunum og Þýskalandi, en þar voru ýmist sjúklingarnir ólamaðir eða gera þurfti heilaskurðaðgerð til að koma fyrir stýribúnaði.

Í svissnesku tilrauninni þurfti aðeins að setja einfalda hettu á höfuð sjúklinganna til að skrá merki frá heilanum. - gb

# Opinbera afskriftir yfir 100 milljónum

**Efnahags- og viðskiptanefnd leggur til frumvarp um að allar afskriftir yfir 100 milljónum verði gerðar opinberar. Frumvarpinu er ætlað að eyða tortryggni og auka gagnsæi. Flutningsmaður segir að eitt verði yfir öll fyrirtæki að ganga.**

**ALÞINGI** Allar afskriftir yfir 100 milljónum króna verða gerðar opinberar, ef tillaga efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis verður að veruleika. Nefndin samþykkti á fundi sínum í gær að leggja til að frumvarp Eyglóar Harðardóttur, þingmanns Framsóknarflokksins, og fleiri þar um verði samþykkt.

Samkvæmt frumvarpinu skulu allir framtalsskyldir aðilar tilgreina allar skuldaeftirgjafir sem þeir hafa fengið, óháð því hvort þær teljist til tekna eða ekki. Allar afskriftir að fjárhæð 100 milljónir eða meira verði síðan birtar í álagningarskrá og skattskrá, ásamt upplýsingum um frá hverjum þær stafa.

Eygló segir tilgang frumvarpsins þann að gæta jafnræðis. Ljóst sé að afskrifa þurfi hluta skulda og mikilvægt sé að taka þann hluta sem ekki er hægt að borga út úr kerfinu.

„Það er mikilvægt að jafnræðis og sanngirnis sé gætt við það. Að fjármálafyrirtæki geti staðið fyrir framan þjóðina og rökstutt hvernig staðið er að afskriftunum. Með þessu er verið að tryggja gagnsæi.“

Eygló segir ekki síður mikilvægt að tryggja jafnræði varðandi það hvaða upplýsingar eru gerðar opinberar. „Það hafa vaknað ýmsar spurningar um það af hverju upplýsingar um sum fyrirtæki koma fram í fjölmiðlum, en önnur ekki. Það er óeðlilegt að handvelja þær upplýsingar sem almenningur fær um afskriftir.“

Helgi Hjörvar, formaður efnahags- og viðskiptanefndar, tekur undir þetta. Óheppilegt sé að til þessa hafi opinberlega birst upplýsingar um sumar afskriftir, en aðrar ekki og mikilvægt sé að gæta jafnræðis í því. Verulegir almannahagsmunir standi til þess að upplýsingarnar verði birtar.



**FYRSTI FLUTNINGSMAÐUR** Eygló segir málið ekki varða bankaleynd, enda sé um upplýsingar í skattskýrslum að ræða. Um sé að ræða kröfu á þá sem eru skattskyldir til þess að skila upplýsingum til Ríkisskattstjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Leynd um verulegar afskriftir er til þess fallin að skapa tortryggni. Það er mikilvægur hluti endurreisnarstarfsins að eyða óþarfa tortryggni og skapa á ný traust á fjármálakerfið. Það verður best gert með opnum og gagnsæjum ferlum og skipulegri miðlun upplýsinga. Þess vegna er það niðurstaða nefndarinnar að mæla með því að frumvarp þingmannanna verði að lögum.“

kolbeinn@frettabladid.is

## Stuðningur í öllum flokkum

Eygló Harðardóttir er fyrsti flutningsmaður frumvarpsins, en það nýtur stuðnings í öllum flokkum. Alls standa 15 þingmenn, úr öllum flokkum, auk þingmanna utan flokka, að frumvarpinu. Hvort þeir styðji allir afgreiðslu meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar skal þó ósagt látið.

Málið fer nú til annarrar umræðu og verður að lögum fái það tilsettan meirihluta á þingi.



**MITT ROMNEY** Forskot hans orðið óyfirstíganlegt. NORDICPHOTOS/AFP

Romney tryggir sér sigur:

# Gingrich hættir við framboðið

**BANDARÍKIN, AP** Newt Gingrich sækist ekki lengur eftir því að verða forsetaefni Repúblikanaflokksins fyrir forsetakosningarnar í nóvember.

Mitt Romney vann stórsigur í forkosningum á þriðjudag og hefur svo gott sem tryggt sér sigur. Forskot hans virðist orðið óyfirstíganlegt.

Eftir sigur í fimm ríkjum á þriðjudaginn er Romney kominn með 844 kjörmenn en Ron Paul, sem er einn eftir í baráttunni gegn Romney, er með 79 kjörmenn. Til þess að fá sigur þarf 1.144 kjörmenn á landsþingi flokksins í haust. - gb

Boðskort á villigötum:

# Rangur gestur í ráðherraboði

**SVÍÞJÓÐ** Margareta Winberg, ellilífeyrisþegi í Stokkhólmi, varð glöð þegar hún fékk boð í kvöldverð með núverandi og fyrrverandi ráðherrum í tilefni ráðstefnu um umhverfismál þótt hún hefði engan sérstakan áhuga á málefninu.

Þegar kvöldverðurinn hófst vantaði einn ráðherrann, Margaretu Winberg. Nafna hennar sem fékk boðskortið var hins vegar mætt og fékk hún að snæða með ráðherrunum og öðrum háttsettum gestum í stjórnarráðinu. Hún var einnig á hópmynd með þeim. Hin „rétta“ Winberg var beðin afsökunar, samkvæmt frétt á vef Dagens Nyheter. -ibs

## SJÁVARÚTVEGSMÁL

### 537 sjómenn mótmæla

Alls hafa 537 sjómenn skrifað undir mótmæli gegn kvótafrumvarpinu. Í tilkynningu segir að þeir mótmæli „þeirri grímulausu aðför að kjörum sínum sem við blasir í þeim frumvörpum sem fram eru komin og breytingar á stjórn fiskveiða.“

## HAPPDRÆTTI

### Heppnin með Norðmönnum

Einn var með allar tölurnar réttar í Víkingalottói gærkvöldsins og er sá um 211 milljónum krónum ríkari fyrir vikið. Vinningsmiðinn var seldur í Noregi. Íslenski bónusvinningurinn gekk út og fær vinningshafinn 2,8 milljónir króna.




Náist umsamin markmið í rekstri mun Novator eignast hlut í sameinuðu félagi:

# Gengið frá sölu á Actavis í gær

**VIÐSKIPTI** Gengið var frá samningum um kaup bandaríska samheitalyfjafyrirtækisins Watson á Actavis í gær eins og búist hafði verið við. Kaupverðið er samtals 4,25 milljarðar evra sem jafngildir 700 milljörðum íslenskra króna.

Kaupverðið rennur að stærstum hluta til lánardrottna Actavis en þeirra langstærstur er Deutsche Bank sem fjármagnaði að stærstum hluta yfirtöku félaga tengdra Björgólfi Thor Björgólfssyni á Actavis árið 2007. Nokkrir tugir milljarða króna munu renna til Landsbankans, Straums og Glitnis, að því er fram kemur í fréttatilkynningu vegna viðskiptanna.

Í samningnum felst að Novator, fjárfestingarfélag Björgólfs Thors, eignast hlut í sameinuðu félagi en stærð þess hlutar ræðst af afkomu fyrirtækisins. Náist umsamin markmið í rekstri mun Novator eignast hluti í sameinuðu fyrirtæki að verðmæti 250 milljóna evra. Sá hlutur mundi þó að megninu til renna til lánardrottna Novators en endanlegt verðmæti hlutarins kemur ekki í ljós fyrr en á næsta ári.

Salan á Actavis er stór þáttur í skuldauppgjöri Björgólfs Thors og Novator við lánardrottna eftir samkomulagi frá því í júlí 2010.

Eftir kaupin verður sameinað félag Actavis og Watson þriðja stærsta samheitalyfjafyrirtæki heims. - mþl



**GENGIÐ FRÁ SÖLUNNI** Björgólfur Thor Björgólfsson, stjórnarformaður Novator, og Paul Bisaro, forstjóri Watson, handsala söluna í gær.

# SUMAR TILBOÐ

## í Blómavali um land allt



**SUMAR TILBOÐ!**

Sýpris 100 sm
**999 kr.**




Grasfræ 1 kg
**1.299 kr.**
~~1.699 kr.~~



Útsæði 5 kg aðeins
**799 kr.**

*Nú er rétti tíminn!*
*Útsæðiskartöflur*
*Gullauga, Helga, Premier og rauðar*

## ÁVAXTATRÉ
### BERJARUNNAR OG KRYDDJURTIR



*eplatré*



*Kryddplöntur*



*Jarðaberjaplöntur*



**Frostþolnir útipottar**
11441587-88-89
11441593-94-95

NÝ SENDING

18 cm á hæð **1.490kr**
24 cm á hæð **1.990kr**
31 cm á hæð **2.990kr**




Maxi Crop
lífrænn áburður
0,5 ltr
**599 kr.**
~~749 kr.~~

blómaval
*heillandi heimur*

Skútuvogur - Grafarholt - Hafnarfjörður - Akureyri
Egilsstaðir - Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær

## GENGIÐ 25.04.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
| --- | --- | --- |
| Bandaríkjadalur | 125,68 | 126,28 |
| Sterlingspund | 202,29 | 203,27 |
| Evra | 166,09 | 167,01 |
| Dönsk króna | 22,321 | 22,451 |
| Norsk króna | 21,946 | 22,076 |
| Sænsk króna | 18,657 | 18,767 |
| Japanskt jen | 1,547 | 1,556 |
| SDR | 194,3 | 195,46 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 228,158

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Manni gert að ljúka rúmlega fjögurra mánaða fangelsisvist eftir innbrot:

# Braust inn í apótek eftir vikufrelsi

**DÓMSTÓLAR** Maður sem braut af sér viku eftir að hafa fengið reynslulausn úr fangelsi þarf að ljúka 132 daga eftirstöðvum dóma frá 2010 og 2011. Hæstiréttur staðfesti í gær úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur þar að lútandi.

Í úrskurði Héraðsdóms kemur fram að maðurinn hafi fengið reynslulausn úr fangelsi 12. apríl síðastliðinn. Hann var svo handtekinn aðfaranótt 20. apríl þar sem hann hafði brotist inn í apótek í verslunarmiðstöð á höfuðborgarsvæðinu og stolið lyfjum. Skoðun á vettvangi leiddi jafnframt í ljós að hann hafði brotið sjö rúður í verslunarmiðstöðinni og unnið talsverðar skemmdir. Maðurinn reyndi að flýja af vettvangi og streittist gegn handtöku. Þá reyndist hann undir áhrifum örvandi efna.

Fram kemur í úrskurði Héraðsdóms að brot mannsins geti varðað allt að sex ára fangelsi. Hann hafi dulbúið sig fyrir innbrotið, þar sem hann notaði bæði hamar og kúbein. Brotið virðist þaulskipulagt og hann hafi rofið gróflega almenn skilyrði reynslulausnar sinnar. - óká

### Úr úrskurði dóms

Í úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur frá 20. þessa mánaðar kemur fram að lögregla hafi þá um nóttina fengið tilkynningu um mikil brothljóð í verslunarmiðstöð á höfuðborgarsvæðinu. Lögregla sá manninn koma út úr apóteki á staðnum og reyndi hann að flýja af vettvangi. Hann ógnaði lögreglumanni svo með slaghamri og reyndi að kasta í hann. Stuttu síðar hafi lögregla hins vegar náð að yfirbuga hann og handtaka.

Kjaramál smábátasjómanna:

# Tryggja verður kjarasamninga

**ALÞINGI** Grípa verður til aðgerða til að tryggja smábátasjómönnum innan Landssambands smábátaeigenda kjarasamninga, að mati Lilju Rafneyjar Magnúsdóttur, þingmanns VG.

Lilja sagði á Alþingi í gær að nauðsynlegt sé að skilyrða aðgengi að sjávarauðlindinni, meðal annars með þeim hætti að útgerðir hafi gilda kjarasamninga við áhafnir sínar. „Það eru sjálfsögð mannréttindi árið 2012 og ég mun gera hvað ég get til að þetta verði með þeim hætti.“ - sv

Gæsluvarðhald framlengt:

# Grunaður um brot gegn ellefu ára dóttur sinni

**DÓMSTÓLAR** Hæstiréttur hefur framlengt gæsluvarðhald manns sem grunaður er um gróf kynferðisbrot gegn ellefu ára gamalli dóttur sinni. Gæsluvarðhaldið gildir til 15. júní.

Maðurinn var handtekinn í desemberbyrjun og hefur verið í haldi síðan. Er þetta í sjöunda sinn sem gæsluvarðhald yfir manninum er framlengt. Ríkissaksóknari telur að réttarvitund almennings myndi særast gangi maðurinn laus auk þess sem það myndi valda almennri hneykslan í samfélaginu. Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttardómari skilaði sératkvæði og vildi fella úr gildi gæsluvarðhaldsúrskurð Héraðsdóms Vesturlands. - óká

Gagnrýna borgaryfirvöld:

# Falla frá kauptilboði í Perluna

**VIÐSKIPTI Hópur fjárfesta sem gerði hæsta tilboð í Perluna í Öskjuhlíð hefur fallið frá tilboðinu. Í yfirlýsingu frá hópnum segir að borgaryfirvöld hafi eyðilagt söluferlið þar sem þau ætli ekki að leyfa framkvæmdir á lóð Perlunnar. Því til viðbótar standi nú til að efna til hugmyndasamkeppni um skipulag Öskjuhlíðar.**

**Í viðtali við Vísi í gær sagði Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, ákvörðun hópsins ákveðin skilaboð um að Perlan ein og sér væri ekki góð söluvara. Farið yrði yfir stöðu söluferlisins með stjórnendum Orkuveitu Reykjavíkur (OR) á næstunni. Kjartan Magnússon, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í stjórn OR, segir í bókun að með óvönduðum vinnubrögðum hafi meirihlutinn klúðrað söluferlinu.** - jhh

# Taka verður alla gagnrýni alvarlega

**Innanríkisráðherra telur að kostnaður vegna Vaðlaheiðarganga eigi eftir að falla á ríkissjóð. Þau eigi heima á vegaáætlun. Fjárlaganefnd fjallar nú um göngin. Formaður hennar telur forsendur ekki brostnar. Meta þurfi áhættu ríkisins.**

**ALÞINGI** Heimild ríkisins til að fjármagna Vaðlaheiðargöng er nú á borði fjárlaganefndar eftir fyrstu umræðu um málið á Alþingi á þriðjudagskvöld.

Í umræðum um málið lýsti Ögmundur Jónasson, ráðherra vegamála, efasemdum um að forsendur forsendur verksins stæðust. „Framkvæmdin verður að rísa algjörlega undir sjálfri sér með vegtollum,“ sagði hann. „Þegar málið var afgreitt úr ríkisstjórn hafði ég fyrirvara á því og sá fyrirvari stendur enn.“



SIGRÍÐUR INGIBJÖRG INGADÓTTIR

Ögmundur kvaðst þess fullviss að kostnaður við verkið myndi að verulegu leyti falla á ríkissjóð. „Og ef svo er á þessi framkvæmd eins og aðrar að fara inn í samgönguáætlun.“

Þingmenn, jafnt í stjórn og stjórnarandstöðu, hafa skiptar skoðanir um málið og eins er það innan fjárlaganefndar. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, formaður nefndarinnar og varaformaður þingflokks Samfylkingarinnar, kveðst þó telja að innan nefndarinnar sé fyrir því ágætur meirihluti. „Við í fjárlaganefnd skoðum málið út frá hagsmunum ríkissjóðs,“ segir hún.

Á fundi fjárlaganefndar um málið í gærmorgun fóru fulltrúar fjármálaráðuneytisins, Ríkisábyrgðasjóðs og Ríkisendurskoðunar yfir það og svöruðu spurningum nefndarmanna. Sigríður segir nefndina einnig taka málið fyrir á fundi sínum næsta mánudag. Þá verði farið yfir upplýsingar sem beðið var um í gær, auk upplýsinga Vegagerðar um umferðarspár.

Sjálf kveðst Sigríður Ingibjörg telja að hluti gagnrýni sem sett hafi verið fram á málið sé óréttmætur. „Annað finnst mér þess eðlis að ástæða sé til að skoða málið dyggilega af hálfu fjárlaganefndar. Framkvæmdin er stór og fjárlaganefnd verður að taka alvarlega þá gagnrýni sem fram kemur og komast þá annað hvort að þeirri niðurstöðu að hún sé ekki réttmæt eða að hluti hennar sé þess eðlis að gera þurfi einhverjar breytingar á frumvarpinu.“

Þá kveðst hún ósammála því að forsendur Vaðlaheiðarganga séu brostnar. Fyrir liggi að þau verði fjármögnuð að mestu af notendagjöldum. „Í þinginu benti fjármálaráðherra á að áhætta fylgdi alltaf þessum verkefnum. Við þurfum að leggja mat á þá áhættu. En verkefnið er mikilvægt yfir þetta svæði, sem er eitt helsta vaxtarsvæði landsins utan stórhöfuðborgarsvæðisins.“ olikr@frettabladid.is




**HVALFJARÐARGÖNG** Í gagnrýni á forsendur Vaðlaheiðarganga hefur verið bent á að aðstæður séu aðrar en í tilfelli Hvalfjarðarganga. Þá sé mikil óvissa um þróun vaxta og þar með endurfjármögnun lána að framkvæmdatíma loknum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Fyrrum kirkjumálaráðherra:

# Íslam ekki inn í lokaðar kirkjur

**DANMÖRK Fyrrverandi kirkjumálaráðherra Danmerkur, Birthe Rønn Hornbech, vill ekki að múslímar fái inni í 16 til 17 kirkjum sem loka á í Kaupmannahöfn.**

**Prestur í Brorsons Kirke á Norðurbrú hefur lagt til að múslímar, búddistar og hindúar fái afnot af kirkjunum sem stiftisráðið í Kaupmannahöfn hyggst loka vegna lélegrar kirkjusóknar.**

**Hornbech segir í skriflegu svari til fréttastofu Berlingske að trúarbrögð andvíg kristni, eins og íslam, eigi ekki að iðka í kristnum kirkjum.**

**Prestar í nokkrum þessara kirkna hafa mótmælt lokuninni.** - ibs

Tvítugur gripinn á ofsahraða:

# Fær 140 þúsund króna sekt og missir bílprófið

**LÖGREGLA** Tvítugur maður sér fram á missi ökuleyfis og þarf að greiða 140 þúsund krónur í sekt eftir að lögreglan á Suðurnesjum stóð hann að hraðakstri á Reykjanesbraut þar sem er 90 kílómetra hámarkshraði.

Að sögn lögreglu hefur hún á á síðustu dögum hafti afskipti af allmörgum ökumönnum sem ekið hafa yfir leyfilegum hámarkshraða í umdæminu. Tvítugi maðurinn er sá sem mældist á mestum hraða. „Aðrir brotlegir ökumenn mældust frá 116 kílómetra hraða og allt upp í 143 kílómetra á klukkustund. Þeir eiga einnig yfir höfði sér sektargreiðslur upp á tugi þúsunda og sumir þeirra ökuleyfissviptingu að auki,“ segir í skýrslu lögreglunnar á Suðurnesjum. - óká

Vogir á góðum kjörum

Baðvog frá Adler
AD 8116b
5.400 kr. stgr.

Eldhúsvog
AD 3138b
2.700 kr. stgr.



SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**RÓLEGT VEÐUR**
Einungis róleg-heitar veður á næstunni og úrkomulítið fram á laugardag. Hitinn breytist ekki mjög mikið en hlýnar norðaustan til um helgina. Eftir helgi lítur út fyrir almennileg hlýindi.




| HEIMURINN | |
| --- | --- |
| Alicante | 24° |
| Basel | 22° |
| Berlín | 23° |
| Billund | 13° |
| Frankfurt | 15° |
| Friedrichshafen | 20° |
| Gautaborg | 11° |
| Kaupmannahöfn | 11° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 13° |
| Mallorca | 15° |
| New York | 18° |
| Orlando | 30° |
| Ósló | 10° |
| París | 15° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | 12° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*




ÍSLENSKA SIA.IS DAS 58258 04/12

## KJÖRKASSINN



*Hefur þú einhvern tímann sótt námskeið um fjármál?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 22,4% |
| NEI | 77,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Telur þú að niðurstaða Landsdóms sé lituð af pólitík?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Aðalmeðferð hófst í máli ákæruvaldsins gegn stjórnarmönnum og framkvæmdastjóra LSK í gær:

# Segist hafa borið allt undir stjórn sjóðsins

**DÓMSMÁL** Sigrún Ágústa Bragadóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar (LSK), bar fyrir fjölskipuðum dómi Héraðsdóms Reykjaness að hún hefði tekið allar ákvarðanir um lán til bæjarins í samvinnu við stjórn sjóðsins.

Ákærðu í málinu eru auk Sigrúnar,stjórnarmennirnir fyrrverandi Ómar Stefánsson, Gunnar Birgisson, Flosi Eiríksson, Jón Júlíusson og Sigrún Guðmundsdóttir. Þeim er gefið að sök að hafa staðið að ólöglegum lánveitingum frá sjóðnum til Kópavogsbæjar upp á 600 milljónir króna frá haustmánuðum 2008 og fram á 2009. Þá fór sjóðurinn út fyrir heimildir sínar er varða áhættudreifingu en engin fjárfesting má vera bundin við meira en 10 prósent af heildareignasafni.

Sigrún Ágústa sagði að lánveitingarnar, meðal annars 320 milljóna peningamarkaðslán 2. og 3. október 2008, til Kópavogsbæjar hefðu verið öruggur fjárfestingarkostur í óvissuumhverfi, þar sem Kópavogsbær væri ábyrgur fyrir öllum skuldbindingum sjóðsins.

Gunnar Birgisson, sem var stjórnarformaður sjóðsins, neitaði alfarið sök í málinu líkt og allir aðrir ákærðu. Hann sagðist ekki hafa áttað sig á formi lánveitinganna, fyrr en „fjármálaráðuneytið hefði rænt sjóðnum sumarið 2009“, eins og hann sagði orðrétt um yfirtöku sjóðsins, eftir að stjórninni var vísað frá vegnar rannsóknarinnar sem leiddi að lokum til ákærunnar. Gunnar sagði einnig að framkvæmdastjórinn, Sigrún Ágústa, hefði staðið sig vel í starfi. Stjórnin hefði staðið sameiginlega að öllum meginákvörðunum, en form lánveitinganna hefði verið á borði framkvæmdastjórans. **- mh**



**GUNNAR I. BIRGISSON** Fyrrverandi stjórnarformaður sjóðsins sagði fjármálaráðuneytið hafa rænt sjóðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**MARK RUTTE** Forsætisráðherra Hollands sagði af sér á mánudag, en heldur áfram að stjórna landinu. NORDICPHOTOS/AFP

Kosningar í Hollandi í haust:

## Bráðabirgðastjórn í sumar

**HOLLAND, AP Ákveðið hefur verið að þingkosningar verði haldnar í Hollandi 12. september. Þangað til verður bráðabirgðaríkisstjórn við völd undir forystu Marks Rutte forsætisráðherra, sem sagði af sér á mánudag.**

**Rutte sagði af sér eftir að stjórninni mistókst að ná samkomulagi um samdrátt í ríkisútgjöldum, sem átti að tryggja að fjárlagahallinn yrði innan leyfilegra marka Evrópusambandsins.**

**Samkvæmt nýju fjárlagabandalagi Evrópusambandsríkjanna ber stjórnvöldum hvers ríkis að skila inn bráðabirgðafjárlögum og áætlun um efnahagsumbætur nú fyrir lok mánaðarins. - gb**

Tölur frá Hagstofu Íslands:

## Launavísitala hækkar um 1%

**VINNUMARKAÐUR** Launavísitala í síðasta mánuði var 431,7 stig, sem er hækkun um rúmt prósent milli mánaða.

Fram kemur á vef Hagstofunnar að síðustu tólf mánuði hafi launavísitalan á Íslandi hækkað um rétt rúm tólf prósent.

Þar kemur jafnframt fram að kaupmáttur launa hefur aukist um 5,3 prósent síðustu 12 mánuði. Vísitala kaupmáttar launa í mars var 112,1 stig og var nær sú sama og mánuðinn áður. Síðustu tólf mánuði hefur vísitala kaupmáttar launa hækkað um 5,3 prósent. **- þj**

# Vilja hjálp ESB við að komast út úr höftum

**Samningskaflar um peningamál og frjálsa fjármagnsflutninga í aðildarviðræðunum við ESB verða opnaðir síðar á árinu. Unnið er að mótun samningsmarkmiða Íslands en eitt þeirra verður að fá aðstoð vegna peningamálavanda Íslands.**

**EFNAHAGSMÁL** Unnið er að stofnun vinnuhóps sérfræðinga íslenskra stjórnvalda og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (ESB) sem greina á vandamál Íslands í tengslum við peningamál og þau tækifæri sem viðræðuferli Íslands við ESB kann að bjóða upp á. Þetta er meðal þess sem fram kemur í skýrslu um utanríkis- og alþjóðamál sem Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra hefur lagt fyrir Alþingi og verður rædd í dag.

Í skýrslunni er gerð grein fyrir vinnu utanríkisþjónustunnar á síðasta ári með sérstakri áherslu á sex málaflokka, þeirra á meðal málefni norðurslóða og yfirstandandi aðildarviðræður við ESB.

Í inngangi skýrslunnar, sem Össur Skarphéðinsson ritar, segir að mikilvægasta úrlausnarefni stjórnvalda í dag sé sá vandi sem felist í íslensku krónunni í gjaldeyrishöftum og þúsund milljarða snjóhengju aflandskróna.

Össur lýsir því næst því mati sínu að í gegnum samninga við ESB sé til staðar leið út úr gjaldeyrishöftunum með upptöku evru. Fáum mánuðum eftir formlega aðild geti Ísland komið krónunni í skjól fram að upptöku evru með því að taka þátt í gjaldmiðilssamstarfinu ERM II með stuðningi Seðlabanka Evrópu. Um þetta þurfi þó að semja.

Í áliti meirihlutanefndar utanríkismálanefndar vegna aðildarumsóknarinnar að ESB kemur fram að viðræður um gjaldmiðilsmál skuli vera forgangsverkefni í viðræðuferlinu og að leita beri eftir samkomulagi við ESB um stuðning við krónuna. Með þetta að leiðarljósi sé unnið að stofnun tvíhliða vinnuhóps um málið eins og vikið var að hér í upphafi.



**SAMNINGANEFND ÍSLANDS** Unnið er að stofnun tvíhliða starfshóps um peningamálastöðu Íslands sem skipa eiga sérfræðingar íslenskra stjórnvalda og framkvæmdastjórnar ESB. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gjaldmiðilsmál Íslands og gjaldeyrishöftin falla undir tvö ólíka samningskafla í viðræðuferlinu, annars vegar kafla um efnahags- og peningamál og hins vegar um frjálsa fjármagnsflutninga.

Enn er unnið að mótun samningsafstöðu Íslands vegna þessara kafla sem stefnt er að því að hefja viðræður um síðar á árinu. Byggir sú vinna á áliti meirihluta utanríkismálanefndar en einnig er höfð til hliðsjónar rýniskýrsla ESB og álit framkvæmdastjórnar ESB um aðildarumsóknina.

magnusl@frettabladid.is

### Staða viðræðna

Aðildarviðræður Íslands við ESB skiptast í 35 samningskafla. Viðræður eru hafnar um 15 kafla og þar af hefur 10 verið lokað. Flestir þessara kafla samræmast íslenskri löggjöf nú þegar vegna aðildar Íslands að EES-samningnum en tveim köflum hefur verið lokað sem standa alfarið utan EES. Það eru kaflar um utanríkis-, öryggis- og varnarmál og um réttarvörslu og grundvallarréttindi. Stefnt er að því að viðræður verði hafnar um alla kafla í lok ársins.

Ræðst á konu með hamri:

## Í gæsluvarðhaldi til 16. maí

**DÓMSTÓLAR** Hæstiréttur hefur staðfest úrskurð Héraðsdóms Norðurlands eystra um áframhaldandi gæsluvarðhald yfir manni sem handtekinn var í marslok fyrir að ráðast á barnsmóður sína með hamri og veita henni áverka.

Maðurinn skal sæta varðhaldi lengur en til 16. maí.

Fram kemur í úrskurði Héraðsdóms að maðurinn sæti rannsókn vegna margvíslegra brota, þar á meðal fíkniefnabrota, fjárkúgunar, þjófnaðar og hótana. **-óká**

Vinsæl hönnunarsamkeppni:

## 18 vilja hanna nýja fangelsið

**FANGELSISMÁL Átján tillögur bárust í hönnunarsamkeppni fangelsisins á Hólmsheiði. Dómnefnd sem skipuð var vegna samkeppninnar kom saman í gær til að hefja mat á tillögunum.**

**Dómnefnd skal hafa lokið störfum eigi síðar en 4. júní, að því er segir í tilkynningu frá innanríkisráðuneytinu. Þá verður tilkynnt hvaða tillaga hefur orðið fyrir valinu og jafnframt opnuð sýning á öllum tillögunum. Í framhaldi af því yrði samið við hönnunarteymi verðlaunatillögunnar um fullvinnslu teikninga.**

**Dómnefndina skipa arkitektar, fulltrúar frá ráðuneytinu og Fangelsismálastofnun. - sv**

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Börn fundu marijúana**

Grunnskólabörn á Siglufirði fundu átta skammta af marijúana í pokum við ruslatínslu utandyra í gærmorgun. Kennari sem var með börnunum fór með efnið til lögreglunnar. Að sögn lögreglu höfðu pokarnir legið úti í nokkurn tíma.






Hefðbundinn leikur nemenda MR var aflagður eftir alvarlegt slys vorið 2009:

# Gangaslagur kostar ríkið 9 milljónir

**DÓMSMÁL** Íslenska ríkið þarf að greiða fyrrverandi nemanda Menntaskólans í Reykjavík 8,9 milljónir króna með vöxtum vegna meiðsla sem hann varð fyrir í gangaslag í skólanum í apríl 2009. Fram kemur í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í gær að slys hafi áður hlotist af slagnum sem hefð var fyrir í skólanum.

Slagurinn var aflagður eftir þetta slys, en í ákæru eru stjórnendur hans átaldir fyrir að hafa látið hjá líða að gæta nægilega öryggis nemenda og fyrir að hafa ekki kallað til sjúkrabifreið og lögreglu þegar slysið varð.

Gangaslagurinn snerist um að útskriftarárgangur reyndi að hringja bjöllu við enda gangs á meðan ungmenni í öðrum árgöngum reyndu að koma í veg fyrir hringingu. „Verður að meta rektor skólans til gáleysis að hafa ekki stöðvað slaginn þegar nemendur fóru ekki eftir þeim reglum er settar höfðu verið og að hafa leyft nemendum úr 6. bekk að stökkva út yfir höfuð nemenda sem á gólfi stóðu,“ segir í niðurstöðu dómsins.

Maðurinn var tvítugur og nemandi í sjötta bekk skólans þegar slysið varð. Hann fékk þungt högg á höfuðið, sáran verk í háls og bak og hellu fyrir eyrun. Á slysadeild kom í ljós að hann var tvíbrotinn á fyrsta hálslið og liðband rifið. Þurfti hann að nota hálskraga í rúma fjóra mánuði og var óvinnufær allt sumarið. Maðurinn var byrjaður í stúdentsprófum en fékk þau metin. Varanleg örorka hans vegna slyssins er metin 12 prósent. **- óká**



**SLAGUR** Gangaslagur hefur ekki verið haldinn í MR eftir að þar varð alvarlegt slys vorið 2009. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# TAX FREE

## ALLIR SKÓR ÁN VIRÐISAUKASKATTS

fimmtudag til sunnudags



# SKÓAÐU ÞIG UPP!

## skór á alla fjölskylduna

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 29. apríl 2012.

**HAGKAUP**

*Ein ferð betra verð*

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** *Hvað heitir plata Sigurrósar sem kemur út í lok maí?*

**2.** *Hversu margir eru skráðir notendur á Facebook?*

**3.** *Hver skoraði jöfnunarmark Chelsea gegn Barcelona á Nývangi í fyrradag?*

**SVÖR**

*(upside down)* **1.** *Valtari* **2.** *900 milljónir* **3.** *Fernando Torres*

Rupert Murdoch í vörn í yfirheyrslum fyrir breskri þingnefnd:

# Murdoch neitar öllum sökum

**BRETLAND, AP** Ástralski fjölmiðlakóngurinn Rupert Murdoch neitar því að hafa þegið neinn greiða frá valdamiklum mönnum, sem fjallað hefur verið um í fjölmiðlum hans.

„Ég hef aldrei beðið forsætisráðherra um nokkurn skapaðan hlut,“ sagði hann meðal annars í yfirheyrslum hjá breskri þingnefnd, sem er að rannsaka tengsl breskra stjórnmálamanna við fjölmiðlana.

Hann neitar því sömuleiðis að hafa stýrt stjórnmálaumfjöllun fjölmiðla sinna. Hann neitar því að hafa beitt áhrifavaldi fjölmiðla sinna til þess að hagnast í viðskiptum. „Þú gerir þér nákvæmlega enga grein fyrir þeim efnahagslega ávinningi sem fyrirtæki þitt hefur af því að tiltekinn stjórnmálaflokkur vinni sigur? Er það virkilega afstaða þín?“ spurði einn nefndarmanna.

„Já,“ sagði Murdoch. „Algerlega.“ Hann neitar því enn fremur að dregið hafi úr gæðum blaða hans eftir að hann eignaðist þau.

„The Sun hefur aldrei verið jafngott blað og núna,“ sagði hann. „Ég get ekki sagt það sama um keppinauta mína.“ Yfirheyrslur yfir honum og syni hans, James Murdoch, standa út vikuna. **- gb**



**RUPERT MURDOCH** Yfirheyrslur yfir Rupert og James Murdoch standa yfir þessa vikuna í London. NORDICPHOTOS/AFP

Vinnubrögðin í athugun:

# Tölvubrot Sky til rannsóknar

**BRETLAND, AP** Verið er að rannsaka tölvubrot Sky-fréttastofunnar, sem er í eigu Ruperts Murdoch, að því er talsmaður bresku útvarpsréttanefndarinnar upplýsti. Fréttastofan er grunuð um að hafa brotist inn í tölvupóst fólks.

Fulltrúi nefndarinnar segir að rannsóknin snúist um hvort fréttastofan hafi í störfum sínum gætt jafnræðis og virt einkalíf, en hún hafi verið hafin eftir að Sky News viðurkenndi að hafa í fréttaleit falið blaðamönnum að brjótast inn í tölvupósta. **- óká**



**VERÐLAUNUÐ** Svandís Svavarsdóttir veitti þeim Einari og Guðrúnu verðlaunin. MYND/UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

Umhverfisverðlaun veitt:

# Náttúran.is fær viðurkenningu

**UMHVERFISMÁL** Vefsíðan Náttúran.is hlaut Kuðunginn, umhverfisviðurkenningu umhverfisráðuneytisins, í gær fyrir „framúrskarandi starf að umhverfismálum“.

Segir í rökstuðningi valnefndar að stofnendur og eigendur hennar, þau Guðrún Tryggvadóttir og Einar Bergmundur Arnbjörnsson, séu brautryðjendur á þessum vettvangi, knúin áfram af áhuga og umhyggju fyrir náttúrunni og umhverfinu. Verðlaunagripurinn, Kuðungurinn, er eftir listakonuna Ingu Elínu. **- shá**

Stofnandi Parmalat dæmdur:

# 18 ára dómur látinn standa

**ÍTALÍA, AP Ítalskur áfrýjunardómstóll hefur látið standa nær óbreyttan 18 ára fangelsisdóm yfir Calisto Tanzi, stofnanda mjólkurrisans Parmalat.**

**Tansi var árið 2010 dæmdur í 18 ára fangelsi fyrir aðild að fjársvikum tengdum 14 milljarða evra (2.800 milljarða króna) gjaldþroti Parmalat árið 2003. Áfrýjunardómstóllinn stytti dóminn um tvo mánuði. Tansi var í aðskildu máli sem rekið var í Mílanó dæmdur í átta ára fangelsi fyrir markaðsbrask.** **- óká**

# Gengur gegn EES-samningi að banna gengistryggð lán

**ESA segir bann við gengistryggingu lána í íslenskum krónum setja hömlur á endurfjármögnun lánastofnana í erlendri mynt. Hefur þó ekki áhrif á endurútreikninga gengistryggðra lána. Stjórnvöld munu svara.**

**UTANRÍKISMÁL** ESA, eftirlitsstofnun EFTA, hefur sent íslenskum stjórnvöldum formlegar athugasemdir vegna allsherjarbanns við gengistryggingu lána í íslenskri mynt. Lögum var breytt í þá veru í kjölfar dóms Hæstaréttar um ólögmæti gengistryggðra lána árið 2010. Stofnunin segir þetta ganga gegn EES-samningnum.



**STEFÁN MÁR STEFÁNSSON**



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**

Meginathugasemd ESA er að þetta fæli fjármálastofnanir frá því að fjármagna lán sín í öðrum myntum en íslenskri krónu. Allsherjarbann við slíkri tengingu sé ekki réttlætanlegt og hægt sé að ná fram neytendavernd á annan máta. Stofnunin tekur fram að álitið hafi ekki áhrif á endurútreikninga gengistryggðra lána eða gjaldeyrishöft.

Steingrímur J. Sigfússon, ráðherra efnahagsmála, segir að ESA viðurkenni hugmyndafræðina á bak við lögin. Stofnunin telji hins vegar að altækt bann gangi of langt.

„Nú höfum við tvo mánuði til að bregðast við, rökstyðja lögin og eftir atvikum taka til varna eða boða viðbrögð sem þyrfti að grípa til.“

Hann vill ekki fara mikið út í það hvaða breytingar það hefði í för með sér, yrði Ísland að fara eftir álitinu. „Það kann að vera að við þyrftum að gera einhverjar breytingar og aðgreina betur einstaklinga og lögaðila, en ég vil ekki fara mikið út í það.“

Stefán Már Stefánsson, prófessor í lögfræði við Háskóla Íslands, segist mjög ósammála túlkun ESA. Hann segir bannið á engan hátt snúa að fjármagnsflutningum á milli landa. „Þetta fjallar einfaldlega um hvort tengja megi verðgildi íslensku krónunnar við aðra gjaldmiðla.“ Hann býst því ekki við að þetta hafi mikil áhrif hér á landi.

Bréfið frá ESA er svokölluð formleg athugasemd (e. Letter of Formal Notice). Sé stofnunin ósátt við svarbréf Íslendinga getur hún sent rökstutt álit (e. Reasoned Opinion) sem Íslendingar fá rúm til að svara. Sé það svar ekki tekið til greina gæti málið endað fyrir EFTA-dómstólnum. **kolbeinn@frettabladid.is**



**BÍLAHAF** ESA viðurkennir að neytendasjónarmið geti verið fyrir banni gengistryggingu lána í íslenskri mynt. Það bann megi þó ekki vera algilt. Fjöldi slíkra lána var veittur vegna bílakaupa. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Neytendaverndin viðurkennd

ESA viðurkennir að réttlætanlegt geti verið að takmarka aðgang neytenda að gengistryggðum lánum í íslenskum krónum, enda séu lántakendur yfirleitt með tekjur í íslenskum krónum og séu því mjög viðkvæmir gagnvart gengissveiflum erlendra gjaldmiðla. Þá telur stofnunin að óvíst sé að neytendur hafi nægilega þekkingu til að takmarka þá áhættu. Steingrímur segir markmið laganna vera að draga úr því að einstaklingar og lögaðilar með tekjur í íslenskri mynt séu útsettir fyrir gengisáhættu.

„ESA viðurkennir hugmyndafræðina á bak við það að verið sé að verja þá gegn gengisáhættu. Hún telur hins vegar að altækt bann gangi of langt.“




PIPAR\TBWA • SÍA • 120981

Aksturshlið fyrir sumarhúsasvæði sem þú opnar með GSM-síma

Vönduð bómuhlið sem henta við íslenskar aðstæður, allt að 6 metrar á lengd. Stjórnstöð Öryggismiðstöðvarinnar getur vaktað hliðið, tekið á móti viðvörunarboðum og stýrt aðgangi.

ÖRYGGI VELFERÐ

Sími 570 2400 · oryggi.is

Stöndum vaktina allan sólarhringinn

ÖRYGGISMIÐSTÖÐIN

Toys"R"Us

IT DOESN'T GET BIGGER THAN THIS!




# 50 %

Afsláttur af öllum
**HLAUPAHJÓLUM**
frá fimmtudegi
til sunnudags
(26.–29.4.)

1/2 VERÐ
FRJÁLST VAL
**4.500**
SPARIÐ 4.499

211503
**HLAUPAHJÓL MEÐ NEISTUM**
Inniheldur tvö neistahylki.
Öryggisbúnaður seldur sér.
Venjulegt verð 8.999

Tilboðin gilda til og með 29.04.2012. VSK er innifalinn í verði.
Fyrirvarar eru gerðir vegna mögulegra prentvillna.




★ **AKUREYRI:** Glerártorg, sími 461 4500
★ **GRAFARVOGUR:** Blikastaðavegur, sími 585 0600
★ **KÓPAVOGUR:** Smáratorg, sími 550 0800

Réttarhöldin yfir Anders Behring Breivik

# Sér eftir látalátum við geðlækna

**Norski fjöldamorðinginn Anders Behring Breivik segist ekki lengur hafa áhyggjur af því að Norðmenn telji sig haldinn geðveilu. Frammistaða sín í réttarhöldunum hafi tekið af vafa um það. Útbjó handa sér nesti áður en hann hélt í drápsferðina.**

„Ég held að allir Norðmenn hafi séð að ég er ekki órökvís," sagði Anders Behring Breivik fyrir rétti í Ósló í gær. „Ég hef ekki svo miklar áhyggjur af því lengur."

Hann brosti þegar hann var spurður um það hvað hann teldi framtíðina bera í skauti sér fyrir hann sjálfan: „Það fer eftir ýmsu. Annað hvort verður krukkað í heilann á mér með efnafræðilegum aðferðum eða þá að ég fer í fangelsi fyrir lífstíð."

Réttarhöldin yfir Breivik hófust 16. apríl og eiga að standa yfir í níu vikur.

Í gær var athyglinni einkum beint að tveimur skýrslum geðlækna, sem metið hafa andlegt ástand mannsins. Niðurstaða fyrri skýrslunnar var sú, að hann væri vegna geðveilu ekki sakhæfur, en í seinni skýrslunni er komist að þeirri niðurstöðu að hann sé sakhæfur og því sé hægt að dæma hann til refsingar.

Sjálfur segist hann hafa talað með allt öðrum hætti við geðlæknana Sørheim og Husby, sem unnu fyrri skýrsluna, heldur en hann gerði þegar hann talaði við geðlæknana Tørrissen og Aspaas, sem gerðu seinni skýrsluna.

Í fyrri viðtölunum segist hann hafa verið með látalæti, verið fjálglegri í tali og dregið upp glansmynd af því sem hann var að gera: „Ég var mjög sjálfsöruggur þegar ég talaði við þá."

Síðar hafi hann áttað sig á því, að með þessu hafi hann gert mistök.

„Ég leit á viðtölin við þá sem kynningartækifæri, og kaus þess vegna að vera með látalæti," sagði hann. „Í auglýsingaskyni hélt ég að þetta væri það rétta, en það reyndust vera mistök."

Breivik reyndi að sýna fram á að hann væri ekki haldin neinum ranghugmyndum, heldur hefði hann vitað vel hvað hann var að gera þegar hann myrti 77 manns í Ósló og á Úteyju í sumar.

Hann neitar því til dæmis að hafa nokkurn tímann viljað verða kóngur. Hann neitar því líka að heyra raddir. Og hann neitar að Musterisriddararnir, samtök herskárra þjóðernissinna sem hann segist tilheyra, séu bara ímyndun í honum sjálfum.

„Þetta eru raunveruleg samtök," sagði hann og tók fram að lögreglan gæti ekki dregið þá ályktun að þau væru ekki til bara vegna þess að þau hafa ekki fundist.

„Með sömu rökum þá var ég ekki heldur til fyrr en 22. júlí," sagði hann. „Ég myndi ekki vilja vera talsmaður lögreglunnar þegar næsta árás verður gerð í Noregi. Því hún verður gerð."

Hann sagði í gær að það versta sem gæti komið fyrir pólitískan aðgerðasinna, eins og hann telur sjálfan sig vera, væri að lenda inni á geðsjúkrahúsi: „Það myndi ógilda allt sem maður stendur fyrir."



**ILLA FARINN** Eivind Dahl Thoresen, einn þeirra sem særðust illa í sprengjuárásinni í Ósló, mætir til réttarhaldanna í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Meðal annarra atriða sem fram komu við réttarhöldin í gær var að Breivik hefði smurt sér nesti áður en hann hélt af stað í drápsferð sína í sumar. „Ég útbjó bagettur með osti og skinku," sagði hann. „Ég hafði hugsað mér að borða þetta á Úteyju, en í staðinn drakk ég Red Bull." gudsteinn@frettabladid.is


„Ég geri eitthvað skemmtilegt fyrir mínar Aukakrónur"

**Næstum 30 þúsund manns** nota Aukakrónur til að kaupa allt frá matvælum til trygginga hjá tæplega 300 fyrirtækjum um land allt. Byrjaðu að safna Aukakrónum strax í dag.

Mánudagur » ÓB



Laugardagur



Fimmtudagur » Caruso



## Réttarhöld eða pólitískur vettvangur?

Norðmenn hafa verið gagnrýndir töluvert fyrir að hafa réttarhöldin yfir fjöldamorðingjanum Anders Behring Breivik opin fjölmiðlum. Með því fái hann tækifæri til að útskýra mál sitt og afla hugmyndum sínum fylgis. Réttarhöldin snúist þá upp í beint framhald af voðaverkunum, sem framin voru til þess að vekja athygli á málstað ofstækismanns.

„Það er alltaf hætta á því að einhver, sem ekki hefur kynnst áróðri öfgamanna, fái áhuga á honum og geti framið verknað sem varðar við lög," segir til dæmis Zbigniew Muszynski, yfirmaður hryðjuverkadeildar lögreglunnar í Póllandi.

Beatrice de Graaf, sérfræðingur í málefnum hryðjuverkamanna við rannsóknarstofnun í Hollandi, segir hins vegar að í Noregi hafi mönnum tekist að fara alveg rétt að.

„Það er ekki hægt að halda fjölmiðlum frá því að fjalla um réttarhöld af þessu tagi," segir hún. Með því að neita fjölmiðlum um að sýna sjónvarpsupptökur frá réttarhöldunum nema í mjög takmörkuðum mæli en leyfa þeim að skrifa jafnóðum um það sem fram fer, þá fær fólk vitneskju um brenglaðar skoðanir Breiviks án þess að honum takist að höfða beint til annarra öfgamanna.



**FRÁ RÉTTARSAL Í ÓSLÓ** Anders Behring Breivik ásamt verjanda sínum og lögreglumanni. NORDICPHOTOS/AFP


Miðvikudagur



Föstudagur » Eva



Það er auðvelt að safna.
Þú færð Aukakrónur fyrir:

Aukakrónur

» alla innlenda veltu af kreditkorti
» viðskipti við samstarfsaðila
» þjónustuþætti hjá Landsbankanum

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

Laugardagur



# neytendur
hagur heimilanna

**29 KRÓNUR** Kílóverð á 26% mjólkurosti hefur lækkað um 29 krónur á síðustu tveimur árum. Samkvæmt tölum Hagstofunnar var verðið 1.255 krónur árið 2009, en 1.226 krónur í fyrra.



**KOSTAR 115 KRÓNUR ALLS STAÐAR** Lítri af nýmjólk kostar það sama í öllum þeim búðum sem ASÍ kannaði í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Lægsta verðið er enn að finna í verslunum Bónuss:

## Nýmjólkin á sama verði í öllum búðum

Lægsta matvöruverð landsins er að finna í verslunum Bónuss, samkvæmt nýrri verðlagskönnun ASÍ. Matarkarfan kostaði 20.404 krónur í Bónus, en 24.680 krónur í verslun Nóatúns, þar sem hún var dýrust. Verðmunurinn er 4.276 krónur, eða um 21 prósent.

Eina varan í körfunni sem kostaði nákvæmlega það sama alls staðar, 115 krónur, var lítri af nýmjólk. Mesti verðmunur var á kílóverði á bönunum, sem voru dýrastir á 379 krónur í Hagkaup en ódýrastir á 129 krónur hjá Fjarðarkaupum. Verðmunurinn var því 194 prósent.

Einungis munaði 22 krónum á körfunni í Nóatún og Samkaupum-Úrvali. Fjarðarkaup var með næstódýrustu körfuna, þar sem hún kostaði 22.058 krónur, átta prósentum dýrari en hjá Bónus.

Matarkarfan samanstendur af 54 almennum neysluvörum til heimilisins, til dæmis mjólkurvörum, morgunkorni, grænmeti, kjöti og drykkjarvörum. Verð á matarkörfunni var kannað víðs vegar um landið í stórmörkuðum og lágvöruverðsverslunum á mánudaginn síðasta. Verslanirnar Kostur og Víðir neituðu sem fyrr þátttöku í könnuninni. **- sv**

### Meðganga
## Ráðleggingar um varasöm efni á grænn.is



Á vefnum grænn.is er að finna ráð fyrir ófrískar konur sem vilja lágmarka snertingu við varasöm efni dags daglega, að því er bent er á á vef Umhverfisstofnunar. Þar segir að sum þeirra efna, sem eru í ýmsum algengum neytendavörum, geti haft skaðleg áhrif á barnið. Ný rannsókn hafi leitt í ljós að konur ættu að reyna að minnka snertingu við þessi efni og þá sérstaklega efni sem sýnt hafa hormónaraskandi verkun.

### Hreinlætisvörur
## Rafhlöðutannbursti tekinn af markaði



Ó. Johnson & Kaaber ehf. hefur tekið rafmagnstannbursta af gerðinni Colgate 360° og Colgate Actibrush Whitening af markaði og úr sölu, að því er segir á vef Neytendastofu. Í örfáum tilvikum hefur rafhlöðulok á botni handfangsins skotist af vegna þrýstings sem myndast hefur eftir að rafhlöðum hefur verið skipt út fyrir þær sem koma með burstanum við sölu. Í stað þessara tannbursta verða markaðssettir tannburstar með loftgati á bakhlið handfangsins þannig að koma megi í veg fyrir að þrýstingur af þessu tagi myndist. Þar sem lítil hætta er talin á ferð er ekki um að ræða innköllun frá neytendum.



**Í KAUPMANNAHÖFN** Verslanir og veitingahús í Danmörku bæta við gjaldi ofan á reikning þeirra sem greiða með kreditkorti, að því er kemur fram á vefsíðunni danskebank.dk. NORDICPHOTOS/GETTY

# Dýrt að taka út fé í hraðbanka í útlöndum

**Það er dýrast að kaupa erlendan gjaldeyri í Leifsstöð og það er jafnframt dýrara að nota íslenskt kreditkort í hraðbönkum í útlöndum heldur en debetkort vegna lægra úttektargjalds á debetkortum. Eigendur sumra erlendra hraðbanka taka auk þess gjald fyrir úttektina.**

Á vefsíðu Landsbankans er bent á að á hverjum tíma séu í raun nokkrar ólíkar tegundir gengis í umferð. Almennt gengi er skráð kaup- og sölugengi í afgreiðslukerfum bankans en seðlagengi er kaup- og sölugengi á seðlum í útibúum bankans. Gengi á seðlum og kortafærslum er oftast nokkru hærra heldur en almennt gengi en bilið milli þeirra getur þó sveiflast nokkuð, að því er segir á vefsíðunni.

Það er þægilegt að hafa svolítið reiðufé meðferðis þegar haldið er utan. Þegar keyptur er ferðamannagjaldeyrir í Landsbankanum í Leifsstöð þarf að greiða 1% álag, að sögn Kristjáns Kristjánssonar upplýsingafulltrúa. Hann getur þess að útibúið í Leifsstöð sé opið allan sólarhringinn allt árið og skýri rekstrarkostnaðurinn álagið. Ferðamenn þurfa þá að meta hvort ferð í banka áður en haldið er til Keflavíkur borgi sig.

Það getur verið dýrt að taka út fé úr hraðbanka erlendis með íslenskum kreditkorti. Kjörin ráðast af tegund kortsins og viðskiptabanka og er úttektargjaldið frá tæpum 3% upp í 4,5% af upphæðinni.

Lágmarksþóknunin er oftast tæplega 700 krónur og þess vegna getur það verið dýrt að taka út lágar upphæðir.

Ódýrara er að nota debetkort en kreditkort í hraðbönkum erlendis þar sem úttektargjaldið er lægra. Hafa ber í huga að eigendur sumra erlendra hraðbanka taka jafnframt gjald fyrir úttektina. **ibs@frettabladid.is**




Neytendasamtökin sendu stjórnvöldum erindi:

## Merkja verður saltrík matvæli

Neytendasamtökin hafa hvatt stjórnvöld til þess að fara að fordæmi Finna sem skylda framleiðendur til að merkja sérstaklega saltrík matvæli og ekki bara unnar kjötvörur eins og skylda er hér. „Fari saltið yfir ákveðið magn hjá finnskum framleiðendum verður að setja nokkurs konar „varúðarmerkingu“ á vöruna,“ segir Brynhildur Pétursdóttir, fulltrúi hjá Neytendasamtökunum.

Hún segir neytendum á Íslandi beinlínis gert mjög erfitt fyrir að sjá saltmagn í matvöru en rannsóknir hafa leitt í ljós að bæði fullorðnir og börn borða meira af salti en ráðlegt er. „Opinberar ráðleggingar snúast um grömm af salti en á merkingum matvæla er talað um natríum. Neytendur þurfa því að margfalda natríummagnið sem gefið er upp með 2,5 til að fá út saltmagnið.“

Að sögn Brynhildar sendu Neytendasamtökin erindi um þessi mál fyrir einu og hálfu ári til þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. „Við höfum enn ekkert svar fengið. Það er ekki að sjá að þessi vanmerking á umbúðum eða ofneysla á salti valdi stjórnvöldum neinum áhyggjum.“ **- ibs**



**SALTRÍKUR MATUR** Mikið magn salts er oft í ostum.


Fuel For Life
DENIM COLLECTION
DIESEL
FUEL FOR LIFE
75 ML
DENIM COLLECTION
DIESEL
kynning
26. apríl - 2. maí
í verslunum
HAGKAUPS
USE WITH CAUTION
DIESEL
THE NEW SEXY FRAGRANCE
FOR HIM & FOR HER
DIESEL
FUEL FOR LIFE
*Meðan birgðir endast
Kaupaukinn þinn* þegar þú kaupir
50 eða 75 ml Diesel Denim dömu- eða herrailm.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

298 KR. 250 GR
SFG KIRSUBERJA TÓMATAR

298 KR. 250 GR
SFG KONFEKT TÓMATAR

479 KR. 1 KG.
SFG TÓMATAR I KG.

98 KR. KG
STÓR LAUKUR

129 KR. KG
FRANSKAR HVÍTAR KARTÖFLUR

139 KR. STK
SFG AGÚRKA 350G

359 KR. 200G
SPÍNAT 200G

129 KR. KG
HOLLENSKT HVÍTKÁL

195 KR. KG
GUL MELÓNA

195 KR. KG
RAUÐ VATNSMELÓNA

298 KR. 75G
KLETTASALAT 75G

195 KR. KG
PERUR Í LAUSU

195 KR. KG
APPELSÍNUR Í LAUSU

279 KR. KG
SÆTAR KARTÖFLUR

498 KR. 50 G
FERSKAR KRYDDJURTIR 50G

298 KR. 1 KG.
VALDAR DANSKAR GULRÆTUR

498 KR. 1 KG
EUROSHOPPER FROSIN BERJABLANDA I KG.

NÚ ER SVO AUÐVELT AÐ GERA GÓÐA HEILSU-DRYKKI HEIMA

498 KR. 1,2 KG
FROSIN JARÐARBER 1.2 KG.

498 KR. 1 KG
FROSNIR MANGÓBITAR I KG.

498 KR. 1 KG
FROSNIR ANANASBITAR I KG.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

PYLSA Í BRAUÐI MEÐ STEIKTUM OG TÓMATSÓSU **HEFURÐU VITAÐ ÞAÐ BETRA ?**

**359** KR. 480 G
IO STK. BÓNUS VÍNARPYLSUR

**198** KR. 240 G
5 STK. BÓNUS VÍNARPYLSUR

**159** KR. 5 STK.
5 STK. BÓNUS PYLSUBRAUÐ

**639** KR. 560 G
SS PYLSUR IO STK.

**198** KR. 220 G
KF MEXICO PYLSUR

**198** KR. 680 G
HUNTS TÓMATSÓSA

**98** KR. 200 G
EUROSHOPPER
STEIKTUR LAUKUR

FROSNIR
AÐEINS 170 KR. STK

**1698** KR. 10 STK.
IO STK. STÓRIR I2O GR.
NAUTAHAMBORGARAR

**159** KR. 4 STK.
BÓNUS STÓR
HAMBORGARABRAUÐ

**195** 2 LTR

**195** 2 LTR

**95** 500 ml

NAUTAVEISLU 4 FERSKIR 80 GR.
NAUTAHAMBORGARAR MEÐ BRAUÐI

**595** KR. PK.

FERSKUR 80 GR.
NAUTAHAMBORGARI Í
BRAUÐI Á AÐEINS 149 KR.

OPNUM KLUKKAN ELLEFU

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

**11,6** **MILLJARÐAR BANDARÍKJADALA** var hagnaður Apple á fyrsta ársfjórðungi ársins og hefur aldrei verið meiri. Hlutabréfaverð fyrirtækisins hækkaði verulega eftir að ársfjórðungsuppgjör þess var birt.

Viðræður við lífeyrissjóði og Norðurál um fjármögnun:

## Opnað fyrir viðræður um Hverahlíðarvirkjun

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) veitti í gær Bjarna Bjarnasyni, forstjóra OR, umboð til viðræðna við fulltrúa lífeyrissjóðanna og Norðuráls um samning sem fæli í sér að stofnað yrði sérstakt fyrirtæki, með þátttöku OR, um byggingu Hverahlíðarvirkjunar. Þá myndi fyrirtækið selja orku til Norðuráls vegna álvers í Helguvík að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

OR hefur í nokkur ár undirbúið virkjun á Hellisheiði við rætur Hverahlíðar. Erfið skuldastaða fyrirtækisins hefur hins vegar komið í veg fyrir að fyrirtækið gæti staðið eitt að fjármögnun verkefnisins.

Stjórn OR hefur síðustu mánuði haft til skoðunar hvort leggja eigi í gerð virkjunarinnar með svokallaðri verkefnafjármögnun. Hefur stjórnin nú veitt forstjóra umboð til að leggjast í viðræður við lífeyrissjóðina og Norðurál á þeim forsendum.

Náist samningar verður fyrirtækið í kringum virkjunina að stærstum hluta í eigu lífeyrissjóðanna og myndi OR og eigendur hennar ekki gangast í ábyrgðir vegna lána sem tengjast verkefninu. OR myndi hins vegar sjá um byggingu og rekstur virkjunarinnar samkvæmt samningi þar að lútandi.

- mþl

# Erlendir og innlendir vilja Magma-bréf

**Sérleyfi Alterra á að kaupa Magma-skuldabréf Reykjanesbæjar, sem er bókfært á 5,9 milljarða, er liðið. Nokkrir aðilar hafa lýst yfir áhuga. Ef það selst mun fjórðungur af söluandvirðinu fara til Reykjaneshafnar í formi víkjandi láns.**

Einn erlendur aðili og nokkrir innlendir aðilar, að mestu leyti lífeyrissjóðir, eru á meðal þeirra sem nú skoða að kaupa svokallað Magma-skuldabréf af Reykjanesbæ, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Niðurstaða í málinu gæti legið fyrir á allra næstu vikum.

Alterra, sem áður hét Magma, undirritaði viljayfirlýsingu um að kaupa bréfið, sem félagið gaf sjálft út, 8. september í fyrra og fékk 160 daga til að ganga frá því. Sérleyfi Alterra á kaupunum samkvæmt viljayfirlýsingunni rann út um miðjan febrúar og var ekki endurnýjað.

Reykjanesbær eignaðist umrætt skuldabréf þegar hann seldi Geysi Green Energy hlut sinn í HS Orku sumarið 2009 og það er langstærsta seljanlega eign sveitarfélagsins. Bókfært virði þess samkvæmt ársreikningi sveitarfélagsins fyrir árið 2011 var 5,9 milljarðar króna um síðustu áramót. Það er á gjalddaga 2016 og afborganir á því eru litlar fram að þeim tíma. Skuldabréfið ber 3,5% vexti, höfuðstóll þess er verðtryggður og bundinn við vísitölu álverðs. Í ársreikningnum segir að „ef skuldabréfið er framreiknað miðað við álverð í árslok 2011 væri höfuðstóllinn 7.906,8 milljónir króna sem væri með núvirðingu 7.370,9 milljónir króna en vegna varúðarsjónarmiða hefur sú hækkun ekki verið færð“.

Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, staðfestir að bæjarstjórnin hafi leitað til nokkurra fjármálafyrirtækja með það fyrir augum að selja bréfið öðrum en Alterra eftir að sérleyfi þeirra rann út. Á meðal þeirra eru Íslandsbanki og Virðing.

Hann segir bæjarstjórnina vera að ræða ýmsar leiðir í málinu. „Það eru aðilar áhugasamir um kaup á bréfinu. Það eru ýmsar leiðir í því. Það eru allir mjög bjartsýnir á að þetta sé mjög gott bréf. Það eru nokkrir aðilar að skoða sölu á því fyrir okkur.“

Ásgeir Margeirsson, einn aðstoðarforstjóra Alterra, segir félagið ekki útiloka að kaupa bréfið þó að sérleyfi þess á þeim kaupum hafi runnið út. Ef viðeigandi lausn finnist þá geti kaupin enn gengið eftir.

Reykjanesbær er í ábyrgð fyrir gríðarlegum skuldum Reykjaneshafnar. Í endurskipulagningu á skuldum hafnarinnar í fyrra skuldbatt Reykjanesbær sig til að hlíta nokkrum skilmálum sem tilgreindir eru í ársreikningi bæjarins. Á meðal þess sem þar kemur fram er að „ef Reykjanesbær selur, eða veðsetur eignarhlut sinn í HS Veitum hf. og/eða fær greitt af skuldabréfi útgefnu af Magma Energy Sweden A.B. þá fær Reykjaneshöfn 25% af þeim fjárhæðum í formi víkjandi láns frá Reykjanesbæ“.

thordur@frettabladid.is



**ÚTRUNNIÐ** Alterra, sem áður hét Magma, var með sérleyfi á því að kaupa skuldabréfið. Það rann út í febrúar og var ekki endurnýjað. Ross Beaty er stjórnarformaður Alterra og Ásgeir Margeirsson er einn aðstoðarforstjóra félagsins.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Óvissa um rekstrarhæfi Reykjanesbæjar

Í ársreikningi Reykjanesbæjar fyrir árið 2011, sem var undirritaður 12. apríl síðastliðinn, kemur fram að rekstrartap sveitafélagsins nam 653,7 milljónum króna. Í fjárhagsáætlun hafði verið gert ráð fyrir hagnaði upp á 670 milljónir króna. Þorri tapsins er vegna Reykjaneshafnar, eða um 558 milljónir króna. Endurskoðendur Reykjanesbæjar segja að „nokkur óvissa er um virði einstakra eigna Reykjanesbæjar auk þess sem sveitarfélagið á í lausafjárvanda og því er ákveðin óvissa um rekstrarhæfi bæjarsjóðs“.

Heildarskuldir samstæðu Reykjanesbæjar eru 41,2 milljarðar króna. Þar af eru 25,8 milljarðar króna beinar skuldir bæjarsjóðs. Skuldir samstæðunnar lækkuðu um rúma tvo milljarða króna í fyrra en skuldahlutfall hennar, sem mælir heildarskuldir á móti rekstrartekjum, er 230%. Í viðmiðum sveitarstjórnarlaga segir að skuldirnar megi ekki vera meiri en 150% af árstekjum.

Í ársreikningnum er þó ýmislegt annað en salan á Magma-bréfinu tilgreint sem á að hjálpa til að laga þetta hlutfall. Þar segir meðal annars að unnið sé að „sölu á 15% hlut Reykjanesbæjar í HS Veitum hf.“ og að stjórnendur sveitarfélagsins séu „í viðræðum við lánastofnanir varðandi endurfjármögnun langtímalána sem eru á gjalddaga á árinu 2012“. Samtals eru rúmir tveir milljarðar króna af skuldum samstæðunnar á gjalddaga í ár.

Arion banki endurfjármagnaði skuldir móðurfélags Skeljungs í febrúar:

# Skeljungur mögulega á markað

Skeljungur hf. hagnaðist um 629 milljónir króna á árinu 2011, sem er um 200 milljónum krónum minna en árið áður. Rekstrarhagnaður félagsins fyrir afskriftir og fjármagnsliði var 1,7 milljarðar króna og jókst um 754 milljónir króna milli ára. Þetta var tilkynnt á aðalfundi Skeljungs sem fór fram síðastliðinn mánudag. Skeljungur keypti 34% hlut í færeyska félaginu P/F Magn, sem á og rekur bensínstöðvar og dreifir olíu í Færeyjum, í mars 2012. Í tilkynningu frá félaginu segir að markmiðið með þessum viðskiptum sé að stuðla „að vexti félagsins, auka verðgildi þess og jafnframt að gera það að áhugaverðari fjárfestingarkosti, m.a. vegna mögulegrar skráningar félagsins á Nasdaq OMX á Íslandi“.

Skeljungur seldi vörur fyrir 31,6 milljarða króna í fyrra. Það er aukning um 5,2 milljarða króna frá árinu áður. Heildarskuldir félagsins voru 8,8 milljarðar króna og eigið fé þess 3,7 milljarðar króna. Stærstu eigendur Skeljungs eru Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir og Guðmundur Örn Þórðarson með samtals 94,7% eignarhlut.

Í tilkynningu vegna aðalfundarins segir að „mikil umbreyting hefur átt sér stað á rekstri og efnahag Skeljungs á undanförnum árum [...] Nettó vaxtaberandi skuldir þess eru kr. 4.882 millj. Og hafa lækkað um kr. 6.980 millj. síðan að núverandi eigendur komu að rekstrinum haustið 2008“.




**ENDURFJÁRMÖGNUN** Móðurfélag Skeljungs greiddi upp allar skuldir sínar við Íslandsbanka í febrúar með endurfjármögnun frá Arion banka.

Þar kemur einnig fram að Arion banki hafi endurfjármagnað skuldir móðurfélags Skeljungs í febrúar og að félagið hafi við það greitt upp allar skuldir sínar við þáverandi viðskiptabanka, Íslandsbanka. Samkvæmt tilkynningu til fyrirtækjaskráar var hlutafé Skeljungs hækkað um 142 milljónir króna á sama tíma. Hjá Skeljungi starfa 250 manns og félagið starfrækir 67 bensínstöðvar.

-þsj

ÍSLANDSSTOFA
PROMOTE ICELAND




**David Gardner, ritstjóri alþjóðamála hjá Financial Times,** verður aðalræðumaður á opnum aðalfundi Íslandsstofu.

Erindi hans mun fjalla um hvernig aðrar smærri þjóðir hafa tekist á við og unnið sig út úr efnahagsþrengingum og samdrætti.

**Friðrik Pálsson**, formaður stjórnar setur fundinn,
**Össur Skarphéðinsson**, utanríkisráðherra ávarpar gesti og
**Jón Ásbergsson**, framkvæmdastjóri Íslandsstofu fer yfir starf liðins árs.

Þá verða sýnd ný myndbrot þar sem nokkur framsækin fyrirtæki kynna starfsemi sína og framtíðarsýn.

**Að fundi loknum kl. 12.30 verður boðið upp á veitingar.**

Fundarstjóri er **Vilborg Einarsdóttir**, framkvæmdastjóri Mentors.

Vinsamlegast skráið þátttöku á **islandsstofa@islandsstofa.is** eða í síma **511 4000.**

www.islandsstofa.is

PIPAR\TBWA - SÍA - 121287

# -7 kr.

## af lítranum í dag

# OG

## fjórfaldir Vildarpunktar Icelandair

### hjá ÓB og Olís




**Í dag, 26. apríl, er 7 króna afsláttur** af eldsneytislítranum til ÓB-lykilhafa – og hvorki meira né minna en **fjórfaldir Vildarpunktar Icelandair** þar ofan á. **Afslátturinn er bæði á ÓB- og Olís-stöðvum og gildir einnig fyrir Staðgreiðslukort Olís.**

**Sæktu um ÓB-lykil núna á ob.is.**



ICELANDAIR SAGA CLUB



ÓB

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Fýla, barnaskapur og hnútukast á Alþingi:

## Af stjórnmála-menningarástandi

*Alþingi ályktar að brýnt sé að starfshættir þingsins verði teknir til endurskoðunar. Mikilvægt sé að Alþingi verji og styrki sitt grundvallarhlutverk.*

*Alþingi ályktar að taka verði gagnrýni á íslenska stjórnmálamenningu alvarlega og leggur áherslu á að af henni sé dreginn lærdómur.*

*Alþingi ályktar að skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis sé áfellisdómur yfir stjórnvöldum, stjórnmálamönnum og stjórnsýslu, verklagi og skorti á formfestu.*

Þetta stóð í ályktun um viðbrögð Alþingis við skýrslu rannsóknarnefndarinnar, sem allir 63 alþingismennirnir okkar samþykktu samhljóða 28. september 2010. Í sömu ályktun var ákveðið að ráðast í endurskoðun á þingsköpum Alþingis.

Þrátt fyrir góð áform og heitstrengingar virðist lítið hafa breytzt í störfum þingsins. Fréttablaðið sagði frá því í gær að rétt eina ferðina ríkti óvissa um þingstörfin. Engar horfur eru á að takist að afgreiða vel á annað hundrað þingmál ríkisstjórnarinnar fyrir sumarleyfi þingsins í maílok og þingið er enn og aftur farið að funda fram á nætur, án þess þó að fjöldi mála komist til meðferðar í þingnefndum.


SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is




Framundan eru því – enn einu sinni – enn fleiri næturfundir, enn fleiri nefndarfundir í tímahraki, enn fleiri mistök við meðferð þingmála og væntanlega líka nokkrar málþófsumræður þar sem þingmenn bulla eða lesa upp úr símaskránni.

Svo kenna menn hver öðrum um eins og krakkar í sandkassa og hafa kannski eitthvað til síns máls. Stjórnarþingmenn segja stjórnarandstöðuna beita málþófi þannig að mál komist ekki til nefndar. Stjórnarandstaðan bendir á að stjórnin hafi hrúgað tugum mála inn í þingið rétt fyrir skilafrest og eigi sjálf í mesta basli með að forgangsraða þeim.

Nú er búið að breyta þingsköpunum; það gerðist í fyrrahaust. Breytingarnar áttu meðal annars að stuðla að skilvirkari og faglegri vinnubrögðum með því að knýja stjórnina til að skila inn þingmálum með lengri fyrirvara þannig að „þingmönnum gefist gott ráðrúm til að taka þau til faglegrar skoðunar, upplýstrar málefnalegrar umræðu og afgreiðslu“ eins og það var orðað í greinargerð með frumvarpinu.

Þetta hefur greinilega ekki dugað. Hver er þá vandinn? Þarf að breyta þingsköpunum meira, eða er vandamálið kannski frekar stjórnmálamennirnir sjálfir og stjórnmálamenningin svokallaða?

Í Fréttablaðinu í gær var haft eftir heimildarmönnum á þingi að andrúmsloftið á löggjafarsamkundunni væri „við frostmark“ og dómur Landsdóms hefði ekki bætt þar úr skák. Hvernig geta kjörnir fulltrúar okkar leyft sér að vera bara í fýlu og marklitlu hnútukasti hver við annan þegar mörg brýn hagsmunamál þjóðarinnar krefjast úrlausnar? Þeir eiga að koma sér upp úr hinum gömlu skotgröfum stjórnar og stjórnarandstöðu, fullorðnast og snúa sér í sameiningu að „faglegri skoðun“ og „upplýstri, málefnalegri umræðu“. Upp á hvort tveggja vantar sárlega á Alþingi þessa dagana.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871







## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ósáttur við andstöðuna

Magnúsi Orra Schram, þingflokksformanni Samfylkingarinnar, var heitt í hamsi í ræðustól í gær. Hann sagði frá fundi sem hann sat fyrr um daginn, en á honum hefðu fulltrúar Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks hvorugur getað lýst yfir stuðningi við fyrirhuguð Vaðlaheiðargöng eða byggingu nýs Landspítala. Taldi hann að stjórnarandstaða sem reglulega skammaði ríkisstjórn fyrir að draga lappirnar í atvinnumálum bæri að samþykkja atvinnuskapandi verkefni. „Ætla þeir að styðja okkur í ríkisstjórninni við að ráðast í framkvæmdir upp á rúmlega 50 milljarða króna á næstu misserum eða ætla menn að reyna að stöðva þessi mál á vettvangi Alþingis?“



### Ekki komnir með málið

Orð Magnúsar Orra vöktu úlfúð og frammíköllum rigndi yfir hann. Höskuldur Þórhallsson, þingmaður Framsóknarflokksins, undraðist málflutninginn. Súrt væri að heyra að stjórnarandstaðan væri þegar farin að tefja byggingu nýs Landspítala, sérstaklega þar sem málið væri ekki komið inn á þing.



### En hvað með meirihlutann?

Kollegi Höskuldar, Ásmundur Einar Daðason, taldi lélegt hjá Magnúsi Orra að kenna stjórnarandstöðunni um töf mála, hún hlyti að geta notað meirihluta sinn til að vinna að sínum málum. „Það er meirihluti í þessu landi, það er meirihluti hér á Alþingi,“ sagði Ásmundur. Þykja það nokkur tíðindi að hann telji ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur njóta meirihlutastuðnings í landinu.

**kolbeinn@frettabladid.is**

## HALLDÓR




# Nýr LSH fyrir alla


Nýr Landspítali

Siv Friðleifsdóttir

alþingismaður




Stjórnvöld hafa um langt skeið undirbúið byggingu nýs Landspítala-háskólasjúkrahúss(LSH). Undirbúningi hefur verið stýrt og ýtt áfram af ráðherrum Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks, Vinstri grænna og nú Samfylkingar.

Um byggingu nýs spítala hefur því ríkt þverpólitísk samstaða. Borgarstjórn hefur einnig komið að vinnunni með margvíslegum hætti að ógleymdu starfsfólki spítalans. Mikil umræða hefur átt sér stað á undanförnum árum um staðsetningu spítalans og stærð. Nefndir hafa verið skipaðar til að endurskoða báða þessa þætti og varð niðurstaðan sú að hagkvæmast og réttast er að byggja spítalann við Hringbraut, en við endurmat vorið 2009 var verulega dregið úr stærðinni og uppbyggingunni skipt í áfanga. Verkefnið byggir á lögum nr. 64/2010 og viljayfirlýsingu við 25 lífeyrissjóði frá haustinu 2009 og markviss skref hafa verið tekin síðustu ár í undirbúningi. Okkur ætti því ekki að vera neitt að vanbúnaði.

> Þrátt fyrir allan undirbúninginn heyrast ýmsar úrtöluraddir við og við.

Þrátt fyrir allan undirbúninginn heyrast ýmsar úrtöluraddir við og við. Ein slík segir að það sé rangt að nota fjármagn í nýjan LSH þegar skorið er niður til sjúkrahússtarfsemi á landsbyggðinni. Benda má á í þessu sambandi að niðurskurðurinn á LSH hefur líka verið umfangsmikill. Aðalatriðið er þó að með nýjum LSH má hagræða verulega í rekstri spítalans, um allt að 2,7 milljarða á ári, en nýleg norsk hagkvæmniathugun sýndi fram á þær tölur. Munar um minna því rekstur sjúkrahúss er aðalatriðið í kostnaði ríkisins en ekki byggingarkostnaður. Segja má að skelin kosti nánast ekkert í heildarsamhengi miðað við launakostnað, lyfjakostnað og annað slíkt. Það blasir því við að mun líklegra er að nýr LSH, þar sem rekstrarkostnaður er lægri, minnki þrýsting á að herða ólina að sjúkrahúsþjónustu um allt land, heldur en hið gagnstæða eins og úrtölumenn hafa haldið fram. Það er því öllum í hag að nýr LSH rísi, nýtt og stækkað þjóðarsjúkrahús við Hringbraut.

Munar um minna því rekstur sjúkrahúss er aðalatriðið í kostnaði ríkisins en ekki byggingarkostnaður.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Kappræða – rökræða

Landsdómur

Sigurður Líndal
prófessor við Háskólann á Bifröst



Viðbrögð Geirs H. Haarde við dómi Landsdóms hafa verið mótsagnakennd. Ýmist hrósar hann sigri eða hellir úr skálum reiði sinnar yfir meirihluta dómsins. Reiðilestur hans er þó öllu fyrirferðarmeiri.

Nú var hann sakfelldur fyrir að hafa af stórfelldu gáleysi látið farast fyrir að halda ráðherrafundi um mikilvæg stjórnarmálefni, svo sem boðið er í 17. gr. stjórnarskrárinnar, og telur sig af þeim sökum finna pólitískan þef af störfum dómsins. Síðan víkur hann nánar að því sem hann var sakfelldur fyrir:

„Þetta smáatriði er formsatriði, það er svokallað formbrot. Og ég leyfi mér að segja við ykkur strax að sá dómur er fáránlegur og reyndar aðeins meira en það; hann er sprenghlægilegur.“

Og heldur hann áfram:

„Að menn skuli teygja sig svo langt til þess með einhverjum hætti að draga þann hluta þingsins sem stóð að þessu máli að landi, þar finnst mér ansi langt seilst. Og ég viðurkenni að ég er reiður yfir því. Ég tel að þetta sé fáránlegur dómur, algjörlega fáránlegur.“ Og enn lætur hann þessi orð falla:

„Ég lýsti því yfir þegar mál þetta var dómtekið, og á fyrri stigum málsins, að ég bæri fullt traust til Landsdóms. Nú er orðið ljóst að meirihluti hans reis ekki undir því trausti. Það er ljóst að pólitísk sjónarmið laumuðu sér inn í réttinn.“

Þegar þessi viðbrögð eru metin er rétt að hafa í huga að orðræða fyrir dómi á að vera rökræða og niðurstaða dóms rökbundin. Í samræmi við þetta á umræða um dómsmál að vera rökræða, jafnt í fræðaskrifum sem fjölmiðlaumfjöllun ætlaðri almenningi. Kappræðan einkennir stjórnmálin, jafnt innan þings sem utan, og niðurstaða ræðst ekki síður af pólitísku mati en rökvísi.

Í framangreindum orðum sínum hefur Geir kappræðuna að leiðarljósi. Hann brigslar meirihluta dómenda um að hafa látið undan pólitískum þrýstingi með því að sakfella fyrir „smávægilegt“ formbrot þegar sýknað var af öðrum ákæruliðum og freista þess þannig að rétta hlut þeirra sem að ákærunni stóðu eftir að þeim hafði orðið lítið ágengt.

En hér fellur Geir í þá gryfju að nota rök gegn dómendum í stað þess að tefla fram rökum gegn niðurstöðu þeirra. Hann býr sér til forsendur um hugarfar þeirra í því skyni að gera þá fyrirfram tortryggilega og þegar af þeirri ástæðu standist niðurstaða þeirra ekki. Þetta er í rökfræðinni kallað rök gegn manni en ekki málefni (argumentum ad hominem) og er skóladæmi um rökþrot. Með því er máli drepið á dreif og orðræðan verður merkingarlaus.

En viðbrögð Geirs hafa víðari skírskotun. Þau varpa nokkru ljósi á pólitíska umræðu í þjóðfélaginu nú um stundir sem einkennist sífellt meira af merkingarleysi. Og smám saman einangrast hún frá öllum veruleika og því lífi sem lifað er í landinu. Hætt er við að hæfileikafólk kjósi sér annan starfsvettvang en stjórnmál og atgervisflótti verði – ef hann er þá ekki þegar hafinn.

# Bráðnauðsynlegt: Jafnræði í sjávarútvegi

Sjávarútvegsmál

Mörður Árnason
alþingismaður



Við Valgerður Bjarnadóttir höfum á Alþingi lagt fram breytingartillögu sem ætlað er að tryggja jafnræði og afnema í áföngum forræði tiltekinna útgerðarmanna á veiðiheimildum. Við gerum ráð fyrir tuttugu ára aðlögunartíma þar sem útgerðir fái í sinn hlut verulegan hluta af andvirði þeirra heimilda sem þær láta af hendi en borga veiðigjald af öllum heimildum. Að loknum þessum tíma ræðst arður almennings af auðlindinni af viðskiptum á virkum markaði þar sem þó er hægt að taka tillit til byggðahagsmuna. Við teljum tillögu okkar mikilvæga viðbót við stjórnarfrumvörpin um fiskveiðistjórnun, sem við styðjum í megindráttum.

Í þessum frumvörpum felast mikilvæg framfaraskref. Mestu skiptir að þar er kveðið afdráttarlaust á um að þjóðin eigi sjávarauðlindina í sameiningu, og að fyrir afnot þeirra skuli koma fullt gjald.

### Jafnræði

Helsti galli þeirra er sá að þar virðist staðfest að þeir sem nú hafa undir höndum heimild til nýtingar aflahlutdeildar geta búið áfram að sífelldum forgangi til nýtingar. Ákvæði um leigupott og strandveiðar virðast ekki hnekkja þessum forgangi enda enginn hvati byggður inn í frumvarpið til að útgerðarmenn sem fá sjálfkrafa nýtingarleyfi til tuttugu ára með framlengingarrétti færi sig yfir í leigupott með uppboðsfyrirkomulagi.

Jafnræði til að sækja sjó er því ekki tryggt með frumvarpinu um fiskveiðistjórn, og óvíst að það standist skoðun Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna á grundvelli hins fræga álits hennar frá 24. október 2007.

Tilgangur breytingartillagnanna er að koma á jafnræði útgerðarfyrirtækja til aðgangs að langtímaveiðirétti og skapa sjávarútveginum þjálar starfsaðstæður og leikreglur sem haldast í grunninn samar að 20 árum liðnum.

> Með breytingartillögunum eru skilyrðin í áliti Mannréttindanefndar SÞ uppfyllt með sanngirni og undir merkjum meðalhófs.

### Tuttugu ára aðlögun

Í þessu skyni er gert ráð fyrir að gefin verði út nýtingarleyfi til einstakra útgerða á grundvelli þeirra aflahlutdeilda sem þær hafa nú. Leyfin verði afmörkuð í 20 hluti og verði stysta leyfið til eins árs en það lengsta til 20 ára. Ári eftir gildistöku kerfisins koma því fyrstu leyfin til endurráðstöfunar og stöðugt og jafnt eftir. Ný nýtingarleyfi í stað þeirra útrunnu verða afmörkuð og boðin til leigu á kvótaþingi til 20 ára. Til að veita eðlilegan aðlögunartíma að breytingum er reiknað með ívilnun til útgerða þeirra skipa sem í upphafi fá leyfi til að nýta aflahlutdeild. Þessi skip skulu fá 90% af því endurgjaldi sem fæst fyrir þau leyfi sem leigð verða út í staðinn á kvótaþingi.

Afraksturinn rennur til þjóðarinnar með sölu heimilda á kvótaþingi, þar sem hægt er að taka ákveðið tillit til byggðahagsmuna. Þar til þetta kerfi er að fullu komið á þarf þó að notast við veiðigjald til að tryggja eigandanum eðlilega rentu af auðlindinni.

Með þeirri leið sem hér er lýst yrði öllum langtímaveiðirétti komið fyrir í nýtingarleyfum sem endurúthlutað er með stöðugu framboði á kvótaþingi. Framtíðarfyrirkomulagið færi strax að virka. Það tryggði jafnræði í greininni og eðlilega verðmyndun á nýtingarleyfunum.

Þessar tillögur, sem byggjast á hugmyndum Jóhanns Ársælssonar, fyrrverandi alþingismanns, opna nýliðum leið inn í greinina og tryggja fullt jafnræði við úthlutun nýtingarsamninga að loknum 20 ára aðlögunartíma. Með breytingartillögunum eru skilyrðin í áliti Mannréttindanefndar SÞ uppfyllt með sanngirni og undir merkjum meðalhófs.



# Afnám gjaldeyrishafta með upptöku Ríkisdals

Gjaldeyrishöft

**Guðmundur Franklín Jónsson**
viðskiptafræðingur og formaður Hægri grænna, flokks fólksins



Gjaldeyrisútboð og lausnir Seðlabankans við afnám gjaldeyrishafta ná ekki flugi og hafa gjörsamlega mistekist vegna vantrausts fjárfesta á bankanum og áætluninni um afnám haftanna. Með núverandi fyrirkomulagi mun taka áratugi að losa um höftin og því ljóst að finna verður nýja leið. Gjaldeyrishöft voru sett á til að hefta útflæði erlends gjaldeyris. Síðast þegar gjaldeyrishöft voru sett á entust þau í 60 ár. Gjaldeyrishöft eru þeim eiginleikum gædd að Seðlabankinn neyðist til að þrengja þau með tímanum vegna þess að peningarnir finna alltaf leið og hefur Seðlabankinn komið sér upp gjaldeyriseftirliti sem rannsakar kreditkort einstaklinga og hefur jafnvel ráðist inn með húsleitum í fyrirtæki. Þetta er eitthvað sem engin siðmenntuð þjóð vill gera. En vandamálið er það stórt að ef gjaldeyrishöftunum yrði lyft, þá mundi allur gjaldeyrissjóður Seðlabankans tæmast á svipstundu með tilheyrandi hörmungum.

Ef landsmenn vilja losna við gjaldeyrishöftin fljótt og koma á efnahagslegum stöðugleika er aðferðin sú að gera Ríkisdal að lögeyri, samhliða gömlu krónunni með fastgengi við Bandaríkjadollar. Með nýjum lögeyri/Ríkisdal og fastgengisstefnu fylgja aðhaldssöm ríkisfjármál og efnahagslegur stöðugleiki. Fastgengisstefna yrði sett á strax og í kjölfarið 6 til 9 mánuðum seinna upptaka nýja gjaldmiðilsins Ríkisdals (ISD), útgefins af Myntsláttu- og þjóðhagsráði Íslands sem væri ný stofnun sett saman úr Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitinu. Nýi Ríkisdalurinn yrði með Bandaríkjadal sem stoðmynt. Möguleiki er að gera gjaldmiðlaskiptasamning við Seðlabanka Bandaríkjanna fyrir stuðning við nýja Ríkisdalinn.

**Afnám gjaldeyrishafta þarf að setja með sérstökum neyðarlögum.**

- Myntsláttu- og þjóðhagsráð Íslands yrði ný stofnun sett saman úr Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitinu.
- Tekin væri upp fastgengisstefna í stað verðbólguviðmiða. Gengi gjaldmiðils yrði strax fest við gengi Bandaríkjadollars.
- Með nýjum Ríkisdal (ISD) sem lögeyri og fastgengisstefnu fylgja aðhaldssöm ríkisfjármál og efnahagslegur stöðugleiki og engin gjaldeyrishöft yrðu á nýja Ríkisdalnum.
- Myntsláttu- og þjóðhagsráð Íslands hefði einkaleyfi til útgáfu Ríkisdals sem ásamt Bandaríkjadal yrði lögeyrir landsins. Eftir sem áður yrðu engar hömlur á notkun annarra gjaldmiðla.
- Myntsláttu- og þjóðhagsráð Íslands skal m.a. annast myntsláttu fyrir landsmenn, gefa út bæði mynt og seðla í Ríkisdölum. Myntsláttu- og þjóðhagsráð Íslands skal tryggja að Ríkisdalir séu að fullu skiptanlegir á pari fyrir Bandaríkjadali.
- Stoðmynt Myntsláttu- og þjóðhagsráðs Íslands skal vera Bandaríkjadalur og skiptihlutfall hans gagnvart Ríkisdal vera einn Ríkisdalur á móti einum Bandaríkjadal.
- Gengi Ríkisdalsins myndi sveiflast eins og gengi Bandaríkjadalsgagnvart öðrum gjaldmiðlum.
- Innan árs frá stofnun Myntsláttu- og þjóðhagsráðs Íslands skal vera búið að skipta öllum íslenskum krónum landsmanna, launum, lausu fé, innistæðum, skuldum, verðbréfum, samningum o.s.frv. yfir í Ríkisdal.
- Gjaldeyrishöftum yrði ekki lyft af ca. 1.000 milljörðum af aflandskrónum, þær frystar og sérstaklega samið um losun hafta á þeim. Innlánsvextir á aflandskrónunum yrðu keyrðir niður í 0,0%. Þessir 1.000 milljarðar aflandskróna halda íslenska hagkerfinu í gíslingu.
- Eigendum aflandskróna yrðu t.d. boðnar tvær leiðir til að losna úr viðjum gjaldeyrishaftanna; a) að skipta yfir í Ríkisdal með 75% afföllum, eða b) skipti á aflandskrónugengi í 30 ára skuldabréf, gefin út í Bandaríkjadal með 3,5% vöxtum, fyrsta afborgun á tíunda ári.
- Þetta sparar tugi milljarða kr. á ári í vaxtakostnað sem skattgreiðendur borga í vexti af aflandskrónum.
- Þær upphæðir af aflandskrónum, sem ekki yrði skipt fyrir Ríkisdalinn, yrðu notaðar til uppbyggingar í íslensku þjóðfélagi til áratuga. Líta verður á 1.000 milljarðana af gömlu krónunum sem hafa íslenskt efnahagslíf í gíslingu sem tækifæri, snúa borðinu við og leyfa erlendum vogunarsjóðum að njóta fjárfestingartækifæra í landinu með þátttöku sinni.
- Það tæki ca. 6 til 9 mánuði að koma þessari leið í verk.
- Rúsínan í pylsuendanum væri sú, að auðveldlega er hægt að leggja verðtryggingu niður með þessum aðgerðum.

> Með nýjum lögeyri/Ríkisdal og fastgengisstefnu fylgja aðhaldssöm ríkisfjármál og efnahagslegur stöðugleiki.

**Langþráð fjármálaöryggi**

Við megum ekki gleyma því að fólkið í landinu horfir til okkar sem bjóðum okkur fram til stjórnmálastarfa – með von um betri framtíð. Okkar skylda er að rísa undir þeim væntingum. Stuðla að betri framtíð, betri lífskjörum og hugsa í lausnum. En ekki leggja stein í götu alls sem til framfara horfir. Efnahagslífið er einn vefur og starfsskilyrði atvinnulífs og lífskjör fólksins eru samofin.

# Hvers virði eru tengingar? Geta allir unnið?

Orkumál

**Magnús Bjarnason**
framkvæmdastjóri markaðs- og viðskiptaþróunarsviðs Landsvirkjunar

*Fyrri grein*



New York borg ákvað árið 1810 að leggja Erie skipaskurðinn frá landamærum Kanada til Hudson fljótsins. Skurðurinn opnaði árið 1825 og um leið aðgengi að kolum sem voru betri og ódýrari orkugjafi en borgin hafði áður kynnst. Skurðurinn markaði upphaf mikillar uppbyggingar og Stóra eplið byrjaði að líkjast því sem við þekkjum í dag. Lestarteinar voru lagðir, yfir 2.000 brýr byggðar og flugvöllum fundinn staður. Grand Central lestarstöðin opnaði árið 1871 og er í dag miðstöð samgangna þar sem milljónir farþega ferðast daglega til og frá Manhattan-eyju. Allt eru þetta dæmi um tengingar sem skilað hafa fjárhagslegum arði og áhrifum langt umfram það sem nokkur sá fyrir þegar ákvarðanir voru teknar.

Á Íslandi má nefna lagningu símastrengs til Seyðisfjarðar árið 1906, stofnun Eimskipafélagsins árið 1914, byggingu flugvalla í seinni heimsstyrjöldinni og opnun Hvalfjarðarganga árið 1996 sem dæmi um tengingar sem hafa skilað arði og áhrifum umfram væntingar. Ferskur fiskur fer á hverjum degi frá Íslandi til New York og skapar þeim arð sem veiða, vinna, flytja og selja svo ekki sé minnst á þá sem borða íslenska bleikju eða þorsk á Avra veitingastaðnum á 48. stræti í New York. Þetta sáu herforingjar í bandaríska hernum ekki fyrir þegar Keflavíkurflugvöllur var byggður né heldur sáu þeir fyrir þá mörg hundruð þúsund ferðamenn sem sækja Ísland heim árlega eða þær mörgu milljónir flugfarþega sem sækja á hverju ári tengiflug um Keflavíkurflugvöll. Saman mynda þetta grundvöll ferðaþjónustu og alþjóðlegrar flugstarfsemi sem veltir árlega hundruðum milljarða, skapar fjárfestum arð og Íslendingum þúsundir starfa.

Rafstrengur sem tengir Ísland við evrópskt raforkukerfi hefur í áratugi verið í skoðun. Slíkur strengur hefur í nokkurn tíma verið talinn tæknilega mögulegur en þó hefur vantað nokkuð upp á að hann standi fjárhagslega undir sér. Vísbendingar eru um að það hafi breyst á undanförnum árum. Aukin spurn eftir endurnýjanlegri orku, 2020 markmið Evrópusambandsins, hátt raforkuverð og spár um frekari hækkanir auk almennra tækniframfara hafa í dag gjörbreytt forsendum fyrir lagningu rafstrengs frá Íslandi og gert hana að áhugaverðu og mjög líklega arðsömu viðskiptatækifæri sem skilar aukinni þekkingu og fjölbreyttari störfum í endurnýjanlegum orkuiðnaði.

Almennt skila tengingar verðmætum, og gildir þá einu hvort um er að ræða samgöngubætur, verslunarsambönd eða samtengingu áður aðskilinna raforkukerfa. Á Íslandi er unnin meiri raforka en nokkurs staðar í heiminum ef tekið er tillit til þess hve fáir Íslendingar eru. Af þeim sökum er iðngreinin mikilvægari íslensku efnahagslífi heldur en þekkist hjá öðrum þjóðum. Í dag er megnið af raforku sem hér er unnin selt til stöndugra og góðra iðnfyrirtækja en því er ekki hægt að neita að hérlendir kaupendur raforku eru einsleitir. Áhættudreifingu íslenskra raforkuvinnslufyrirtækja er því ábótavant og aðgengi að fjölbreyttum mörkuðum austan Atlantsála væri góð viðbót við núverandi markað. Þegar er komin þó nokkur reynsla af rekstri slíkra rafstrengja eins og ætti við í tilfelli Íslands og má þar nefna tengingar Noregs við nágrannaþjóðir sunnar í Evrópu. Þrátt fyrir síauknar tengingar og framtíðaráætlanir um enn frekari tengingar býr iðnaður í Noregi við gott viðskiptaumhverfi.

**Tengingar milli raforkukerfa**




Allir geta unnið. Öflug uppbygging iðnaðar á Íslandi samhliða áþreifanlegri tengingu við evrópskt raforkukerfi treystir orkuöryggi landsins, bætir nýtingu náttúruauðlinda og eykur arðsemi íslenskrar raforkuvinnslu og raforkuflutnings. Saman skilar þetta sér í bættri þjónustu við almenning og iðnfyrirtæki á Íslandi. Ávinningur Evrópu af tengingu er aukið og stýranlegt framboð af umhverfisvænni og áreiðanlegri orku frá Íslandi. Við þetta bætist að áþreifanleg tenging Íslands við evrópskt raforkukerfi hefði án efa í för með sér jákvæð hliðaráhrif sem erfitt er að sjá fyrir eins og dæmin sanna.





Áfram veginn 2012
CHEVROLET
METAN+
CRUZE
GRÆNT BÍLALÁN
ergo
ENGIN LÁNTÖKUGJÖLD
Mánaðargreiðsla*
39.240kr.
CRUZE METAN+
CRUZE
METAN+
-borgar sig strax!
Bílabúð Benna tekur heilshugar þátt í eflingu á græna hagkerfinu með því að stuðla að nýtingu á innlendum orkugjöfum í samgöngum og bæta hag bíleigenda á Íslandi.
METAN+ Metan + er heiti á breytingu sem framkvæmd er á nýjum bílum og stendur kaupendum Chevrolet til boða.
Þannig getur þú minnkað eldsneytiskostnað og dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda; þú græðir og græðir með METAN+.
CRUZE METAN+ / 5 dyra, bsk. kr. 3.390 þús.
Margir kostir við Metan+ breytingu á Chevrolet Cruze:
+ Þú getur sparað allt að 50% í eldsneytiskostnaði
+ Þú kemst allt að 1000 km á fullum tanki af metani og bensíni
+ Þú færð ókeypis í bílastæði í Reykjavík
+ Þú notar íslenskan orkugjafa og dregur úr útblæstri á Co2
+ Bensíntankurinn, sem er 60 lítra, nýtist áfram ef þörf krefur
Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum
Hafðu samband við sölumenn okkar og fáðu upplýsingar um Chevrolet METAN+ breytingu
SPARK
AVEO
CAPTIVA
ORLANDO
VOLT
CAMARO
Bílabúð Benna - Tangarhöfða 8 - 590 2000 • Njarðarbraut 9 - Reykjanesbæ - 420 3330 • Bílaríki - Glerárgötu 36 - Akureyri - 461 3636 • benni.is
*Miðað við Gullvildarkjör Ergo á grænum óverðtryggðum bílasamningi til 84 mánaða og 30% innborgun. Hlutfallstala kostnaðar: 10.25%. Bíll á mynd: Cruze LTZ 5 dyra með aukabúnaði.


KRÓNAN
– fyrst og fremst ódýr!
FRÁBÆRT VERÐ
248 kr. kg
Frosin svið, 2 hausar í pk.
1198 kr. kg
Frosið lambalæri
1498 kr. kg
SS sirloinsneiðar í poka
1698 kr. kg
SS blandaðar lærissneiðar, 2. flokkur
998 kr. kg
Bautabúrs blandað nauta- og grísahakk
20% afsláttur
112 kr. kg
Verð áður 140 kr. kg
Bökunarartöflur í lausu
2 í pk.
30% afsláttur
279 kr. pk.
Verð áður 399 kr. kg
Forsoðnir maísstönglar
Kellogg's
Special K
529 kr. pk.
Kellogg´s Special K, 500 g
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
EXPO • www.expo.is
GJAFA KORT
KRÓNAN
Gjafakort Krónunnar fæst
á www.kronan.is



40% afsláttur



40% afsláttur

**998 kr. kg**

Verð áður ~~1698~~ kr. kg
Grísasnitsel eða grísagúllas




**1998 kr. kg**

Krónu ferskar kjúklingabringur



4 í pk.

**599 kr. pk.**

Grillborgarar með brauði, 4 stk. í pk.




20% afsláttur

**398 kr. pk.**

Verð áður ~~498~~ kr. pk.
Krónu pylsur, 10 í pk.




Goða álegg

| | |
|---|---|
| Spægipylsa | 311 kr. pk. |
| Pepperoni | 355 kr. pk. |
| Skinka | 398 kr. pk. |




**760 kr. pk.**

Honey Nut Cheerios, 625 g




**289 kr. pk.**

Trolli hlaup, margar teg., 200 g




2 lítrar

**198 kr. stk.**

Pepsi, 2 l

KÍKTU Á kronan.is
– meira fyrir minna

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

# Nota stjórnvöld skipulag höfuðborgarsvæðisins til að koma markmiðum í framkvæmd?

Skipulagsmál

Arna Mathiesen
arkitekt



Þótt réttarhöld um spillingu í borgarskipulagi og byggingastarfsemi markaði hrunuppgjör Íra, nefndi Rannsóknarskýrslan okkar varla borgina og skipulag hennar.

Nú sýnir sig að fagfólk sem undirritaði lagaramma um notkun einstakra svæða í jaðri höfuðborgarsvæðisins og nágrannasveitarfélögunum notaði vísvitandi óraunhæfar spár um fólksfjölgun vegna þrýstings frá stjórnmálamönnum og byggingariðnaði. Greiðsluvandi er mestur þar sem nýbyggingar voru miklar í uppsveiflunni og hlutfall heimila innan svæðisins, sem ekki geta selt húsnæði eða samið um endurskipulagningu skulda, eykst því lengra sem dregur frá miðborginni.

Draumahúsin voru byggð með ríkulegri notkun á efnum fluttum um langan veg með ærinni orkuneyslu. Aukinn byggingarhraði leiddi til byggingargalla og skemmda á verðmætum. Dreifing íbúðarhúsnæðis yfir vítt og breitt svæði á sama tímabili og það að hætt var við í miðjum klíðum leiddi til hörguls á nálægri þjónustu. Hraðbrautir með tíu mislægum gatnamótum, lagðar heim í hverfin í boði ríkisins, eru æ gagnslausari vegna hækkandi bensínverðs.

Uppdiktaðar horfur um húsnæðisskort réttlættu því umhverfi sem olli raunverulegum skorti.

Skipulag borga og hönnun bygginganna er stjórntæki til að framkvæma hugmyndir um samfélagið. Takmarkaðar auðlindir jarðar og fjölgun mannkyns auka mikilvægi þess að gaumgæfa það sem úr er að moða áður en ákvarðanir eru teknar. Þetta eru bæði landkostir, hið byggða umhverfi og samband þessa tveggja, þar með talin mannvirki frá góðærinu, þótt við fyrstu sýn stingi svo óþægilega í augu að freistandi væri að halda sig við miðbæinn, bókstaflega og skipulagslega. Spyrja má:

- Hvað er hægt að gera við byggingarnar sem standa tómar, sumar hálfkláraðar og liggjandi undir skemmdum?
- Hvernig gerir maður 400 m² einbýlishús, sem maður hefur ekki efni á, arðbært?
- Hvaða auðlindir (vannýtt húsnæði, gróðurmold, vatn, bílar, hestar, vinnuafl, fiskur, brautryðjendur, vannýtt byggingarefni, vandaðir iðnaðarmenn, tilbúnir innviðir o.s.frv) væri hægt að nýta til eflingar græna hagkerfinu?

Nýbyggð svæði höfuðborgarinnar ná yfir 918 hektara og stækkuðu borgina um u.þ.b.24% (frá eru talin opin opinber rými).



- Hvers vegna virka nýju hverfin eins þótt vistkerfin umhverfis séu gjörólík (hraun, frjósamir akrar, vötn, sjór) og hvernig ætti að breyta þeim til að nýta betur náttúrulegt umhverfi?
- Hvaða nútímatækni væri hægt að nýta til bóta?
- Hvað geta yfirvöld gert til að auðvelda íbúum og hönnuðum að hrinda í framkvæmd góðum hugmyndum og koma í veg fyrir að fagvinna við hið byggða umhverfi spillist?
- Gætu landkostir svæðisins (vatn, andrými, íslenskir hestar, óspillt náttúra, nálægð alþjóðlegs flugvallar…) bætt úr skorti annars staðar í veröldinni?
- Hvernig verður stuðlað að skjóli og meira aðlaðandi umhverfi uppi á hálfbyggðum holtum túndrunnar?

Glíman við svona spurningar kallar fram nýjar framtíðarsýnir. Spurningin er hvort sú vinna sé hafin?

Í nýlegu útvarpsviðtali beindi Dagur Eggertsson sjónum frá úthverfum og kynnti ný plön um íbúðarhverfi miðsvæðis. Bæjarstjóri Kópavogs, Ármann Kr. Ólafsson, sagði að íbúðabyggð í útjaðri Kópavogs væri svo eftirsótt að ekki mætti hætta uppbyggingunni. Kópavogur byggði framtíðaráformin á spá um fólksfjölgun, en áætlanir borgarinnar byggðu á rétti fólks til að búa þar! Tækifærið var því ekki notað til að sýna samstöðu um heildarskipulag Stór-Reykjavíkursvæðisins, heldur þvert á móti til að halda á lofti gerólíkum hugmyndum um þróun borgarinnar. Brennandi spurning eftir viðtalið er hve lengi ríkið telur sig hafa ráð á að fresta sameiningu sveitarfélaganna í skipulagsmálum?

Hagur byggingariðnaðarins og fasteignasalanna myndi vafalaust vænkast við áform rakin hér að ofan, en gæti sá hagur verið á kostnað annarra aðila?

Skipulagið sem fyrir liggur í Reykjavík mun koma í veg fyrir samgönguvandamál framtíðaríbúa í miðbæ, og íbúar útjaðars Kópavogs geta notið meiri og fjölbreyttari þjónustu því fleiri sem þeir verða á afmörkuðu svæði. Slík áform eru þó ekki viðbrögð við aðkallandi skorti.

Fyrirséð er að þessi skipulög geta beinlínis valdið skorti. Meiri íbúðabyggð í tengslum við miðborgina ógnar rýmum, byggingum og grænum svæðum þar, eins og áformin í Kópavogi ógna auðlindum: vatnsbólum, ræktarlandi til matvælaframleiðslu og öðrum grænum svæðum. Miðborgin er mikilvæg fyrirmynd fyrir aðra hluta borgarinnar með blandaðri byggð og opinberu rými sem ramma um samkomur borgaranna. En það er glatað tækifæri að snúa baki við úthverfunum auk þess hefur það í för með sér niðurbrjótandi tilfinningu fyrir marga um að hafa orðið undir án þess að geta rönd við reist. Skipulagðar eru meiri lántökur heimila og neysla byggingarefna sem flytja þarf um langan veg, að óþörfu.

Stjórnmálamenn virðast hafa takmarkaða trú á mætti skipulags til að minnka skort borgaranna.

# Alþingismenn koma í veg fyrir endurupptöku

Dómsmál

Gerður Berndsen
móðir Áslaugar Perlu



Alþingismenn koma í veg fyrir að mál dóttur minnar, Áslaugar Perlu, sem myrt var við Engihjalla, verði nokkurn tíma endurupptekið.

Samkvæmt 211. gr. er ekki hægt að taka upp morðmál. Hún er aðeins fyrir þann sem er ranglega sakfelldur eða fyrir mun meira brot en… – Það þarf að breyta henni svo hún gildi í öllum málum.

Ég sendi Ögmundi Jónassyni innanríkisráðherra tölvupóst 2. október sl. þar sem ég skora á hann að mæla með breytingu á c-lið, 211. gr. Hann sagði mér í gegnum síma: Það er ekki hægt, það verður aldrei gert.

Ég hringdi í Álfheiði Ingadóttur í desember og benti henni einnig á c-lið, 211. gr. Hún ætlaði að leggja breytingartillöguna fram á Alþingi. Hún trúði að hún yrði samþykkt fyrir vorið, þurfti fyrst að afla meirihlutafylgis alþingismanna. Það tókst ekki þar sem eftirfarandi grein birtist 29. mars sl. í Smugunni:

„Álfheiður Ingadóttir, þingmaður VG, mælti í dag fyrir frumvarpi um breytt fyrirkomulag á afgreiðslu beiðna um endurupptöku dæmdra mála, þannig að óháð stjórnsýslunefnd taki ákvörðun um endurupptöku en ekki Hæstiréttur.

Í máli Álfheiðar kom fram að aðeins þrjár endurupptökubeiðnir af 36 sem Hæstarétti bárust á árabilinu 2000-2010 voru samþykktar, 32 var hafnað, ein var óafgreidd. Afgreiðslutíminn var allt frá 26 dögum til 427 daga og niðurstaða Hæstaréttar hvergi birt opinberlega…

…Enda þótt dómar Hæstaréttar eigi að heita endanlegir eru alltaf þau tilvik að óska þarf endurupptöku dæmds máls í ljósi nýrra gagna eða annarra lagaskilyrða. Álfheiður rifjaði upp nokkur mál sem hafa vakið tilfinningaþrungna umræðu þegar endurupptöku hefur verið hafnað, Guðmundar- og Geirfinnsmál frá 1997, sem enn er til umræðu, mál sem kennt er við Slippinn í Reykjavík og svokallað Engihjallamál þar sem ung stúlka var myrt. Sagði hún það mál einmitt hafa verið kveikjuna að því að hún fór að grafast fyrir um fjölda endurupptökubeiðna og afdrif þeirra.“

Ég varð furðu lostin að ekki fékkst meirihluti þingmanna fyrir þessari litlu lagabreytingu. Sérstaklega þar sem hver sem sækir um endurupptöku þarf að leggja fram sönnunargögnin sem rangt voru metin. Þegar alþingismenn samþykktu lög nr. 88/2008 vissu þeir nákvæmlega hvað þeir voru að gera; að koma í veg fyrir að rannsókn máls verði tekin upp að nýju hjá ríkissaksóknara.

Fyrir einu og hálfu ári síðan sendi ég öllum alþingismönnum áskorun um réttarfarsdómstól og hringdi síðan í einn þriðja þeirra. Meðfylgjandi voru lög um meðferð sakamála sem ríkissaksóknari braut og öll sönnunargögn í máli dóttur minnar. Þeim var sama. Gallasmekkbuxur dóttur minnar voru upp að hnjám eftir að hann felldi hana í gólfið með því að þvinga þær niður með afli, hún barðist á móti af öllu mætti þannig að hann hélt lim sínum ekki inni í leggöngum hennar. Hann náði ekki að fullkomna glæpinn, með fullnægingu, þá trylltist hann og rotaði hana með því að kýla hana í ennið.

# Þjónustuauglýsingar Sími 512 5407

MARKMIÐ VERKTAKAR
ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD
Smíðavinna · Pípulagnir · Raflagnir · Málningavinna
Múrviðgerðir · Flísalagnir · Hellulagnir · Jarðvinna
Lóðavinna
Tilboð þér að kostnaðarlausu.
Uppl. í síma: 820 8888

HREINN BÍLL BETRI BÍLL
Bíllinn verður sem nýr og verðmeiri!
- ekki gleyma því - með Concept eða Meguiar´s bón- og hreinsivörum.
Bestu bón í heimi - segja kúnnarnir.
MÁLNINGARVÖRUR
CONCEPT
Meguiar's
Lágmúla 9, 104 Reykjavík
Sími 581 4200

BRIDGESTONE LÁGMÚLI 9
UMFELGUN 5.860,-
SUMARDEKK Á ÚRVALSVERÐI.
BETRAGRIP
Lágmúli 9 - bakhús
Sími 5 333 999
www.betragrip.is

SKIP OG BÁTAR
AIS
AIS sjálfvirk tilkynningarskylda
- AIS Class-A
- AIS Class-B
- AIS Class-B með skjá
Betri búnaður – Betra verð
Elcon ehf
Sími : 5529510
www.elcon.is

GARÐASmíði
• PALLAR • SKJÓLGIRÐINGAR • HELLULAGNIR • GRJÓTHLEÐSLUR
• TRJÁKLIPPINGAR • GARÐAÞJÓNUSTA
• sími 899 5700 • www.gardasmidi.is

ALLT Í KAMBSTÁLIÐ
• Klippt & beygt kambstál 6 – 32 mm
• Tengijárnabakkar & Samsetningahólkar
• Fjarlægðaplast og Bindivír
• Vélar & Tæki til vinnslu Kambstáls
Bindir & Stál ehf. • www.bindir.is
Hvaleyrarbraut 39 • 220 Hfj • S.564 6050 • bindir@simnet.is

Allt á einum stað
BREMSUVIÐGERÐIR
BREMSUKLOSSAR
SPINDILKÚLUR
ALLAR PERUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

Gardsman
Öryggiskerfi
Vortilboð -10%
Dalvegi 16b s: 554-2727
Hugna.is
Sjá nánar á www.hugna.is


Bátur til sölu!
6 metra með 18 hesta Sabvél. G.P.S. Simrad-tæki, innbyggð fiskisjá, dýptamælir, varaskrúfa, handfærarúlla, varastartari, björgunarhringur, tvö björgunarbelti, slökkvitæki, legufæri og vagn fylgir bátnum.
TILBOÐ
Upplýsingar í síma
862 1953 - 869 4753

Rafvirkjar - Smiðir
Flísalagnir - Múrarar
Málarar - Píparar
LP VERK ehf.
BYGGINGAFÉLAG
Allar almennar húsaviðgerðir!
698 6738
www.lp-verk.is
Leitaðu tilboða þér að kostnaðarlausu!

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR
AUÐUNS
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

Glæsilegur undirfatnaður frá Vanity Fair og Lauma.

Ynja UNDIRFATAVERSLUN
HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

• Steypusögun
• Kjarnaborun
• Múrbrot
• Hellulagnir
• Jarðvegsvinna
• Öll almenn- verktakavinna
BROTAFL
STEINSÖGUN - BORUN - BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafl@simnet.is

· Hjólbarðaviðgerðir
· Smurþjónusta
· Bremsur
· Demparar
· Rafgeymar
· o.fl.
HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

Nýtt!
Þjónustuauglýsingar alla laugardaga í Fréttablaðinu.
Hringdu í síma 512 5407

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist
Parketlagnir og viðhald

ALPAR TRÉSMÍÐI
ÖLL ALMENN TRÉSMÍÐAVINNA INNAN SEM UTAN.
20 ÁRA REYNSLA.
TILBOÐ/TÍMAVINNA
UPPL. HJÁ GUÐMUNDI Í S. 895 6820
ALPARSLF@HOTMAIL.COM

Alla fimmtudaga og laugardaga
gunny@365.is arnarut@365.is sigrunh@365.is




## KJÚKLINGABITAR MEÐ BASILIKU OG PARMASKINKU

*fyrir 4*

- 4 stk. kjúklingabringur, skinnlausar
- 12 sneiðar parmaskinka
- 1 búnt basilika
- 120 ml ólífuolía
- 4 msk. hvítvínsedik
- maldon salt & pipar

Skerið hverja kjúklingabringu í þrennt. Leggið parmaskinku á fat, setjið vel af basiliku á hverja sneið, setjið síðan einn kjúklingabita yfir og rúllið upp. Stillið ofninn á 180°C. Hrærið ólífuolíu saman við edik og kryddið með salti og pipar. Leggið til hliðar og geymið. Hitið olíu á pönnu og steikið kjúklingabitana vel á öllum hliðum þar til þeir eru fallega brúnaðir. Setjið í eldfast mót og eldið í ofni í um 10 mínútur. Takið úr ofninum og hellið olíu-ediksdressingunni yfir. Berið strax fram með salati og brauði.

UPPSKRIFT




## OSTA KYNNINGAR Í DAG

Skeifunni kl. 14-18:30
Kringlunni & Garðabæ kl. 15-19




**Lavazza Tierra kaffi** – baunir og malað

**Filippo Berio edik** – hvítt & rautt

**Knorr risotto** – 2 tegundir

**Ítalía antipasto** – ekta ítalskt




**Sacla sósur** – Bolognese & Carbonara

**Ítalía olíur, ekta ítalskar** – hvítlauksolía, ólífuolía

**Ítalía pasta** – ekta ítalskt

**Ítölsk smábrauð** – nýbakað

**OPIÐ** allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** íþróttafélag, **6.** mannþyrping, **8.** spíra, **9.** gerast, **11.** bókstafur, **12.** skjálfa, **14.** háls, **16.** klafi, **17.** sönghús, **18.** við, **20.** ætíð, **21.** karl.

**LÓÐRÉTT**
**1.** iðukast, **3.** slá, **4.** plöntutegund, **5.** mánuður, **7.** möttull, **10.** skammstöfun, **13.** segi upp, **15.** eyja, **16.** mælieining, **19.** utan.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** fram, **6.** ös, **8.** ála, **9.** ske, **11.** pí, **12.** titra, **14.** kverk, **16.** ok, **17.** kór, **18.** hjá, **20.** sí, **21.** mann.

**LÓÐRÉTT: 1.** röst, **3.** rá, **4.** alparós, **5.** maí, **7.** skikkja, **10.** etv, **13.** rek, **15.** krít, **16.** ohm, **19.** án.




„ÞETTA VAR BESTA STUND LÍFS MÍNS"

Kristrún Ösp Barkardóttir um fæðingu sonar síns, faðernið og framtíðina.

Lífið – FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Á FÖSTUDÖGUM


# Traustið

**BAKÞANKAR**
**Björns Þórs Sigurbjörnssonar**



Ákvörðun 33 þingmanna um að ákæra Geir H. Haarde fyrir Landsdómi er ein merkilegasta ákvörðun sem tekin hefur verið á Alþingi. Um hana, aðdragandann og eftirleikinn verða skrifaðar bækur.

**ÖNNUR** ákvörðun, sem allir 63 þingmennirnir tóku sama dag og þessir 33 ákváðu að ákæra Geir, er þó merkilegri út af fyrir sig. Nefnilega sú að draga lærdóm af gagnrýni á stjórnmálamenninguna og taka starfshætti þingsins til endurskoðunar.

**ORÐRÉTT** var þetta svona: „Alþingi ályktar að brýnt sé að starfshættir þingsins verði teknir til endurskoðunar. Mikilvægt sé að Alþingi verji og styrki sjálfstæði sitt og grundvallarhlutverk." Og: „Alþingi ályktar að taka verði gagnrýni á íslenska stjórnmálamenningu alvarlega og leggur áherslu á að af henni verði dreginn lærdómur."

**Í SKÝRSLU** Atlanefndarinnar, sem ályktunin byggir á, segir: „Alþingi á að vera vettvangur umræðu sem tekur mið af almannahagsmunum. Góð stjórnmálaumræða næst fram með því að láta andstæð sjónarmið mætast þar sem byggt er á staðreyndum og málin eru krufin til mergjar. Íslensk stjórnmál hafa ekki náð að þroskast nægilega í samræmi við það. Stjórnmálaumræður á Alþingi hafa einkennst um of af kappræðum og átökum og því þarf að efla góða rökræðusiði á Alþingi. Mikilvægt er að Alþingi ræki umræðuhlutverk sitt og sé vettvangur lýðræðislegra og málefnalegra skoðanaskipta."

**Í SKÝRSLUNNI** er vísað í siðfræðikafla skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis þar sem segir: „Ein leið til þess að undirbúa mál vel er að leita faglegra umsagna, en hér hefur verið ríkjandi virðingarleysi gagnvart fræðilegu áliti. Það virðist vera djúpstæð vantrú á fræðilegar röksemdir og rík tilhneiging til þess að rekja þær til einhverra sérhagsmuna eða pólitískrar afstöðu sem notuð er til að grafa undan trúverðugleika þeirra. Þetta hentar vel á hinum pólitíska vettvangi þar sem menn vilja geta leikið valdataflið án þess að þurfa að skeyta um rök, vandaða stjórnsýsluhætti eða sanngirni."

**Í SKÝRSLU** Atlanefndarinnar sagði líka: „Alþingismönnum ber að sýna hugrekki, heiðarleika og festu í störfum sínum. Brýnt er að Alþingi og alþingismenn endurheimti traust þjóðarinnar með orðum sínum og athöfnum."

**SÍÐAN** er liðið eitt og hálft ár og það eina sem hefur breyst er að traust þjóðarinnar á Alþingi hefur farið úr þrettán prósentum í tíu.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# SUMAR TILBOÐ

## GLÆSILEGUR NÝR 4BLS SUMARBÆKLINGUR




**SMELLTU Á KÖRFUNA**
NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS
MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP



ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM MINNISKORTUM

### MINNISKORT

Minniskort fyrir spjaldtölvur, myndavélar og síma í miklu úrvali, nú allt að 50% afsláttur

**TILBOÐ**
MIKIÐ ÚRVAL MINNISKORTA



ENN BETRA VERÐ

### 4GB MINNISLYKILL

Örsmár og glæsilegur Silicon Power Touch T01 minnislykill úr höggvörðu stáli

**990**
8GB 1.990 • 16GB 3.990



SPILAR HD 1080p H.264, MPEG4, MKV og fleira

MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

android

### 7" SPJALDTÖLVA

Spjaldtölva fyrir leiki, tónlist, kvikmyndir, internetið og tölvupóstinn með Android 2.3

**14.900**
8" SPJALDTÖLVA 19.900

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

**OPNUNARTÍMAR**
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

# menning

menning@frettabladid.is




**BENJAMÍN DÚFA** Um þessar mundir eru tuttugu ár síðan hin vinsæla barnabók eftir Friðrik Erlingsson kom út. Af því tilefni er hún gefin út í nýrri útgáfu, en fyrir bókina hlaut Friðrik Íslensku barnabókaverðlaunin árið 1992 og ýmsar fleiri viðurkenningar. Þá var einnig gerð kvikmynd eftir bókinni.

## Kryddlegin skáld

Sigurbjörg Þrastardóttir og Sigurður Pálsson lesa upp úr ljóðum sínum á veitingastaðnum Kryddlegin hjörtu föstudagskvöldið 27. apríl 19.30. Dagskráin varir í um þrjú korter og meðan gestir njóta upplestrarins geta þeir einnig gætt sér á súpum staðarins.

Sigurbjörg Þrastardóttir hefur sent frá sér ljóðabækur, leikverk og lýrískan prósa á undanförnum árum, en hefur einnig starfað sem blaðamaður um árabil. Sigurður Pálsson er eitt þekktasta ljóðskáld landsins. Ljóðabækur hans eru orðnar hátt á annan tug talsins og hafa ljóð Sigurðar verið þýdd á fjölda tungumála.


Glæsiverk til sölu


G.Blöndal


Þorvaldur Skúlason


Muggur


Jón Engilberts

Einnig verk eftir:
- Valgarð Gunnarsson
- Sigurbjörn Jónsson
- Tolla
- Gunnlaug Scheving
- Braga Ásgeirsson
- Hafstein Austmann
- Jóhönnu Kristínu Yngvadóttir
- Guðbjörgu Lind
- Sigurð Sigurðsson
- Jóhannes Geir
- Kjarval
- Kristján Davíðsson
- Pétur Gaut
- Svavar Guðnason
- Guðrúnu Einarsdóttur
- Ásgrím Jónsson

Leitum að verkum eftir gömlu meistarana fyrir fjársterka aðila

SMIÐJAN
Listhús – innrömmun

Ármúla 36 – 108 Reykjavík – Sími 568 3890




**SKEMMTILEGT OG ÓHUGGULEGT** Afmælisveislan eftir Harold Pinter þykir litríkt verk. Það verður frumsýnt í Þjóðleikhúsinu annað kvöld. MYND/ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

# Nær uppselt á átján sýningar Afmælisveislunnar

**Leikverkið Afmælisveislan eftir Nóbelsskáldið Harold Pinter verður frumsýnt í Þjóðleikhúsinu annað kvöld. Verkið er að sögn leikstjóra skemmtilegt, óhugguleg og allt þar á milli.**

„Ég veit ekki hvað dregur fólk í leikhús að vori til að horfa á verk sem ekki er gamanleikur. Við erum alltaf að reyna að skilja áhorfandann betur en hann kemur okkur alltaf jafn mikið á óvart. Hugsanlega skýrist áhuginn af því að þegar koma upp kreppur í samfélögum virðast áhorfendur leita í klassíkina. Hún hjálpar okkur oft að skilja hlutina í stærra samhengi en endurspeglar ekki dægurþrasið,“ segir leikstjóri Afmælisveislunnar, Guðjón Pedersen, um ástæður þess að svo margir virðist hafa áhuga á að sjá Afmælisveisluna í Þjóðleikhúsinu.

Uppselt er á allar átján fyrirhugaðar sýningar verksins. Samkvæmt upplýsingum frá miðasölu Þjóðleikhússins skýrist það að hluta til af því að síðastliðið haust gafst kaupendum áskriftarkorta færi á að bóka miða á sýninguna þá. Miðar hafa hins vegar líka selst vel í almennri sölu og seldist til að mynda strax upp á þær tvær aukasýningar sem bætt hefur verið við upphaflega sýningaáætlun. Það má því teljast líklegt að fleiri sýningar bætist við og verkið verði sýnt út þetta leikár, en því lýkur um miðjan júní.

Afmælisveislan var fyrsta leikrit Harolds Pinter í fullri lengd, en það var frumflutt árið 1958. Verkið, sem einkennist af frumlegum og óvægnum húmor, fjallar um framtakslausan ungan mann sem býr einn í herbergi í niðurníddu gistihúsi í litlum bæ við sjávarsíðuna í Bretlandi. Hann er dekraður af eiginkonu gistihúsaeigandans, en er kippt af afli út úr þessari veröld, þegar tveir dularfullir menn birtast til að „refsa“ honum fyrir glæpi sem óljóst er hverjir eru. Eiginkona gistihúsaeigandans vill ákóf halda afmælisveislu fyrir Stanley, en veislan breytist smám saman í sannkallaða martröð. Leikarar í sýningunni eru Björn Thors, Eggert Þorleifsson, Erlingur Gíslason, Ingvar E. Sigurðsson, Kristbjörg Kjeld og Þórunn Arna Kristjánsdóttir.



**STANLEY** Ingvar E. Sigurðsson í hlutverki Stanleys, sem Afmælisveislan snýst um.

Afmælisveislan er litríkt verk að mati Guðjóns, hvort tveggja óhugguleg og skemmtilegt og allt þar á milli. „Fólk fer jafnan með margar spurningar út af verkum Pinters. Það er alltaf verið að gefa eitthvað í skyn sem síðan er neitað í næstu senu.“

holmfridur@frettabladid.is


Tryggðu þér miða strax! sími: 563-4000 eða á gamlabio.is

16. - 20. maí

„Remarkable!“ BACKSTAGE WEST

„Go!“ LAWEEKLY

„Þetta er showið fyrir þann sem hefur alltaf dreymt um að fara á tónleika með John Lennon“

Þorvaldur Davíð - leikari




“Uncanny!” RAVE MAGAZINE

“Groundbreaking!” Beatlesnews.com

“Brilliant!” StageSceneLA

★★★★★ Entertainment Today

„John Lennon lifnar við fyrir framan augu manns. Ótrúleg upplifun!“

Ívar Guðmundsson - Bylgjunni

Gamla Bíó Leikhús - Ingólfstræti 2a

# VIÐ FÖGNUM VIKU BÓKARINNAR

## Eymundsson mælir með þessum skemmtilegu barnabókum fyrir þína ávísun á lestur




Verð kr. 3.999,-




Verð kr. 3.299,-




Verð kr. 3.499,-




Ný stórskemmtileg saga eftir höfund **Í búðinni hans Mústafa.** Frábærar myndir.

Verð kr. 3.999,-

Besta frumsamda bókin!
Barnabókaverðlaun skóla- og frístundaráðs.




Verð kr. 2.699,-




Verð kr. 3.999,-




Loksins fáanleg á ný!
Ein af fyrstu bókum Sigrúnar Eldjárn

Verð kr. 2.999,-

**APRÍLTILBOÐ!**
Skemmtilegar og þroskandi bækur fyrir yngstu börnin!

Tilboðsverð kr. 795
Verð áður kr. 1.599







Tilboðsverð kr. 2.999 stk.
Verð áður kr. 3.299 stk.

2. sæti Metsölulista Eymundsson í flokki barna- og unglinga-bóka




Tilboðsverð kr. 3.299
Verð áður kr. 3.599




Verð kr. 2.799,-




Verð kr. 3.499,-



**Nýttu þína ávísun á lestur!**
Nú hafa öll heimili landsins fengið senda til sín ávísun á lestur. Nýttu þína ávísun og styrktu um leið skólabókasafn að eigin vali.

Við bjóðum ávísanir í verslunum okkar fyrir þá sem hafa glatað sinni og einnig rafrænar ávísanir á Eymundsson.is




**5%** aukaafsláttur ofan á ÁVÍSUN Á LESTUR fyrir Vildarklúbbsmeðlimi í Eymundsson. Skráðu þig í næstu heimsókn.

Eymundsson
Bóksali frá 1872

Tilboð gildir til og með 30.04.12

# Vefnaður á sýningu í Gullkúnst Helgu

Veflistakonan Salóme Fannberg opnar sýninguna Er lífið saltfiskur? föstudaginn 27. apríl milli klukkan 18 og 20 í Gullkúnst Helgu að Laugavegi 13.

Salóme nam myndvefnað á Spáni í fimm ár á áttunda áratugnum, fyrst í Massana Barcelona og síðan í listaskóla sömu borgar hjá Grau Garriga sem hún lærði hjá í fjögur ár. Að loknu náminu bjó hún í Reykjavík og í Flatey á Breiðafirði þar sem óhefðbundinn efniviður smeygði sér inn í verk hennar. Hún hefur verið örög að leita á ný mið eftir „þráðum“ og ótrúlegustu hlutir í umhverfinu verða að list í höndum hennar. Þekktust er hún fyrir þangið og óunna ull sem hún blandar saman við annað.

Á áttunda og í byrjun níunda áratugar síðustu aldar hélt Salóme átta sýningar, þar af eina á Terrassa á Spáni, en þetta er þriðja sýningin sem hún heldur hér á landi eftir langa búsetu í Svíþjóð. Tvær setti hún upp á síðasta ári, aðra í Slippnum í Reykjavík og hina í Flatey á Breiðafirði.

Sýningin í Gullkúnst Helgu verður opin á opnunartíma verslunarinnar fram til 26. maí 2012. Myndverkin á henni hafa öll verið gerð eftir heimkomuna til Íslands, eða á árunum 2007-2012. - gun



**HUGRÓ** heitir þessi mynd úr vefstól Salóme frá árinu 2010.



**TÆLANDI** Barítónsöngvarinn Ágúst Ólafsson kemur fram í Óperunni í dag.

# Tælandi hádegistónleikar í Hörpu

**Tælingasöngvar er yfirskrift hádegistónleika Íslensku óperunnar í dag. Þar freista barítónsöngvarinn Ágúst Ólafsson og píanóleikarinn Antonía Hevesi þess að tæla áheyrendur sína en þau flytja serenöður og mansöngva eftir W.A. Mozart, Donizetti, Schubert og Tsjaíkovskí.**

**Tónleikarnir verða haldnir í Norðurljósum og standa í um hálftíma. Líkt og venjan var á hádegistónleikum Íslensku óperunnar í fyrra húsnæði hennar í Gamla bíói geta tónleikagestir keypt sér hressingu fyrir og eftir tónleika og þannig nælt sér í andlega og líkamlega næringu í einu og sama hádegishléinu.**

**Tónleikarnir hefjast klukkan 12.15 en aðgangur er ókeypis.**



**SELLÓLEIKARINN** Kristín Lárusdóttir leikur verk fyrir sólóselló og blandaðan kór með Kammerkór Suðurlands.

# Kossinn í Landakoti

**Kossinn nefnast tónleikar sem Kammerkór Suðurlands heldur í Kristskirkju, Landakoti, í kvöld klukkan 21 og taka um 65 mínútur. Stjórnandi kórsins er Hilmar Örn Agnarsson og um undirleik sjá Steingrímur Þórhallsson organisti, Elísabet Waage hörpuleikari og Frank Aarnink á slagverk.**

**Verkin á efnisskránni eru eftir Sir John Tavener, Arvo Pärt, Pál R. Pálsson og Völu Gestsdóttur.**

**Kristín Lárusdóttir leikur einleik á selló í verkinu Svyati eftir John Tavener. Verkið á að tákna orthodox-jarðarför. Þar fer sellóið í hlutverk prests og kórinn er uppi á svölunum. Presturinn kyssir líkið í opinni kistunni og kórinn syngur þekktan slavneskan kirkjutexta þegar kistunni er lokað og hún er borin út af syrgjendum.**

**Kammerkór Suðurlands gaf út diskinn Heilagur draumur árið 2010 með tónlist Johns Tavener. Diskurinn hlaut viðurkenninguna Editor's Choice í októberhefti Gramophone Magazine 2010. - gun**

VORÚTSALAN
Í FULLUM GANGI
50-
70%
AFSL.
Opið 11 - 21 í dag
Finndu okkur á facebook
DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR
Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

# Extreme í þriðja sinn

**Íslenska raftónlistarhátíðin Extreme Chill Festival – Undir Jökli 2012 verður haldin í þriðja sinn helgina 29. júní til 1. júlí á Hellissandi við rætur Snæfellsjökuls. Hátíðin fékk styrk frá tónlistarsjóði Kraums fyrr á árinu.**

**Yfir þrjátíu flytjendur koma fram á hátíðinni í ár, bæði innlendir sem erlendir. Meðal þeirra eru Samaris, Krummi, Futuregrapher, Stereo Hypnosis, Jónas Sen og Mixmaster Morris. Miðasala á hátíðina hefst 1. maí á Midi.is og í verslunum Brims.**



**BIOSPHERE** Biosphere á raftónlistarhátíðinni í fyrra.

# Hartwell með Boner

**Ókeypis tónleikar verða haldnir með bandarísku tónlistarmönnunum Jason Boner og Roland Hartwell á Gauknum í kvöld. Boner kemur fram undir nafninu The Dharma Body. Hann spilar tilraunakennda órafmagnaða tónlist sem er bæði epísk og einföld.**

**Roland Hartwell, eða Cynic Guru, blandar saman ýmsum tónlistarstílum með hljómsveit sinni. Cynic Guru hefur gefið út tvær plötur, Iceland og Cynic Guru, og er þessa dagana að vinna að þeirri þriðju. Gaukurinn opnar klukkan 21 og er 20 ára aldurstakmark.**



**CYNIC GURU** Spilar með Boner á Gauknum í kvöld.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 26. apríl 2012**

### ➜ Tónleikar

**12.15** Barítónsöngvarinn Ágúst Ólafsson og píanóleikarinn Antonía Hevesi spila á hádegistónleikum Íslensku óperunnar í sal Norðurljósa í Hörpu. Aðgangur er ókeypis.

### ➜ Fræðsla

**14.00** Kristina Andersson stoðtækja- og hjálpartækjasmiður fjallar um ólíkar gerðir hjólastóla á fjórða fundi fræðsluraðar Stoðar í tilefni af 30 ára starfsafmæli þeirra. Fundurinn verður haldinn í hjálpartækjasal Stoðar að Trönuhrauni 8 í Hafnarfirði.

### ➜ Sýningar

**13.00** Sýningin Nál og hnífur - útsaumsmyndir Guðrúnar Bergsdóttur og útskurður Gauta Ásgeirssonar opnar í Þjóðminjasafni Íslands. Auk þess opnar á sama stað sýningin Átta heimar.

**17.00** Opnun ljósmyndasýningarinnar A journey in Iceland-Les Climats (Ferð um Ísland - loftslagið) eftir Lolu Reboud opnar í Alliance française, Tryggvagötu 8.

### ➜ Kynningar

**17.30** Kynningafundur verður haldinn fyrir Atvinnu- og nýsköpunarhelgi á Akranesi sem verður nú um helgina. Fundurinn verður í útibúi Landsbankans á Akranesi.

### ➜ Tónlist

**20.30** Blússveit Þollýjar leikur fyrir gesti og gangandi á Fljótt og gott, veitingasölu BSÍ við Vatnsmýrarveg.

**21.00** Kammerkór Suðurlands heldur tónleika í Landakotskirkju. Kristín Lárusdóttir sellóleikari flytur með þeim verkið Svyati.

**21.00** The Dharma Body og Cynic Guru halda ókeypis tónleika á Gamla Gauknum, Tryggvagötu 22. 20 ára aldurstakmark.

**21.00** ELO tribute tónleikar verða haldnir á Græna Hattinum, Akureyri. Miðaverð er kr. 1.500.

**22.00** Egill Ólafsson og Gunnar Þórðarson verða gestir Bítladrengjanna blíðu á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**23.00** Ljósvaki, M-Band og ReTroBot koma fram á styrktartónleikum til styrktar Sólheimum á Hressó. Tónleikarnir eru hluti af nýrri tónleikaseríu gogoyoko og Hressó til styrktar þeim sem minna mega sín og velur hljómsveitin hverju sinni það málefni sem hún kýs að styrkja.

### ➜ Fyrirlestrar

**12.00** Dr. Robert Nurick heldur erindi um þróun öryggis- og varnarmála á Norðurslóðum og við Eystrasaltið í fyrirlestrarsal Þjóðarbókhlöðunnar. Fyrirlesturinn er á vegum Alþjóðamálastofnunar og Rannsóknaseturs um smáríki í Háskóla Íslands. Námskeiðið fer fram á ensku.

**20.00** Christopher Vasey flytur fyrirlestur um andlát, framhaldslíf og endurholdgun á Radisson Blu Hotel við Hagatorg. Aðgangseyrir er kr. 500.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**










## > Í SPILARANUM

Bubbi - Þorpið
Klezmer Kaos - Froggy
Santigold - Master of My Make-Believe

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Semur fyrir Lone Ranger

Jack White mun semja tónlistina við kvikmyndina The Lone Ranger sem Disney framleiðir. Þetta verður í fyrsta sinn sem White semur tónlist við heila kvikmynd. Hann hefur áður samið nokkur lög við myndina Cold Mountain, auk þess sem hann samdi ásamt Aliciu Keys lagið Another Way to Die fyrir Bond-myndina Quantum of Solace. White sendi nýlega frá sér sína fyrstu sólóplötu, Blunderbluss.

„Jack er frábær lagahöfundur með einstakan stíl,“ sagði Jerry Bruckheimer, framleiðandi The Lone Ranger. „Við erum öll mjög spennt yfir að hafa fengið hann um borð.“ Johnny Depp og Armie Hammer leika aðalhlutverkin í The Lone Ranger, sem er byggð á samnefndum sjónvarpsþáttum frá sjötta áratugnum.



**JACK WHITE** Semur tónlistina fyrir kvikmyndina The Lone Ranger.




## > PLATA VIKUNNAR

★★★☆☆

Blússveit Þollýjar - My Dying Bed
„Hrá og góð blanda af rokki og blús.“

-TJ



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Meistari Moulton*

Tónlistarsagan er full af frumkvöðlum, einstaklingum sem hafa fundið upp á einhverju sem hefur haft áhrif á þá sem á eftir komu. Sumir þessara frumkvöðla eru þekktir, aðrir ekki. Einn af þeim sem tilheyra síðari hópnum er Tom Moulton, maðurinn sem bjó til 12“ mixið.



**FRUMKVÖÐULL** Tom Moulton gerði fyrsta diskómixið.

Moulton fæddist árið 1940 í New York. Hann starfaði við sölu og markaðssetningu í plötubransanum frá árinu 1959 og fram á sjöunda áratuginn, bæði hjá King Records og RCA. Þá hætti hann og gerðist ljósmyndari og fyrirsæta. Í upphafi áttunda áratugarins fór hann að stunda Sandpiper-barinn á Long Island. Þar tók hann eftir því að þar hljómuðu eintóm þriggja mínútna smáskífulög á dansgólfinu. Kannski var plötusnúðurinn bara svona lélegur, en Moulton fékk allavega þá hugmynd að lengja lögin og tengja saman. Hann gerði fyrst mix á kassettur, en var svo fenginn til að vinna með upptökur Scepter-plötufyrirtækisins. Þar varð diskómixið til og þar með var Moulton aftur kominn í tónlistarbransann. Moulton lengdi lögin, bætti við og byggði upp, t.d. með því að taka út allar hljóðrásir nema trommur og tína svo hljóðfærin aftur inn, hvert af öðru, og byggja þannig upp stigmögnun. Þetta sló í gegn á klúbbunum og Moulton var fenginn til að vinna með tónlist annarra plötufyrirtækja, m.a. Salsoul og Philadelphia International.

Undanfarið hafa komið út nokkrar flottar útgáfur með þessum gömlu mixum Moultons. Soul Jazz gaf út A Tom Moulton Mix árið 2006 sem var safn frá ferli Moultons, Ace gaf í fyrra út Disco Gold: Scepter Records and the Birth of Disco og fyrir nokkrum dögum kom út hjá Harmless fjórföld safnplata með mixum Moultons fyrir Philadelphia-útgáfuna. Allt eðalefni.


LANDHELGI Sími: 527 1040
Fasteignasala




TIL SÖLU

REYKJAVÍK WELLNES

Höfum fengið í sölu vegna sérstakra ástæðna þetta hratt vaxandi fyrirtæki á besta stað á Laugvegi. Um er að ræða nudd og snyrtistofu. Sérlega vel tækjum búið fyrirtæki. **Frábært tækifæri.**

**Allar nánari upplýsingar veitir:**
Sigfús Aðalsteinsson í síma 898 9979 eða e-mail sigfus@landhelgi.is





SIGFÚS AÐALSTEINSSON
*Sölurádgjafi*
SÍMI: 8989979
SIGFUS@LANDHELGI.IS



ÓLAFUR KRISTINSSON
*Hdl og Lögg. fasteignasali*

Vegmúli 2 108 Reykjavík Sími: 527 1040 www.landhelgi.is




**SANTIGOLD** Bandaríska tónlistarkonan er að gefa út sína aðra plötu, Master of My Make-Believe. NORDICPHOTOS/GETTY

# Innblástur frá uppreisninni

**Hin bandaríska Santigold er að gefa út sína aðra sólóplötu. Fjögur ár eru liðin síðan hún steig fyrst fram á sjónarsviðið.**

Master of Make-Believe nefnist ný plata bandarísku tónlistarkonunnar Santigold. Sú fyrsta, Santogold, kom út fyrir fjórum árum og vakti athygli fyrir góðar melódíur og hressilega blöndu af ýmsum tónlistarstefnum, þar á meðal hipphoppi, nýbylgjurokki og reggíi. Margir þekktir tónlistarmenn urðu hrifnir og vildu ólmir starfa með henni, þar á meðal Jay-Z, David Byrne og hljómsveitin Beastie Boys.

Santigold heitir réttu nafni Santi White. Hún fæddist 1976 í Fíladelfíu í Bandaríkjunum. Hún var söngkonan pönksveitarinnar Stiffed sem gaf út tvær plötur. Í framhaldinu var henni boðinn plötusamningur og fyrsta plata hennar kom út á vegum Downtown Records í Bandaríkjunum og Atlantic Records í Bretlandi.

Fjögur smáskífulög voru gefin út og mesta lukku vakti L.E.S. Artistes. Tímaritið Rolling Stone valdi það annað besta smáskífulag ársins og setti plötuna í sjötta sæti yfir þær bestu árið 2008.

Upptökustjórarnir Switch og Diplo aðstoða Santigold á nýju plötunni, rétt eins og á þeirri fyrri. Karen O úr Yeah Yeah Yeahs syngur með henni í smáskífulaginu Go!, þar sem gítarleikari sveitarinnar, Nick Zinner, kemur einnig við sögu. Dave Sitek úr TV on the Radio aðstoðar hana einnig á plötunni. Sem fyrr annast hún sjálf lagasmíðarnar.

Að sögn Santigold fjalla textarnir um að taka við stjórnartaumunum í lífi sínu og fékk hún þar innblástur frá fólkinu sem hefur staðið uppi í hárinu í stjórnvöldum víða um heim og lagt líf sitt í hættu.

Santigold verður dugleg við spilamennsku í sumar, bæði í Evrópu og Bandaríkjunum, þar sem hún spilar á hátíðunum Lollapalooza og Bonaroo.

freyr@frettabladid.is

## LAGALISTINN

Vikuna 19. - 25. apríl 2012

| Sæti | | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Fun / Janelle Monae | We Are Young |
| ▶ | 2 | Magni | *Hugarró* |
| ▶ | 3 | The Black Keys | *Gold On The Ceiling* |
| ▶ | 4 | Bubbi / Mugison | *Þorpið* |
| ▲ | 5 | KK | *Frelsið* |
| ▲ | 6 | Of Monsters And Men | *Lakehouse* |
| ▼ | 7 | Hljómar | *Þú og ég* |
| ▶ | 8 | Train | *Drive By* |
| ▲ | 9 | Katy Perry | *Part Of Me* |
| ▼ | 10 | Valdimar Guðm. / Helgi Júlíus | *Stöndum saman* |

## TÓNLISTINN

Vikuna 19. - 25. apríl 2012

| Sæti | | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Of Monsters And Men | *My Head Is An Animal* |
| ▲ | 2 | Adele | *21* |
| ✱ | 3 | Bubbi Morthens | *Þorpið* |
| ▼ | 4 | Mugison | *Haglél* |
| ▲ | 5 | Ýmsir | *Söngvakeppni Sjónvarpsins 2012* |
| ▲ | 6 | Sigurður Guðm. og Sigríður Thorl. | *Ásamt Sinfó* |
| ✱ | 7 | Ýmsir | *Einu sinni var / Út um græna grundu* |
| ▶ | 8 | Gus Gus | *Arabian Horse* |
| ▲ | 9 | Leonard Cohen | *Old Ideas* |
| ▼ | 10 | Helgi Björnsson | *Íslenskar dægurperlur í Hörpu* |

**Skýringar:**
▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elkó, tonlist.is

# Helgartilboð

## Sumarið er komið í Skífuna



## Bubbi Morthens- Þorpið

**Bubbi** sendir frá sér sína
24 breiðskífu Þorpið.
Enn eitt snilldarverkið
sem enginn aðdáandi Bubba
ætti að missa af!



Inniheldur heimilda-myndina Óskina á DVD

CD+ DVD



Tilboðsverð
**2.999**
Fullt verð 3.699,-

## Of Monster and Men



CD +LP

USA útgáfa af
Of Monsters and Men
kominn bæði á vínyl og CD

My Head is an Animal
er fyrsta plata Of Monsters
and Men platan stökk beint í 6.
sæti Billboard listans fyrstu
vikuna sem hún kom út.



Tilboðsverð
**2.299**
Fullt verð 2.599,-

★★★★★ RollingStone ★★★★★

## 250 bestu plötur sögunnar

Í Skífunni færðu bestu plötur sögunnar
samkvæmt Rolling Stone



S·K·Í·F·A·N

KRINGLAN OG LAUGAVEGUR 44 · 591 5300 · WWW.SKIFAN.IS

## > MYND UM SVÖRTU EKKJUNA?

Leikkonan Scarlett Johansson er í viðræðum við kvikmyndafyrirtækið Marvel um að fá hlutverk svörtu ekkjunnar eða Black Widow í kvikmynd um ofurhetjuna. Johansson hefur þegar farið með hlutverk Svörtu ekkjunnar í myndunum Avengers Assemble og Ironman 2 og líkaði vel. Johansson kveðst spennt yfir verkefninu og getur ekki beðið eftir að klæðast svarta samfestingnum á ný.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Einelti, laxar og klassík

Myndin Bully, sem á íslensku er kölluð Grimmd: sögur af einelti, verður frumsýnd í Háskólabíói á föstudaginn. Um er að ræða verðlaunaða heimildarmynd sem á erindi við alla og tekst á við ofbeldið sem einelti er og vandamálin sem það skapar í nútímasamfélagi. Hún fjallar um fimm ungmenni sem hafa þurft að þola mikið einelti og hvernig sum þeirra tókust á við það en aðrir buguðust. Myndin þykir mikilvægur liður í baráttunni gegn einelti, sem er stórt vandamál um allan heim nú til dags. Í tengslum við myndina hefur verið stofnuð síðan www.thebullyproject.com.

Í Bíó Paradís eru frumsýndar tvær myndir um helgina.

Þar ber fyrst að nefna íslensku heimildarmyndina Lónbúinn sem er kraftaverkasaga um lífsferil laxins. Þetta er ljóðræn náttúrulífsmynd þar sem áhorfendanum gefst kostur á að verða einn af löxunum og synda með honum í gegnum lífið.

Hin klassíska saga Charlotte Brontë um hina mögnuðu Jane Eyre mun einnig birtast á tjaldinu í Bíói Paradís. Jane verður ástfangin af hinum kaldlynda og skapþunga Rocherts sem lumar á skelfilegu leyndarmáli. Myndin hefur hlotið fjölda verðlauna og þá sérstaklega Michael Fassbender, sem fer með hlutverk Rocherts. Með önnur helstu hlutverk fara Mia Wasikowska og Jamie Bell.



**BARÁTTAN GEGN EINELTI** Í heimildarmyndinni Bully, eða Grimmd: sögur af einelti, er farið með baráttuna við einelti í bíóhúsin.

## KVIKMYNDARÝNI

★★★★☆
**THE CABIN IN THE WOODS**
„Hressandi hrollur sem kemur áhorfandanum sífellt á óvart.“

★★★☆☆
**21 JUMP STREET**
„Mátulegur skammtur af formúluskopi. Allt gott og blessað.“

★★★★☆
**BATTLESHIP**
„Fyndin og fjörug brelluveisla. Og hávaðinn er ægilegur.“

★★☆☆☆
**AMERICAN REUNION**
„Andrúmsloftið er til staðar en grínið þarf að vera meira og betra.“



**THE CABIN IN THE WOODS**

★★★★☆
**THE HUNGER GAMES**
„Vel heppnuð vísindaskáldsaga sem flæðir vel.“

★★★★☆
**TITANIC 3D**
„Titanic stenst tímans tönn. Taktu með þér tissjú og ekki skammast þín fyrir neitt.“



**HART BARIST** Þór og Kapteinn Ameríka eru í hópi ofurhetja sem reyna að koma í veg fyrir árás Loka á jörðina.

# Hetjur snúa bökum saman

**Stórmyndin The Avengers verður heimsfrumsýnd hér á landi annað kvöld. Myndin segir frá baráttu ofurhetja við illmennið Loka.**

The Avengers er sjötta kvikmyndin sem gerð hefur verið um ofurhetjur Marvel-teiknimyndasagnanna sem komu fyrst út árið 1963.

Söguþráður myndarinnar er á þann veg að illmennið Loki hyggst gera árás á jörðina og taka ofurhetjurnar hjá öryggisstofnuninni S.H.I.E.L.D. höndum saman í tilraun til að stöðva Loka. Joss Whedon, sem er þekktastur fyrir að hafa skapað Buffy the Vampire Slayer, leikstýrir og skrifar handritið að myndinni.

Einvalalið leikara fer með hlutverk ofurhetjanna og má þar helst nefna Robert Downey Jr. sem fer með hlutverk Iron Man, Mark Ruffalo sem leikur hinn græna Hulk, Chris Hemsworth sem fer með hlutverk goðsins Þórs, Scarlett Johansson sem leikur Black Widow og loks Jeremy Renner í hlutverki Hawkeye. Þá fer Samuel L. Jackson með hlutverk Nick Fury, yfirmanns S.H.I.E.L.D.

Gagnrýnendur eru flestir sammála um að Whedon hafi tekist einstaklega vel til í persónusköpuninni og hæla bæði samtölum og tæknibrellum myndarinnar í hástert. Aðeins blaðamanni Box-office Magazine þykir myndin slök og líkir henni við Transformers 3.

### YFIRLÝSTUR FEMINISTI

- Joss Whedon fæddist í New York og er kominn af ætt handritshöfunda. Faðir hans, Tom Whedon, var handritshöfundur þáttanna The Electric Company sem sýndir voru á áttunda áratugnum og The Golden Girls sem nutu mikilla vinsælda á níunda áratugnum. Afi hans var John Whedon, handritshöfundur The Donna Reed Show sem sýndir voru í sjónvarpi á sjötta áratugnum.
- Whedon varð „költ“ persóna eftir sköpun Buffy the Vampire Slayer, en sjónvarpsþættirnir nutu gríðarlegra vinsælda í lok síðustu aldar.
- Whedon er yfirlýstur femínisti. Eitt sinn er hann var spurður af Roseanne Barr hvernig hann færi að því að skapa svona flottar kvenpersónur svaraði hann: „Ef þú þekktir móður mína, þyrftir þú ekki að spyrja.“






FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS

# Aftur í leikstjórastól

Ralph Fiennes reyndi fyrir sér sem leikstjóri í fyrsta sinn með myndinni Coriolanus, sem byggð er á samnefndu leikriti eftir William Shakespeare. Fiennes hyggst nú leikstýra myndinni The Invisible Woman og hefur undirbúningur fyrir hana þegar hafist.

Abi Morgan skrifar handritið að kvikmyndinni en sú vakti athygli fyrir handritið að Shame. Sagan er byggð á ævisögu leikkonunnar Nelly Ternan sem rithöfundurinn og blaðakonan Claire Tomalin skrifaði árið 1990. Ternan þessi var þekktust sem ástkona rithöfundarins Charles Dickens sem gerði allt sem í hans valdi stóð til að halda sambandinu leyndu til dauðadags.

Leikkonan Felicity Jones fer með hlutverk Nelly Ternan en Fiennes fer sjálfur með hlutverk Dickens. Þess má geta að Fiennes leikur Abel Magwitch í kvikmyndinni Great Expectations sem byggð er á samnefndu bókmenntaverki Dickens.



**BAK VIÐ VÉLINA** Ralph Fiennes reynir aftur fyrir sér sem leikstjóri með myndinni The Invisible Woman.

NORDICPHOTOS/GETTY

Nú er rétta tækifærið að stíga skrefið í átt að grænum lífsstíl

# Afsláttar

## og kynningardagur LIFANDI markaðar er í dag



### Holle
Einstaklega næringarríkur lífrænn barnamatur með demeter vottun.

**10%** afsláttur af allri línunni



### Naturya
Ofurfæða í þeytinginn, grautinn og baksturinn. Breitt úrval.

**10%** afsláttur af allri línunni



### Rapunzel
Gullið í lífrænni matvöru í 35 ár.

**10%** afsláttur af allri línunni



### Dr.Hauschka
Regenerating línan er sérstaklega þróuð fyrir þroskaða húð.

**15%** afsláttur af Regenerating línunni



### Sante
Náttúrulegar snyrtivörur fyrir alla fjölskylduna á góðu verði.

**10%** afsláttur af allri línunni

## Kynningar, smakk og ráðgjöf allan daginn



### Clearspring
Úrvals lífrænar olíur, kex og sushi-vörur fyrir kröfuharða.

**10%** afsláttur af allri línunni



### Sonett
Hreinlætisvörur sem brotna 100% niður í náttúrunni á skömmum tíma.

**15%** afsláttur af völdum vörum

**Naturfrisk engiferöl**
**99 kr**




Sykurlausa engiferölið

## Spennandi örfyrirlestrar

Þorbjörg og Edda fræða gesti og gangandi um gæði og gleði græns lífsstíls.



### Grænar gellur

**Þorbjörg Hafsteins**
Borgartúni kl. 12:00
Hæðasmára kl. 13:00



### Húmor og „grænt“ útlit

**Edda Björgvins**
Borgartúni kl. 16:00
Hæðasmára kl. 17:00

## Nýr þeytingur



Kynnum nýjan þeyting með **Acai** ofurfæðudufti.

## 15% afsláttur



af ávöxtum og grænmeti, aðeins þennan eina dag.

LIFANDI
MARKAÐUR

**www.lifandimarkadur.is**
Borgartúni 24 | Reykjavík
Hæðasmára 6 | Kópavogi
Sími: 585 8700



**HOLLUR ÁVÖXTUR** Avókadó eða lárpera er talin geta haft áhrif á hjartasjúkdóma og krabbamein en það kom fram á ráðstefnu líffræðinga í Kaliforníu. Einnig er talið að fita úr ávextinum vinni gegn öldrun húðarinnar.



BJÖRG SKARPHÉÐINSDÓTTIR



HALLA HÁKONARDÓTTIR



STEINUNN BJÖRG HRÓLFSDÓTTIR



EVA BRÁ BARKARDÓTTIR



TANJA HULD LEVÍ GUÐMUNDSDÓTTIR



SUNNA ÖRLYGSDÓTTIR



ANNA KRISTÍN SIGURÐARDÓTTIR



MAI SHIRATO



HERA GUÐMUNDSDÓTTIR

# VANDAÐ VEL TIL VERKA

**Útskriftarsýning fatahönnunardeildar Listaháskóla Íslands var haldin á sumardaginn fyrsta og þar kenndi ýmissa grasa. Ellefu fatahönnuðir útskrifuðust í ár og sýndu meðal annars vel sniðnar buxnadragtir á konur og risavaxin glimmervesti.**

„Ég hef farið á flestar útskriftarsýningarnar og þessi stóð upp úr sem sú besta hingað til. Þetta er einhver ofurárgangur í ár," segir Ásgrímur Már Friðriksson fatahönnuður, sem sat á fremsta bekk á sýningunni.

Tískusýningin var í Hafnarhúsinu en hægt verður að berja fatnaðinn augum fram til 6. maí.

„Það var greinilegt að þær hafa nýtt tíma sinn vel og það var allt mjög vandað. Saumaskapurinn var til fyrirmyndar og flestar fatalínurnar eitthvað sem gæti farið beint í sölu í búðunum. Þær eiga framtíðina fyrir sér," segir Ásgrímur sem sjálfur var hrifnastur af fatalínu Heru Guðmundsdóttur, Önnu Kristínar Sigurðardóttur, Bjargar Skarphéðinsdóttur og Mai Shirato.



MARGRÉT SIGRÍÐUR VALGARÐSDÓTTIR



GUÐRÚN STURLUDÓTTIR


Arctic Root

Náttúrulegur orkugjafi!




- talin hjálpa gegn depurð og prófkvíða

- vinnur gegn streitu og álagi

- eflir einbeitingu, úthald og þrek

Lyf & heilsa
Við hlustum!




**10 KÍLÓ Á 10 DÖGUM** Megrunarkúrinn K-E er að verða vinsæll í Bandaríkjunum en hann gengur út á að neyta einungis fljótandi fæðu gegnum nefið í 10 daga.
NORDICPHOTOS/GETTY

# Neyta fæðu í gegnum nefslöngu

**HEILSA** Nýr megrunarkúr er að skjóta rótum sínum í Bandaríkjunum, Bretlandi, á Ítalíu og Spáni. Hann felur í sér að nærast eingöngu með fljótandi fæðu í gegnum sérstaka nefslöngu í tíu daga.

Megrunarkúrinn nefnist K-E og lætur árangurinn víst ekki á sér standa, en maður getur misst allt að tíu kíló á jafnmörgum dögum. Megrunarkúrinn ku vera vinsæll meðal væntanlegra brúða sem vilja líta sem best út á stóra daginn. Það var læknirinn Oliver Di Pietro sem kynnti þennan nýstárlega kúr í New York Times á dögunum. Aukaverkanir megrunarkúrsins eru hins vegar andfýla en hún gengur yfir að sögn Di Pietro. Einnig getur það kallast aukaverkun að maður lítur heldur skringilega út með slönguna í nefinu allan daginn.

# Ósátt við Elle

**TÍSKA** Kanadíska fyrirsætan Coco Rocha hefur ætíð staðið fast á því að sitja ekki fyrir nakin eða fáklædd á myndum. Á forsíðu brasilíska Elle má þó sjá mynd af Rocha í hálfgegnsæjum kjól og hefur fyrirsætan nú tjáð óánægju sína með myndina opinberlega.

**„Ég klæddist húðlituðum samfestingi undir kjólnum í myndatökunni, en hann hefur verið fjarlægður með aðstoð Photoshop. Þetta var gert þvert gegn mínum vilja og er ég mjög vonsvikin að Elle hafi ekki virt óskir mínar," skrifaði Rocha á heimasíðu sína.**



**ÓSÁTT** Coco Rocha er mjög ósátt við mynd sem birtist af henni á forsíðu brasilíska Elle. NORDICPHOTOS/GETTY



Nýdönsk
í 25 ár
Afmælistónleikar í Eldborgarsal Hörpu
22. sept. og í Hofi, Akureyri 29. sept.
„Skyldi maður verða leiður á því til lengdar að vera til?“
Það á svo sannarlega ekki við um hljómsveitina Nýdönsk. Piltarnir hafa aldrei verið í betra formi og halda upp á 25 ára afmælið með glæsibrag ásamt fjölda góðra gesta.
Gestir:
KK
Högni Egilsson (Hjaltalín)
Sigríður Thorlacius (Hjaltalín)
Urður Hákonardóttir (Gus Gus)
Svanhildur Jakobsdóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Samúel Jón Samúelsson
Tónleikarnir hefjast kl. 20.00
Miðasala á harpa.is menningarhus.is og midi.is
Miðasala hefst á hádegi
HARPA
HOF
MENNINGARHÚS
Gull



**STOFNENDUR** Aron Már Smárason og Fannar Berg Gunnólfsson hafa stofnað íslenska Fantasy-deild. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# 1.500 lið þegar skrá í íslenska útgáfu af Fantasy-deildinni

**Þúsundir íslenskra fótboltaáhugamanna eru skráðar til leiks í Fantasy-deild ensku úrvalsdeildarinnar í fótbolta. Nú hefur íslensk deild verið sett á laggirnar.**

> Það er líka skemmtilegt að vera með svona leik með deildinni. Þú fylgist meira með.
>
> **ARON MÁR SMÁRASON** FRUMKVÖÐULL

Yfir 1.500 manns hafa skráð sig í íslensku Fantasydeildina sem opnaði fyrir helgi.

„Þetta er búin að vera rosa keyrsla í tvo mánuði. Við fórum svolítið seint af stað með þetta og verðum að vinna í síðunni alveg fram að móti,“ segir Aron Már Smárason, sem hannaði leikinn ásamt Fannari Berg Gunnólfssyni.

Hann fer þannig fram að þú velur fimmtán manna lið á síðunni Fantasydeildin.net fyrir 100 milljónir úr Pepsi-deild karla í fótbolta. Leikmenn fá ákveðinn fjölda stiga eftir því hvernig þeir standa sig. Virði leikmanna fer eftir frammistöðu þeirra á síðustu leiktíð og er Garðar Jóhannsson, framherji Stjörnunnar, dýrasti sóknarmaðurinn. Liðsfélagi hans, Halldór Orri Björnsson, er dýrasti miðjumaðurinn.

Fantasy-deildin er byggð á ensku Fantasy-deildinni sem hefur notið mikilla vinsælda hér á landi þar sem íslenskir fótboltaáhugamenn stjórna um tólf þúsund liðum.

Aron Már og Fannar Berg vonast til að íslensku liðin í deildinni þeirra verði um átta þúsund. Íslensk draumadeild hefur ekki náð að festa sig í sessi hérlendis en þeir vonast til að leikurinn þeirra sé kominn til að vera. „Það er líka skemmtilegt að vera með svona leik með deildinni. Þú fylgist meira með,“ segir Aron Már.

freyr@frettabladid.is



**GÓÐIR DÓMAR** Of Monsters and Men fær góða dóma hjá tónlistartímaritinu Rolling Stone. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Góðir dómar hjá Rolling Stone

Of Monsters and Men fær þrjár stjörnur af fimm mögulegum á vefsíðu bandaríska tímaritsins Rolling Stone fyrir plötuna My Head Is an Animal.

„Þessi sex manna íslenska hljómsveit skilar sínu á snyrtilegan hátt. Hún lætur léttleikandi tóna hljóma kraftmikla. Frumraun hennar er uppfull af kunnuglegu indípoppi,“ skrifar gagnrýnandinn. „Vetrarleg tónlist, fingraplokk á gítarinn og textar um skóg og tré. Þetta eru lög sem auðvelt er að syngja með við varðeldinn. En hjá Of Monsters and Men er meira kjöt á beinunum en bara hið huggulega. Lögin breytast úr því að vera krúttleg yfir í eitthvað stærra og meira. Og hippalegir textarnir hljóma dularfullir og örlítið ógnandi.“

Tónlistarvefurinn Allmusic.com er einnig jákvæður í garð plötunnar og gefur henni þrjár og hálfa stjörnu af fimm mögulegum. „Vel samin plata með ljúfsárum textum og hljóðlátri rómantík. My Head Is an Animal ætti að höfða til allra aðdáenda huggulegs og fjölbreytts þjóðlagarokks.“

Vefurinn Pastemusic.com gefur plötunni fjórar stjörnur af fimm mögulegum og Pastemagazin gefur henni 7,5 af 10 í einkunn. - fb

# Beach Boys með nýtt lag

**Hljómsveitin The Beach Boys sendir á næstunni frá sér smáskífulagið That's Why God Made the Radio. Það verður á nýrri plötu sveitarinnar sem kemur út í júní og er sú fyrsta í langan tíma.**

**Tilefnið er tónleikaferð sveitarinnar um heiminn til þess að fagna fimmtíu ára afmæli sínu.**

**Stofnmeðlimirnir Brian Wilson, Mike Love og Al Jardine taka allir þátt í verkefninu. Að sögn Love mun nýja platan hljóma eins og þegar The Beach Boys var upp á sitt besta á sjöunda áratugnum.**



**NÝTT LAG** Hljómsveitin The Beach Boys sendir frá sér nýtt lag á næstunni.


midi.is Miðasala og nánari upplýsingar — LAUGARÁS BÍÓ — www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 — 5%



| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| 21 JUMP STREET | 5.45, 8, 10.20 |
| MIRROR MIRROR | 5.45 |
| BATTLESHIP | 7, 10.20 |
| HUNGER GAMES | 10 |
| LORAX 3D ISL TAL | 5 |

SAMBÍÓIN — SAMbio.is



SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| CABIN IN THE WOODS | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| CABIN IN THE WOODS VIP | KL. 8 | 2D | VIP |
| BATTLESHIP | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| BATTLESHIP VIP | KL. 5:20 - 10:10 | 2D | VIP |
| COLD LIGHT OF DAY | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 14 |
| AMERICAN PIE | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| WRATH OF THE TITANS | KL. 8 - 10:10 | 3D | 12 |
| FJÖRFISKARNIR M/ ÍSL. TALI | KL. 5:50 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE CABIN IN THE WOODS | KL. 10:10 | 2D | 16 |
| THE COLD LIGHT OF DAY | KL. 8 | 2D | 14 |
| GONE | KL. 8 | 2D | 12 |
| WRATH OF THE TITANS | KL. 10:10 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| BATTLESHIP | KL. 5:10 - 8 - 10:50 | 2D | L |
| THE COLD LIGHT OF DAY | KL. 5:50 - 10:20 | 2D | 12 |
| WRATH OF THE TITANS | KL. 5:40 - 8 | 3D | 12 |
| TITANIC | KL. 8 | 3D | 7 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| CABIN IN THE WOODS | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| COLD LIGHT OF DAY | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 14 |
| GONE | KL. 5:50 - 8 | 2D | 12 |
| WRATH OF THE TITANS | KL. 10:10 | 3D | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| CABIN IN THE WOODS | KL. 10:20 | 2D | 16 |
| 21 JUMP STREET | KL. 8 | 2D | 12 |
| GONE | KL. 8 | 2D | 12 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 10 | 2D | 16 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SMÁRABÍÓ — HÁSKÓLABÍÓ — midi.is



SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — 5%

| | | |
|---|---|---|
| 21 JUMP STREET | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| 21 JUMP STREET LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| MIRROR MIRROR | KL. 3.20 - 5.40 - 8 | L |
| BATTLESHIP | KL. 5.15 | 12 |
| AMERICAN PIE: REUNION | KL. 8 - 10.30 | 12 |
| LORAX – ÍSLENSKT TAL 2D | KL. 3.15 | L |
| LORAX – ÍSLENSKT TAL 3D | KL. 3.30 | L |
| HUNGER GAMES | KL. 5 - 8 | 12 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 10.20 | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — 5%

| | | |
|---|---|---|
| 21 JUMP STREET | KL. 8 - 10.30 | 14 |
| MIRROR MIRROR | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| IRON SKY | KL. 5.45 - 10.30 | 12 |
| TITANIC 3D ÓTEXTUÐ | KL. 5.15 | 10 |
| HUNGER GAMES | KL. 9 | 12 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 5.30 - 8 | 16 |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| 21 JUMP STREET | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| BATTLESHIP | KL. 10.10 | 12 |
| AMERICAN PIE: REUNION | KL. 5.50 - 8 | 12 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

BÍÓ ★ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

FIMMTUDAGUR: THE WOMAN IN THE FIFTH 18:00, 22:00 ■ LAXNESS HÁTÍÐ: SALKA VALKA 17:40 ■ LAXNESS HÁTÍÐ: ATÓMSTÖÐIN 20:00 ■ IRON SKY 18:00, 20:00, 22:00 ■ CARNAGE 20:00 ■ SVARTUR Á LEIK (ENGL. SUBS) 17:40 ■ MARGIN CALL 22:00

ÍSL. TEXTI ENG. SUBS

SKÓLANEMAR: 25% afsláttur gegn framvísun skírteinis! Sami afsláttur fyrir öryrkja og eldri borgara.



pepsi

FIMMTUDAGS
BOMBA PEPSI

ÞETTA ER KLIKKAÐ DÆMI!

# FIMMTUDAGS BOMBA!

## 2.990 KR

GILDIR FYRIR 1

og þú ferð **ENDALAUST FRÍTT** í öll tækin í garðinum **Í 1,5 TÍMA**!

*Gildir ekki í tæki sem gefa vinninga og tívolíleikirnir gefa ekki tívolípunkta.*

ERTU EKKI AÐ DJÓKA?









*Þú getur farið aftur og aftur og aftur í öll tækin!*

Skemmtigarðurinn
SMÁRALIND

Skemmtigarðurinn Smáralind • Sími 534 1900 • www.skemmtigardur.is

TILBOÐIÐ GILDIR AÐEINS Í APRÍL

# sport

sport@frettabladid.is



**JÓHANNES KARL GUÐJÓNSSON** mun samkvæmt heimildum Fréttablaðsins vera nálægt því að komast að samkomulagi við enska C-deildarliðið Huddersfield um starfslok. Eru því afar góðar líkur á því að hann verði orðinn gjaldgengur í lið ÍA þegar liðið mætir Breiðabliki í 1. umferð Pepsi-deildar karla þann 6. maí.

## ÚRSLIT

### *N1-deild karla*

**UNDANÚRSLIT, 4. LEIKUR**

**Akureyri - FH 25-28 (12-14)**

**Mörk Akureyrar (skot)**: Hörður Fannar Sigþórsson 7 (7), Geir Guðmundsson 5 (8), Bjarni Fritzsson 5/1 (8/1), Heimir Örn Árnason 4 (5), Oddur Gretarsson 4 (6/1), Bergvin Þór Gíslason (1), Guðmundur H. Helgason (6),
**Varin skot**: Sveinbjörn Péturss. 13/1 (41/3, 33%).
**Hraðaupphlaup**: 1 (Hörður Fannar 1)
**Fiskuð víti**: 2 (Bjarni 1, Guðmundur H. 1)
**Utan vallar**: 10 mínútur.
**Mörk FH (skot)**: Ragnar Jóhannsson 8 (10), Ólafur Gústafsson 8 (13), Andri Berg Haraldsson 4 (7), Baldvin Þorsteinsson 3 (4), Hjalti Þór Pálmason 2/1 (3/2), Atli Rúnar Steinþórsson 1/1 (1/1), Ari Magnús Þorgeirsson 1 (2), Örn Ingi Bjarkason 1 (4),
**Varin skot**: Daníel Fr. Andrésson 9 (34/1, 26%).
**Hraðaupphlaup**: 2 (Baldvin 2)
**Fiskuð víti**: 1 (Ólafur 1)
**Utan vallar**: 8 mínútur.
**Dómarar**: Anton Gylfi Pálsson og Hlynur Leifsson.
*FH vann einvígið, 3-1.*

### *Meistaradeild Evrópu*

**UNDANÚRSLIT, SÍÐARI LEIKUR**

**Real Madrid - Bayern München 2-1**

1-0 Cristiano Ronaldo, víti (6.), 2-0 Cristiano Ronaldo (14.), 2-1 Arjen Robben, víti (27.).
*Bayern hafði betur í vítaspyrnukeppni, 3-1, eftir markalausa framlengingu.*

**ÚRSLITALEIKUR**

**Bayern M. - Chelsea 19. maí kl. 18.45**

Leikurinn fer fram á Allianz-Arena í München.

# Madrídingar felldir á eigin bragði

**Bayern München komst í úrslit Meistaradeildar Evrópu með því að blása til sóknar á heimavelli sókndjarfasta liðs heims um þessar mundir – Real Madrid. Jose Mourinho tapaði enn og aftur í undanúrslitum.**

**FÓTBOLTI** Bayern München fylgdi í fótspor Chelsea í gær með því að slá spænskt knattspyrnustórveldi úr leik í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu – þrátt fyrir að hafa lent 2-0 undir og það á útivelli. Þessi tvö lið munu nú mætast í úrslitaleiknum þann 19. maí en hann fer einmitt fram á Allianz Arena, heimavelli Bayern.

Ólíkt Chelsea þurfti Bayern reyndar vítaspyrnukeppni til að knýja fram sigur en hún var eins og leikurinn sjálfur afar dramatísk. Markverðirnir báðir, Iker Casillas hjá Madrid og Manuel Neuer hjá Bayern, vörðu báðir tvær spyrnur í vítaspyrnukeppninni en Sergio Ramos breyttist í skúrk á augabragði þegar hann þrumaði sinni spyrnu hátt yfir markið. Bastian Schweinsteiger, einn dyggasti þjónn Bæjara síðustu árin, brást ekki sínum mönnum og tryggði þeim sæti í úrslitaleiknum með öruggri spyrnu.

Á meðan að varnarleikur var aðalsmark Chelsea gegn Barcelona í fyrrakvöld ákváðu Bæjarar að besta leiðin til að ná árangri væri að blása til sóknar – og það stórsóknar.

Real byrjaði þó miklu betur og var komið 2-0 yfir eftir fimmtán mínútna leik. En Bæjarar létu ekki segjast og sóttu nánast án afláts út allan fyrri hálfleikinn. Þeir uppskáru mark þegar vítaspyrna var dæmd á 26. mínútu en Arjen Robben skoraði úr henni.

Heimamönnum tókst að róa leikinn nokkuð í seinni hálfleik með því að setja meiri kraft í varnarleikinn. Fyrir vikið var lítið um færi á báða bóga en þó voru gestirnir líklegri til að skora.

Þjóðverjar hafa löngum verið þekktir fyrir góðan árangur í vítaspyrnukeppnum og á því var engin breyting í gær. Hetja þeirra verður að teljast markvörðurinn Manuel Neuer sem varði tvær fyrstu spyrnur Real Madrid glæsilega – og það frá þeim Ronaldo og Kaka.

Madrídingar, með Ronaldo fremstan í flokki, hafa heillað marga í vetur með glæsilegum sóknartilburðum en í þetta skiptið voru þeir felldir á eigin bragði.

eirikur@frettabladid.is



**ÞÝSKA STÁLIÐ** Það kom í hlut Bastian Schweinsteiger að tryggja Bayern München sigur í vítaspyrnukeppninni í gær. Hér fagnar hann markinu sínu. NORDIC PHOTOS/GETTY






FH og HK mætast í lokaúrslitum N1-deildar karla:

# Óþarfi að gefa HK-ingum lengra frí

**HANDBOLTI** FH-ingar tryggðu sér í gær sæti í lokaúrslitum úrslitakeppni N1-deildar karla með góðum sigri á Akureyri norðan heiða, 31-28. Þar með unnu Hafnfirðingar rimmuna með þremur sigrum gegn einum og fá því tækifæri til að verja Íslandsmeistaratitilinn sem þeir unnu í fyrra – einmitt eftir sigur á Akureyri í úrslitaeinvíginu. Andstæðingurinn að þessu sinni verður þó sprækt lið HK sem gerði sér lítið fyrir og sópaði deildarmeisturum Hauka úr leik í hinni undanúrslitarimmunni.

„Það var alger óþarfi að gefa HK-ingum fleiri daga til að jafna sig og því lögðum við upp með að klára þetta í kvöld," sagði Ólafur Gústafsson sem var markahæstur sinna manna í FH ásamt Ragnari Jóhannssyni.

FH-ingar voru með frumkvæðið næstum allan leikinn og sagði annar þjálfara liðsins, Kristján Arason, að breiddin í leikmannahópnum hefði nýst liðinu vel.

„Við náðum að láta liðið rúlla á fleiri leikmönnum og þeir áttu í vandræðum með 6-0 vörnina okkar," sagði Kristján. „Við héldum okkar línu, fórum ekki á taugum og náðum að koma þessu í hús."

Atli Hilmarsson var að stýra sínum síðasta leik með liði Akureyrar en hann gaf það út fyrir nokkru að hann myndi hætta með liðið að tímabilinu loknu.

„Við vorum búnir að hafa mikið fyrir því að komast í úrslitakeppnina og höfðum lent í miklum hremmingum á leiðinni í hana. Mér fannst það því mjög flott að ná þriðja sæti deildarinnar en við hefðum auðvitað viljað komast lengra í úrslitakeppninni. Við erum með liðið til þess en heimaleikjarétturinn reyndist ef til vill FH-ingum dýrmætur þegar uppi var staðið," sagði Atli eftir leikinn í gær. - bhs



**ÖFLUGUR** Ragnar Jóhannsson skoraði átta mörk úr tíu skotum fyrir FH í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR ANDRI




SAFFRAN hefur gert styrktarsamning við sex unga afreksmenn í íþróttum í þeim tilgangi að mæta kostnaði þeirra við vandaðan undirbúning fyrir leikana í London 2012.

Skoðaðu leið þeirra á leikana á leidin.saffran.is

SAFFRAN



**KASPER HVIDT** Fær að spila seinni leikinn gegn Barcelona. NORDIC PHOTOS/GETTY

Góðar fréttir fyrir AG:

## Hvidt fer ekki í leikbann

**HANDBOLTI** Það er nú orðið endanlega ljóst að markvörðurinn Kasper Hvidt hjá AG mun ekki vera í leikbanni í seinni leik liðsins gegn Barcelona í Meistaradeildinni.

Þetta eru gríðarlega góð tíðindi fyrir AG enda er hinn markvörður liðsins, Steinar Ege, meiddur.

Hvidt fékk rautt spjald fimmtán sekúndum fyrir leikslok í fyrri leiknum þegar hann kýldi Jesper Nöddebo hjá Barcelona í hálsinn. Þykir mörgum Hvidt sleppa vel enda var brotið nokkuð gróft. Aganefnd EHF var þó ekki sammála því.

AG vann fyrri leik liðanna með sex marka mun. **- hbg**



**HEIMSFRIÐURINN** Metta World Peace gengur af velli í leiknum gegn Oklahoma City. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Metta World Peace:

## Rándýrt olnbogaskot

**KÖRFUBOLTI Metta World Peace, leikmaður LA Lakers, hefur verið úrskurðaður í sjö leikja keppnisbann af NBA deildinni. „Heimsfriður“, sem áður bar nafnið Ron Artest, sló Jason Harden, leikmann Oklahoma, af miklu afli með olnboganum í leik sem fram fór sl. sunnudag. Framherjinn Metta World Peace mun því missa af flestum leikjum LA Lakers í fyrstu umferð úrslitakeppninnar.**

**Metta World Peace gaf þá skýringu að atvikið hefði ekki verið viljandi en sú skýring er ekki sannfærandi ef myndbandsupptökur af högginu eru skoðaðar. Lakers mun ekki greiða leikmanninum laun á þeim tíma sem hann tekur út leikbannið og verður hann af um 45 milljónum kr. á þessum tíma. - seth**

# Búinn að keyra hátt í 40 þúsund kílómetra í vetur

**Þórsarinn Guðmundur Jónsson býr í Njarðvík og keyrir nær daglega til Þorlákshafnar í æfingar og leiki. „Auðveldara en ég átti von á,“ segir Guðmundur. Hann keyrir enn og aftur í Höfnina í kvöld þegar Þór tekur á móti Grindavík.**

**KÖRFUBOLTI** „Ég keyri nánast á hverjum einasta degi. Það hafa nokkrir spurt mig að því hvort ég sé geðveikur en það munar mikið um Suðurstrandarveginn,“ sagði Þórsarinn Guðmundur Jónsson sem lætur sig ekki muna um að keyra 150 kílómetra nær daglega á æfingar og í leiki. Ferðin aðra leið er 75 kílómetrar.

Hann keyrir frá Njarðvík yfir í Þorlákshöfn og alla jafna getur hann keyrt Suðurstrandarveginn sem er talsvert styttra en að keyra í gegnum höfuðborgina.

„Suðurstrandarvegurinn er fínn en ég er einn og hálfan tíma ef ég þarf að fara í gegnum Reykjavík. Ef ég kemst Suðurstrandarveginn dugar mér að leggja af stað klukkutíma fyrir æfingu og ég er kominn tímanlega. Sá akstur tekur um 50 mínútur.“

Faðir Guðmundar fór yfir það á dögunum hversu mikið sonurinn væri búinn að keyra í vetur og tölurnar eru nokkuð sláandi.

„Þetta er eitthvað í kringum 40 þúsund kílómetrar. Það er dágóður slatti og ansi margir klukkutímar í bílnum. Ég gef mér alveg rúma fjóra tíma á dag sem snúast um æfinguna,“ sagði Guðmundur en er hann ekkert orðinn þreyttur á þessu?

„Þegar ég ákvað að spila með Þorlákshöfn ákvað ég að sleppa allri neikvæðri hugsun um aksturinn. Ef ég væri alltaf að hugsa um það væri ég löngu búinn að gefast upp á þessu. Ég ákvað að taka þessu á jákvæðan hátt og nýta tímann í bílnum til þess að hugsa um lífið og tilveruna.“

Guðmundur segist eðlilega spila svolítið tónlist á leiðinni en hann á það líka til að gleyma sér í hugsunum sínum.



**ÖKUÞÓR** Guðmundur leggur mikið á sig til þess að spila körfubolta í Þorlákshöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ég hef stundum uppgötvað þegar ég er að verða kominn á leiðarenda að ég hef ekkert kveikt á útvarpinu. Þá er ég bara í hugsunum og spá í hlutunum. Það er mjög fínt. Það hjálpar líka til að það er búið að ganga vel. Skemmtilegir strákar í liðinu og ég hlakka alltaf til að mæta á æfingar. Það hefur komið mér á óvart hvað þetta er auðvelt. Auðveldara en ég átti von á.“

Leikmaðurinn knái þorir ekki að skjóta á hvað hann sé búinn að fara með í bensín í vetur en segir að Þór komi til móts við hann í þeim efnum enda bensíndropinn orðinn ansi dýr.

Guðmundur er aðeins með eins árs samning við Þór og hefur ekki tekið ákvörðun um hvort hann heldur áfram að keyra Suðurstrandarveginn næsta vetur.

Í kvöld fer fram annar leikur Þórs og Grindavíkur í úrslitum Iceland Express-deildar karla. Þór tapaði fyrstu orrustunni og stefnir á hefndir í kvöld.

„Við gerðum mörg mistök í fyrsta leiknum og varnarleikurinn okkar var óvenju slakur. Þeir skora ekki aftur rúmlega 90 stig gegn okkur.“

**henry@frettabladid.is**



**EFNILEGUR** Björn Bergmann er í miklum metum í Noregi þar sem hann spilar með Lilleström. MYND/ANTON

Björn Bergmann:

## Enginn vissi af samningnum

**FÓTBOLTI Norska staðarblaðið Romerikes Blad greinir frá því að Björn Bergmann Sigurðarson hafi framlengt samning sinn við Lilleström síðastliðið haust án þess að norskir fjölmiðlar hafi áttað sig á því. Íslenskir landsliðsframherjinn hefur vakið gríðarlega athygli það sem af er keppnistímabilinu í norsku úrvalsdeildinni og eru mörg stórlið að skoða Skagamanninn sem er 21 árs gamall.**

**Björn Bergmann er samningsbundinn Lilleström út árið 2014 en hann skrifaði undir nýjan samning við félagið síðastliðið haust. Að ósk leikmannsins var ekki greint frá þessari undirskrift og hefur Björn ekki tjáð sig um málið sjálfur.**

**„Við komumst að samkomulagi við Björn síðastliðið haust, en hann óskaði eftir því að ekki yrði greint frá því opinberlega. Á þessum tíma var Björn meiddur og samningurinn var framlengdur til þess að tryggja hagsmuni beggja aðila,“ sagði Torgeir Bjarmann, yfirmaður knattspyrnumála hjá Lilleström, í viðtali við Romerikes Blad. - seth**

Samningur undirritaður um aukna umfjöllun um Pepsi-deildir karla og kvenna á miðlum 365:

# Pepsimörkin send út í opinni dagskrá

**FÓTBOLTI** Í gær var undirritaður samningur milli KSÍ, Ölgerðarinnar og 365 miðla um umfjöllun um íslenska knattspyrnu í sjónvarpi og á netinu. Helst bar að þátturinn Pepsimörkin, sem er samantektarþáttur um leiki Pepsideildar karla, verður sýndur í opinni dagskrá á Stöð 2 Sport að lokinni hverri umferð í sumar.

Þátturinn verður einnig sýndur á laugardögum á Stöð 2 og þá einnig í opinni dagskrá. Þá verða fimm bestu mörkin tekin saman í hverri umferð og sýnd í örþættinum Markaregn sem verður sýndur á Stöð 2, Stöð 2 Sport sem og Vísi.is.

Samantektarþættir frá leikjum í Pepsi-deild kvenna verða einnig sýndir á Stöð 2 Sport auk þess sem leikir verða sýndir í beinni útsendingu á Vísi.is. Þá verður yngri kynslóðinni áfram sinnt með þáttum um sumarmót barna- og unglinga eins og síðustu ár.

„Við höfum verið að auka og styrkja umfjöllun okkar um íslenska knattspyrnu síðustu ár og viljum halda því áfram,“ sagði Ari Edwald um samninginn. Geir Þorsteinsson fagnaði einnig samstarfinu.

„Þetta er stærsti samningur sem hefur verið gerður um umfjöllun um íslenskan fótbolta og við sjáum fram á meiri umfjöllun en verið hefur,“ sagði Geir. **- esá**



**SAMKOMULAGIÐ Í HÖFN** Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar, Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, og Ari Edwald, forstjóri 365 miðla. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


Uppskerudagur

**Opið hús í Tækniskólanum**, skóla atvinnulífsins, laugardaginn 28. apríl kl. 13:00 – 16:00.

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is



VORHREINGERNING
FRÁ
50%.
AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM!
Á TÍMABILINU 26. APRÍL 2012 TIL 30. APRÍL 2012
VERÐDÆMI BLING VÖRUR FRÁ KR. 299
TOP MODEL, HELLO KITTY, BAKUGAN, TRIXIBELLES RITFÖNG, LITIR, BÆKUR, TÖSKUR OG MARGT FLEIRA. YFIR 300 VÖRUTEGUNDIR!
VERÐDÆMI BAKPOKI KR. 1.499
50% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM TITLUM
VERÐDÆMI FLOTT 2X50 PÚSLUSPIL KR. 2.499
MISSTU EKKI AF ÞESSU!
GRIFFILL
ALLTAF ÓDÝRARI
SKEIFUNNI 11 · 108 REYKJAVÍK · SÍMI 5331010 · OPIÐ ALLA DAGA TIL KL. 22
Auglýsingin gildir til og með 30.04.12. eða á meðan birgðir endast.
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

# veiði

golfogveidi@frettabladid.is



**300** **SJÓBIRTINGAR** hafa veiðst í Vatnamótunum austan Kirkjubæjarklausturs það sem af er apríl. Þetta kemur fram á veida.is. Þar segir einnig frá því að þetta þýði að dagveiðin til þessa sé að meðaltali tveir og hálfur sjóbirtingur á hverja stöng.

**FLUGAN**




## Tailor er mjög góð vatnafluga

Tailor er ein af betri vatnaflugum landsins sem hefur fallið í skuggann af öllum þyngdu vinil-rib kúluhausunum.

Tailor hefur reynst frábærlega í Vífilsstaðavatni, Elliðavatni og Þingvallavatni, svo einhver séu nefnd, eins lengi og elstu menn muna.

**Uppskrift**

**Öngull** – Hefðbundinn votflugu-öngull í stærðum 10 til 16
**Tvinni** – Brúnn UNI 8/0
**Vöf** – Grannur UNI gullvír
**Búkur** – Brúnt garn
**Bak** – Ljósbrúnt garn
**Frambúkur** – Brúnt garn
**Vængstubbur** – Hvítt garn
**Haus** – Málaður svartur

Haukadalsá leigð:

## Aðeins verður veitt á flugu

**VEIÐI** Landeigendur við Haukadalsá og fulltrúar einkahlutafélags í eigu Kenneths Johns Deurloo skrifuðu undir samning um leigu á veiðirétti í Haukadalsá um helgina. Samningurinn er til fjögurra ára; gildir frá 2013 til 2016.

Í fréttatilkynningu frá fulltrúum Deurloo á Íslandi kemur fram að það sé stefna landeiganda og leigutaka að gera ána að sjálfbærri fluguveiðiá.

Laxveiði í Haukadalsá hefur um langt árabil verið jöfn og góð en á síðasta ári var veiðin nálægt meðaltali, eða tæplega 700 laxar. - shá

# Að læðast aftan að urriða

**Stangveiði í Þingvallavatni hefst 1. maí. Guttormur P. Einarsson hefur veitt í vatninu í hálfa öld.**



**ÞINGVALLAVATN** Senn hefjast ljúfar stundir á bökkum Þingvallavatns. Vorveiðin er þó kalsasöm og mikilvægt að búa sig vel. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Það skiptir ekki öllu máli hvernig flugan lítur út, aðalatriðið er að hún komist niður á tökudýpið,“ segir Guttormur P. Einarsson, einn helsti sérfræðingur landsins í vatnaveiði.

Á þriðjudaginn hefst silungsveiðin fyrir landi þjóðgarðsins á Þingvöllum. Allt frá árinu 1961 hefur Guttormur farið þar um bakka og aflað sér þekkingar. Hann hefur meðal annars miðlað þeirri vitneskju í fróðlegu riti um veiðina og veiðistaðina á þessum slóðum. Sjálfur kveðst hann ekki vera eins og náttúrubörnin í veiðinni sem finni fiskinn með eðlisávísun sinni.

„Ég hef lært þetta „the hard way“ en það þýðir að ég hef þeim mun meira grúskað í þessu og safnað staðreyndum úr öllum áttum. Ekki síst hef ég spekúlerað í lífríkinu sjálfu; grunnforsendunum fyrir næringarframboðinu og öllu því. Það hefur kennt mér miklu meira en margur af þessum náttúrubörnum áttar sig á,“ útskýrir Guttormur.

Bæði kuðungableikjur og sílableikjur í Þingvallavatni fara á stjá í ætisleit þegar hlýna fer fyrri partinn í maí. Og eru stóru fiskarnir sem fyrst láta á sér kræla segir Guttormur. Sjálfur fer hann ekki til veiða þar fyrr en hann metur það á veðurskilyrðum að veiðilíkur séu orðnar nokkuð góðar. Það sé eftir nokkurra daga hlýindi.

„Allt byggist þetta á grunnlífríkinu, næringarframboði og öðru. Ef það er engin hreyfing á því er fiskurinn ekki að eyða orku sinni í eitthvert flandur út um allt. Hann bara liggur og er ekki að leita að æti,“ segir Guttormur.

> „Að leggjast á urriðann þegar hann er nánast í sárum eftir veturinn finnst mér ódrengilegt. Það er eins og það sé verið að læðast aftan að þeim.“
>
> GUTTORMUR P. EINARSSON



Fyrst á vorin er mesta veiðivonin við Lambhaga í vestanverðu þjóðgarðslandinu. Sjálfur segist Guttormur helst nota púpur á öngli númer tíu, Peter Ross og eftirlíkingar af toppflugu sem dæmi. En eins og áður kom fram sé aðalatriðið að flugan komist þangað sem fiskarnir séu.

„Við erum að eltast við stærri fiskana og þá helst kuðungableikjuna sem heldur sig við botninn. Hún er þar að gramsa og það er mjög sjaldgæft að hún fari upp í vatnið til að ná sér í æti. Aftur á móti er sílableikjan þar og getur líka tekið niður undir botn,“ segir Guttormur og undirstrikar að nota eigi hægsökkvandi línu með sterkum taumi því oft sé von á festum. „Ef maður er að festa í fimmta til sjötta hvert skipti þá er maður að gera rétt.“

Afar mikilvægt er að vorveiðimenn búi sig vel. „Þeir fara oft yfir djúpa ála til að komast í hólma og sker og standa oft í vatni upp undir mitti þegar þeir kasta. Menn eiga jafnvel að vera í tvöföldu föðurlandi undir vöðlunum því kuldinn skemmir strax ánægjuna,“ bendir Guttormur á af áratuga reynslu.

Urriðastofninn í Þingvallavatni hefur náð sér nokkuð á strik síðustu árin. Guttormur segir að þótt veiðar með makríl sem beitu hafi verið bannaðar í þjóðgarðslandinu séu menn stelast í urriðann með öðrum groddalegum veiðitækjum.

„Urriðinn liggur í torfum utan við ósa Öxarár að jafna sig eftir veturinn áður en hann fer að ná í æti og þar kasta menn á hann og taka hvern af öðrum. Hann ferðast býsna víða með ströndinni snemma á vorin og er að leita sér að æti og þá er hann orðin sprækur og hægt að veiða hann á flugu. En að leggjast á urriðann þegar hann er nánast í sárum eftir veturinn finnst mér ódrengilegt. Það er eins og það sé verið að læðast aftan að þeim.“

Eftirminnilegt segir Guttormur hafa verið þegar hann fékk þrjár risastórar bleikjur í beit við Leirutá í Lambhaga. Það hafi verið 27. apríl fyrir um áratug. „Þetta voru ári vænar kellingar; átta til tólf pund og það voru feikileg átök að taka þær. Síðan kom linnulaust skýfall og við urðum að hypja okkur upp í bíl gegnblautir og nánast á sundi.“

gar@frettabladid.is


# Líðan eldri borgara

**Fræðslufundur ÖFFÍ verður haldinn fimmtudaginn 3. maí, kl. 13:00-16:00 í stofu 132 í Öskju, Náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands**

Öldrunarfræðafélag Íslands

**Dagskrá:**

Kl. 13:00 - 13:10 **Ávarp formanns**
Líney Úlfarsdóttir sálfræðingur

Kl. 13:10 - 13:40 **Næring og hreyfing eldri borgara**
Dr. Ólöf Guðný Geirsdóttir, lektor við Matvæla og næringafræðideild HÍ

Kl. 13:40 - 14:10 **Áhrif minningavinnu á líðan eldri borgara**
Sigrún Huld Þorgrímsdóttir, sérfræðingur í öldrunarhjúkrun á Landspítala

Kl. 14:10 - 14:25 **Memaxi – minnishjálp**
Ingibjörg Ingimarsdóttir kynnir gagnvirkt dagatals- og samskiptakerfi

Kl. 14.25 - 15:00 Kaffiveitingar

Kl. 15:00 - 15:30 **Hreyfing á efri árum: Bætir, hressir, kætir?**
Dr. Sólveig Ása Árnadóttir, sérfræðingur í öldrunarsjúkraþjálfun og lektor við HA

Kl. 15:30 - 16:00 **Reynslusögur af heimavitjunum: Líðan aldraðra heima**
Helga Hansdóttir, sérfræðingur í öldrunarlækningum

Þátttakendur eru vinsamlega beðnir um að skrá sig með því að senda póst á netfangið oldrunarfraedafelag@gmail.com. Skráningagjald er 2.500,- greiðist inn á reikninginn 0334-26-6531, kt. 590281-0349 eða með reiðufé við innganginn.

**Eirberg ehf er styrktaraðili fundarins**

Eirberg




**Á SJÓBIRTINGSSLÓÐ Í SKJÁLFANDAFLJÓTI** Pétur Jónsson var við sjóbirtingaveiðar nyrðra fyrir síðustu helgi. Úti í á er Sigurður Gestsson.

Kuldalegur vísindaleiðingur innan um ísborgir:

# Þrír sjóbirtingar upp úr Skjálfandafljótinu

„Við skruppum á föstudaginn síðastliðinn í Skjálfandafljót í dálítinn vísindaleiðangur að leita að sjóbirtingi,“ segir Stefán Sigurðsson hjá Lax-á sem selur laxveiðileyfi í fljótið í sumar.

„Við fengum eina þrjá sjóbirtinga, sá stærsti var fjögur til fimm pund en hinir tveir minni,“ segir Stefán. Þessum árangri hafi þeir félagar náð þrátt fyrir mikinn kulda.

„Það má segja að það sé byrjað að vora en maður gerði sér vel grein fyrir hvað náttúruöflin eru rosalega sterk fyrir norðan. Þarna voru stórir ísjakar, jafnvel ísborgir, upp í sex til átta metra þykkar og umhverfið allt ofsalega fallegt,“ segir Stefán sem kveðst eiga von á að boðið verði upp á vorveiði í Skjálfandafljóti næsta sumar. - gar

# HÚSGAGNAHÖLLIN

# Sumartilboð

OG FALLEGAR - LITRÍKAR SMÁVÖRUR SEM LÍFGA UPP Á HEIMILIÐ!

**SPIZY** luktir
í appelsínugulu
eða bleiku
**kr. 3.990**
fullt verð 5.990




NÚNA
20%
AFSLÁTTUR

**143.980**
FULLT VERÐ: 179.980



**MELBOURNE** svefnsófi. B:242 D::91/168, H:85.
Dýna: 147x200 cm. Dökkgrátt áklæði.

**NÝTT!**
NÝ SENDING AF
SVEFNSÓFUM

**129.990**



**ALICIA** svefnsófi. B:164 D:85 H:90.
Dýna: 135 x 200 cm. Fæst með rauðu og gráu áklæði.

**249.990**



**UMBRIA** tungusófi. B:305 D:88/163 H:80. Grátt áklæði.
Fæst með hægri og vinstri tungu.

**UMBRIA** tungusófi. B:245 D:88/163 H:80. Grátt áklæði.
Fæst með hægri og vinstri tungu. Kr. **219.990.**

NÚNA
20%
AFSLÁTTUR



LAZBOY

**COLE** La-z-boy stóll. Vínrautt áklæði.
Fæst einnig í gráu og ljósu. B:85 D:77 H:102 cm.

**95.990**
FULLT VERÐ: 119.990

**0% VEXTIR** Húsgagnahöllin býður nú upp á vaxtalaus lán til allt að 12 mánaða

MasterCard VISA

**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200 **OPIÐ** Virka daga 10-18 laugardaga 12-18 sunnudaga lokað.

> Stöð 2 kl. 20.10
**The Amazing Race**



*Fjórða heldur áfram í The Amazing Race á Stöð 2. Liðin fimm sem eru eftir eru í Svíþjóð og stefnan er sett á Eistland þar sem keppendur þurfa að fækka fötum og leðjuslagurinn byrjar fyrir alvöru.*

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÞÓRÐUR SNÆR JÚLÍUSSON RIFJAR UPP ÞÝSKU MÖRKIN

# Hormottur og skammbyssuklippingar

Í kringum síðustu aldamót sinnti RÚV menningarlegu hlutverki sínu með því að sýna frá þýskri knattspyrnu. Á mánudagskvöldum færði Lárus Guðmundsson, fyrrverandi atvinnumaður í þýskri knattspyrnu, íslenskum almúga vikuskammt af hormottum, skammbyssuklippingum og nánast ljóðrænni knattspyrnu í samantektarþáttum sínum.



Það dásamlega við Lárus sem lýsanda var að hann gat úthúðað leikmanni fyrir að vera ómögulegur eina mínútuna en hampað honum fyrir að vera óaðfinnanlegur þá næstu. Þá hafði hann þægilega eintóna rödd sem passaði við þýska knattspyrnu eins og Bogi Ágústsson við erlendar fréttir. Auk þess virtist Lárus hafa sérstakt dálæti á ákveðnum leikmönnum. Það færðist aukinn kraftur í okkar mann þegar hann þuldi upp nöfn á borð við Simon Jentzsch, Diego Fernando Klimowicz, Michael Preetz, Fredi Bobic eða hálslausa Brasilíumanninn Ailton.

RÚV hætti að sýna þýska boltann árið 2004, þó að hann hafi átt skamma endurkomu tímabilið 2010-2011. Á síðustu misserum hefur Við tækið-skrifari því þurft að sækja þýska skammtinn á Eurosport. Þar er honum lýst af manni sem hljómar eins og tölvuforrit. Hann á ekkert í Lárus Guðmundsson.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Íslensk menning **14.00** Fréttir **14.03** Á tónsviðinu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Draumar á jörðu **15.25** Skurðgrafan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Tónlistarkvöld Útvarpsins **20.30** Hvað er í gangi? **21.30** Saman í myrkrinu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Útvarpsperla: Í Uppsölum er best **23.20** Til allra átta **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.50 Kiljan** (e)
**16.40 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Konungsríki Benna og Sóleyjar**
**17.31 Sögustund m/Mömmu Marsibil**
**17.42 Fæturnir á Fanneyju**
**17.54 Grettir** (12:54) (Garfield Shorts)
**17.55 Stundin okkar** (e)
**18.20 Táknmálsfréttir**
**18.25 Gulli byggir** (2:6) Gulli Helga húsasmiður hefur verið fenginn til þess að koma lagi á kjallara í 65 ára gömlu húsi í Reykjavík. Óþefur og ýmis konar skordýr eru í kjallaranum og greinilegt er að húsið er komið á tíma.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Skólahreysti Bein útsending frá úrslitakeppninni.**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Glæpahneigð** (125:138) (Criminal Minds VI) Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.05 Höllin** (13:20) (Borgen)
**00.05 Kastljós** (e)
**00.30 Fréttir**
**00.40 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**06.30 The Ugly Truth**
**08.05 17 Again**
**10.00 Shallow Hal**
**12.00 Night at the Museum: Battle of the Smithsonian**
**14.00 17 Again**
**16.00 Shallow Hal**
**18.00 Night at the Museum: Battle of the Smithsonian**
**20.00 The Ugly Truth**
**22.00 Seven Pounds**
**00.00 Premonition**
**02.00 Loverboy**
**04.00 Seven Pounds**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Celebrity Apprentice** (11:11)
**11.50 Doctors** (134:175)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Martian Child** Hjartfólgin og skemmtileg mynd með John Cusack í hlutverki sálfræðings sem tekur að sér mál ungs drengs sem heldur því fram að hann sé frá plánetunni Mars.
**14.45 E.R.** (6:22)
**15.30 Friends** (12:24)
**15.55 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (18:23)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm In the Middle** (20:22)
**19.45 Better With You** (16:22)
**20.10 The Amazing Race** (9:12)
**21.00 Mið-Ísland** (6:8)
**21.30 Alcatraz** (12:13)
**22.15 NCIS: Los Angeles** (18:24) Önnur þáttaröðin um starfsmenn sérstakrar deildar innan bandaríska hersins sem hafa það sérsvið að rannsaka glæpi sem tengjast sjóhernum eða strandgæslunni á einn eða annan hátt.
**23.00 Rescue Me** (10:22) Fimmta þáttaröðin um slökkviliðsmanninn Tommy Gavin og dramatíska en þó oft á tíðum spaugilega glímu hans við lífið eftir skilnað og hryðjuverkaárásirnar þann 11. september 2001. Í þessari fimmtu þáttaröð verður sjónunum einmitt talsvert að aðdraganda árásanna og afleiðingar þeirra fyrir aðalsögupersónurnar. Michael J. Fox mætir til leiks í hlutverki unnusta fyrrum eiginkonunnar.
**23.45 The Mentalist** (17:24)
**00.30 Homeland** (7:13)
**01.25 Boardwalk Empire** (10:12)
**02.25 Martian Child**
**04.10 Terra Nova**
**04.55 Mið-Ísland** (6:8)
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Þorsteinn J. og gestir: meistaramörk**
**16.55 Meistaradeild Evrópu: Real Madrid - Bayern München**
**18.40 Þorsteinn J. og gestir: meistaramörk**
**19.00 Þór - Grindavík** Útsending frá leik í úrslitum Iceland Express deildar karla í körfuknattleik.
**21.00 Evrópudeildin: Atl. Madrid - Valencia**
**22.45 Spænsku mörkin**
**23.15 Þór - Grindavík**
**01.00 Atl. Madrid - Valencia**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.20 Man. Utd. - Everton**
**18.10 Newcastle - Stoke**
**20.00 Premier League World**
**20.30 Premier League Review 2011/12**
**21.25 Football League Show** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**21.55 Wolves - Man. City**
**23.45 Fulham - Wigan**

## EXTRA

**19.45 The Doctors** (100:175)
**20.25 In Treatment** (50:78)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 New Girl** (11:24)
**22.20 Hannað fyrir Ísland** (6:7)
**23.05 Grey's Anatomy** (19:24)
**23.50 Gossip Girl** (12:24)
**00.35 Pushing Daisies** (10:13)
**01.20 Malcolm In the Middle** (20:22)
**01.45 Better With You** (16:22)
**02.10 In Treatment** (50:78)
**02.35 The Doctors** (100:175)
**03.15 Fréttir Stöðvar 2**
**04.05 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**15.50 Eureka** (15:20) (e)
**16.40 Dynasty** (21:22) Ein þekktasta sjónvarpsþáttaröð veraldar. Þættirnir fjalla um olíubaróninn Blake Carrington, konurnar í lífi hans, fjölskylduna og fyrirtækið.
**17.25 Dr. Phil**
**18.10 The Firm** (9:22) (e)
**19.00 America's Funniest Home Videos** (e)
**19.25 Rules of Engagement** (13:26) (e)
**19.45 Will & Grace** (20:24) (e)
**20.10 Outsourced** (1:22) (e)
**20.35 Solsidan** (2:10) Snobbhaninn Fredde lendir í því þegar gamall skólafélagi flytur aftur í hverfið og sér til mikillar skelfingar uppgötvar að hann er margfalt efnaðri en hann sjálfur.
**21.00 Blue Bloods** (11:22) Danny og Jackie rannsaka morð þar sem lögreglumaður í einkennisbúningi sást yfirgefa vettvanginn í flýti.
**21.50 Franklin & Bash** (3:10) Þegar lögfræðingarnir og glaumgosarnir Franklin og Bash vinna glæstan sigur í stóru dómsmáli eru þeir ráðnir inn á virta lögfræðistofu sem setur villtu líferni þeirra ákveðnar skorður. Félagarnir taka að sér mál konu sem telur að sér hafi verið sagt upp á karlatímariti fyrir að vera of falleg.
**22.40 Jimmy Kimmel**
**23.25 Law & Order UK** (8:13) (e)
**00.10 Californication** (7:12) (e)
**00.40 The Jonathan Ross Show** (e)
**01.30 Unforgettable** (1:22) (e)
**02.20 Blue Bloods** (11:22) (e)
**03.10 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** Valero Texas Open 2012 (4:4) **11.10** Golfing World **12.00** Golfing World **12.50** Inside the PGA Tour (16:45) **13.20** Valero Texas Open 2012 (4:4) **16.20** LPGA Highlights (7:20) **17.40** PGA Tour - Highlights (15:45) **18.35** Inside the PGA Tour (17:45) **19.00** Zurich Classic 2012 (1:4) **22.00** US Open 2000 - Official Film **23.00** PGA TOUR Year-in-Review 2011 (1:1) **23.55** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **18.30** Í ljósi nýsköpunar

## BBC entertainment

**06.15** 'Allo 'Allo! **07.50** New Tricks **09.30** Deal or No Deal **10.05** EastEnders **10.35** Come Dine With Me **11.25** My Family **12.55** 'Allo 'Allo! **14.30** QI **15.00** MDA **15.30** Top Gear **16.20** QI **16.50** Shooting Stars **17.20** Come Dine With Me **18.15** QI **18.45** MDA **19.15** The Graham Norton Show **20.00** Live at the Apollo **20.45** Derren Brown: Trick or Treat **21.40** 'Allo 'Allo! **23.20** The Graham Norton Show **00.05** Live at the Apollo **00.50** Derren Brown: Trick or Treat **01.45** 'Allo 'Allo! **03.25** The Graham Norton Show

## DR 1

**11.05** Ha' det godt **11.35** Aftenshowet **12.30** Blod, sved og ris **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Lægerne **14.00** Kasper & Lise **14.10** Timmy-tid **14.25** Min farfars rekordbog **15.00** Himmelblå **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Annemad **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Sporløs **18.30** Bryllup i Farver **19.00** TV Avisen **19.25** Bag Borgen **19.50** SportNyt **20.00** Den perfekte forbrydelse? **20.45** Pigen der forsvandt **21.35** Restaurant bag tremmer **22.05** OBS **22.10** Lægerne

## NRK 1

**06.30** 22. juli-rettssaken **07.30** Morgennytt **08.00** 22. juli-rettssaken **15.00** NRK nyheter **15.15** Ardna - Samisk kulturmagasin **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Tegnspråknytt **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Schrödingers katt **18.15** Munter mat **18.45** Billedbrev **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Debatten **20.30** Status Norge. Bak murene **21.00** Kveldsnytt **21.15** Kalde føtter **22.05** Ekte superhelter **23.25** Bitt av naturen **23.55** Danmark fra kyst til kyst

## svt1

**12.25** Minnenas television **13.20** Strömsö **14.00** Rapport **14.30** Mamma mår bra **14.45** Det ljuva livet i Alaska **15.30** Sverige idag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Djursjukhuset **18.30** Hundra procent bonde **19.00** Skönhetsbubblan **20.00** Debatt **20.45** Modellagenturen **21.30** Rapport **21.35** Kulturnyheterna **21.40** Det ljuva livet i Alaska **22.25** Attending Örebro **22.55** Uppdrag Granskning

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Einar Kristinn og sjávarútvegur **21.30** Perlur úr myndasafni

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 100,5 Kaninn | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




Sjá einnig önnur frábær verðdæmi á plusferdir.is!

# "RÚGL" VERÐ Í SÓLARFERÐ!

## AÐEINS 100 SÆTI TIL ALICANTE Í MAÍ Á ÞESSU VERÐI!

### Flug + Gisting + Hálft fæði

**Oasis Plaza ★★★**

1. maí - 7 nætur



Verð á mann frá:

**69.710 kr.***

m.v. 2 fullorðna og 1 barn í tvíbýli með hálfu fæði (morgun- og kvöldmatur). Verð frá 79.615 kr á mann m.v. 2 fullorðna.

* Verð miðast við að bókað sé á netinu.

### Flug + Gisting + Allt innifalið

**Gran Hotel Bali ★★★★**

1. maí - 7 nætur



Verð á mann frá:

**85.000 kr.***

m.v. 2 fullorðna og 1 barn í tvíbýli með "öllu inniföldu" (morgun-, hádegis og kvöldmatur, snarl milli mála og innlendir drykkir). Verð frá 100.300 kr á mann m.v. 2 fullorðna.

* Verð miðast við að bókað sé á netinu.

Við bjóðum ferðir til ALICANTE í maí á ótrúlegu verði! Aðeins 100 sæti eru á þessu "rúgl verði" og reglan gildir fyrstur kemur fyrstur fær!

Tilboðsbrottfarir:
1. maí, 5. maí, 8. maí, 12. maí, 15. maí, 19. maí, 22. maí, 26. maí og 29. maí.

**Sala hafin!**

plús FERÐIR

www.plusferdir.is

**PLÚSFERÐIR** - Sími 535 2100 - info@plusferdir.is

**SUMARFRÍIÐ**



*„Við erum að fara að spila í Amsterdam í júní. Ég held að sú helgi verði mitt sumarfrí.“*

Arnar Freyr Frostason í hljómsveitinni Úlfur úlfur.

# Hauskúpu stolið frá Hörpu

„Þetta er hauskúpa af meri sem pabbi minn átti og var mér mjög kær. Hún hékk uppi á vegg á vinnustofunni minni og nú er hún horfin og ég hef ekki hugmynd um hvar hún er niðurkomin,“ segir fatahönnuðurinn Harpa Einarsdóttir, sem varð fyrir því óláni í vikunni að hauskúpu í hennar eigu var stolið.

Hauskúpan var af meri sem áður var í eigu föður Hörpu og löngu dauð. „Systir mín fann beinagrindina á jörðinni hans pabba fyrir tveimur árum og þá var búið að éta allt af henni þannig að beinin voru mjög hrein. Ég gróf þau upp í hittiðfyrra og raðaði saman fyrir sýningu sem ég hélt, en merin hafði þá verið dáin í mörg, mörg ár,“ útskýrir Harpa.

Það var aðeins hauskúpan sem Harpa geymdi á vinnustofu sinni og grunar hana að merinni hafi líkað það illa þar sem töluverður draugagangur hafi ríkt í húsnæðinu undanfarið. „Beinagrindin er geymd annars staðar og það gæti verið að Freyja hafi verið ósátt við að höfuðið væri skilið frá búknum. Það var í það minnsta einhver draugagangur á vinnustofunni áður en hauskúpan hvarf og ég held að þeir sem tóku hana verði ekki ánægðir með krafsið og hneggið sem fylgir henni.“

Harpa vonar að hauskúpan komist í réttar hendur sem fyrst þar sem hana langar að sameina höfuð og búk merarinnar Freyju. „Ég vona að hauskúpan komist til skila og ef einhver veit hvar hún er niðurkomin má sá hinn sami hafa samband við mig í gegnum Facebook.“ **- sm**



**SAKNAR FREYJU** Harpa Einarsdóttir saknar hauskúpu gamallar hryssu sem faðir hennar átti. Hauskúpan hvarf af vinnustofu hennar í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Taylor vill banana og orkusúkkulaði

Tónlistarmaðurinn James Taylor sem spilar í Hörpu 18. maí ætlar að vera orkumikill á tónleikunum því samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hann hefur óskað eftir því að hafa banana og orkusúkkulaði til taks baksviðs.

Hann virðist einnig vera mikið snyrtimenni því hann vill hafa stóra ruslafötu í herbergi sínu, auk Kleenex-hreinsiklúta og handklæða. Stór spegill verður einnig að vera til staðar.

Miðað við óskalista hins 64 ára Taylors leggur hann mikið upp úr heilbrigðu mataræði og ekkert áfengi er á listanum heldur vatn, te og kaffi.

Taylor er einn áhrifamesti söngvari og lagahöfundur 20. aldarinnar. Hann öðlaðist frægð á áttunda áratugnum með lögum á borð við



**ORKUMIKILL** James Taylor ætlar að vera stútfullur af orku á tónleikunum í Hörpu 18. maí.

You´ve Got A Friend og Fire and Rain. Hann er margfaldur Grammy-verðlaunahafi og meðlimur í Frægðarhöll rokksins. Taylor hélt nýverið tónleika í Bergen í Noregi og fengu þeir mjög góða dóma, eða sex í einkunn af sex mögulegum.

Örfáir miðar eru eftir á tónleikana hér á landi, sem verða haldnir í Eldborgarsalnum. **- fb**




**HANNAR FYRIR GOOGLE** Haraldur Ingi Þorleifsson hannaði vef fyrir Google Drive sem er nýkominn í loftið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

HARALDUR INGI ÞORLEIFSSON: BÆÐI SKEMMTILEGT OG PIRRANDI

# Hannar fyrir Google og Youtube heima í Reykjavík

„Það er mjög skemmtilegt að vinna við verkefni sem margir fá að sjá,“ segir grafíski hönnuðurinn Haraldur Ingi Þorleifsson. Hann vann við hönnun hins nýja vefjar Google Drive sem býður notendum sínum að geyma efni á netinu.

Haraldur starfar í Reykjavík og er sjálflærður grafískur hönnuður en er með háskólapróf bæði í viðskiptafræði og heimspeki. Hann hefur starfað við grafíska hönnun síðan um aldamótin.

„Ég var að vinna hjá Strik.is fyrir löngu síðan. Þá byrjaði ég að hafa áhuga á vefnum sem einhvers konar miðli,“ segir Haraldur Ingi. „Ég var að vinna sem blaðamaður og var að safna efni en á sama tíma að vinna mikið með forritið Flash. Síðan þróaðist það út í hönnunina. Hönnuðirnir sem ég var að vinna með voru svo latir. Þeir gerðu í rauninni ekki það sem ég var að biðja þá um að gera.“

Haraldur starfaði hjá nokkrum fyrirtækjum hér heima áður en hann flutti til New York árið 2006. Þar fékk hann vinnu hjá Cuban Council sem hefur verið með Google, Apple og Facebook í sínum kúnnahópi. Þegar hann ákvað að flytja aftur heim til Íslands hóf hann störf hjá einum af kollegum sínum hjá Cuban Council sem hafði stofnað fyrirtækið Upperquad. „Hann er mest í því að útvega mér verkefni, meðal annars þessi Google-verkefni,“ greinir Haraldur frá. Hann hefur einnig unnið fyrir Youtube, sem er í eigu Google, og stutt er síðan hann hannaði vef fyrir Google-hlutann af tónlistarhátíðinni South By Southwest sem er haldin í Texas á hverju ári.

Aðspurður segir Haraldur að starfið geti verið bæði mjög skemmtilegt og mjög pirrandi. „Þetta er svolítið huglægt ferli. Þegar maður er að hanna með einhverjum reynir maður að draga upp úr honum vandamálið. Svo reynir maður að leysa það og stundum tekst það og stundum ekki.“

Nánari upplýsingar um Harald og verk hans má finna á síðunni Haraldurthorleifsson.com.

**freyr@frettabladid.is**


GEÐVEIKAR HETJUR!

HVAÐA GEÐVANDAMÁL HRJÁÐU GUNNAR, HALLGERÐI, NJÁL OG SKARPHÉÐIN?




Óttar Guðmundsson geðlæknir svarar þessari spurningu og mörgum öðrum í bók sem á engan sinn líka!

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu


# Nýtt blóð með Skuggabarnum

„Þetta verður alvöru. Það verður allt gefið í þetta,“ segir Ágúst Guðmundsson, rekstrarstjóri Skuggabarsins.

Þessi gamalgróni skemmtistaður opnar á Hótel Borg á föstudagskvöld eftir að hafa legið í dvala í um það bil áratug. „Meiningin er að endurvekja Skuggabarinn eins og hann var í sinni mynd, en kannski aðeins betrumbættan,“ segir Ágúst. Eigandi staðarins er Garðar Kjartansson sem er fyrrum eigandi Nasa og Apóteksins.

„Fólki í kringum mig og víða annars staðar finnst vera kominn tími á nýtt blóð á skemmtistöðunum. Ég held að við séum að svara því kalli,“ segir Ágúst. Skuggabarinn mun einbeita sér að gestum 28 ára og eldri, eða aldurshópnum sem stundaði staðinn hér á árum áður. „Þetta er fólkið sem við viljum fá inn núna. Þetta er að hluta til liðið sem var þarna á sínum tíma. Við viljum samt gera eitthvað nýtt fyrir staðinn þannig að fólki líði ekki eins og það sé að fara aftur í tímann.“

Opnunarteiti Skuggabarsins verður haldið milli 21 og 23 á föstudagskvöld fyrir boðsgesti og eftir það opnar húsið fyrir alla. Staðurinn verður opinn á fimmtudögum, föstudögum og laugardögum og verður svokallað happy hour milli klukkan 20 og 22. **- fb**



**ALVÖRU STEMNING** Ágúst Guðmundsson, rekstrarstjóri Skuggabarsins, lofar alvöru stemningu á nýja staðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Europris

ÓDÝRT FYRIR ALLA!

# Europris Hafnarfirði

## Verslunin að Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði, lokar.

# 70%

## afsláttur á öllum vörum á meðan birgðir endast.

## Verslunin lokar mánudaginn 30. apríl kl. 18:00.

ATH! Tilboðin gilda eingöngu í verslun Europris að Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði

FATNAÐUR • ÞVOTTA- OG HREINLÆTISEFNI • VERKFÆRI • HEIMILISVARA • SNYRTIVARA • PRJÓNAGARN • FRÍSTUNDAVARA • MATVARA

WWW.EUROPRIS.IS

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Hjólað af kappi

Á þriðjudagskvöld fór fram á Krýsuvíkurvegi fyrsta Cube Prologue-keppni hjólreiðafélagsins Bjarts af fjórum. Að lokinni keppni mátti sjá meðal þátttakenda tvo þekkta athafnamenn. Báðir virtust ánægðir þótt ekki hafi þeir endað í verðlaunasæti. Þetta voru þeir **Róbert Wessman** og **Einar Bárðarson**. Fram kemur á vef félagsins að rúmlega 70 manns hafi lokið keppni, en með því hafi verið sett nýtt þátttökumet í tímatöku. Besta tíma karla í opnum flokki átti Hafsteinn Ægir Geirsson og María Ögn Guðmundsdóttir í opnum kvennaflokki. Í „racer"-flokki átti Pálmar Kristmundsson besta tímann og Sunna Björg Helgadóttir í kvennaflokki.



### Á lista Vogue

Vefsíðan Vogue.co.uk birti nýverið lista með nöfnum tíu ungra hönnuða sem tískuáhugafólk ætti að leggja á minnið og þar á meðal var hálfíslenska tískumerkið Ostwald Helgason. Innkaupastjórinn Ruth Runberg setti saman listann. Ostwald Helgason var stofnað árið 2008 af **Ingvari Helgasyni** og Susanne Ostwald og hefur hönnun þeirra notið ört vaxandi vinsælda. Ljóst er að vinsældir tvíeykisins munu ekki dvína í bráð þar sem Ruth Runberg, innkaupastjóri hjá hinni vinsælu verslun Browns í London, telur Ostwald Helgason vera rísandi stjörnu innan tískuheimsins.



- óká, sm

## Mest lesið vísir

1. Líkur á að Maddie sé á lífi
2. Vilja hækka verð á sígarettupakkanum í tíu þús.
3. Segir fjármálaráðuneytið hafa rænt Lífeyrissjóðnum
4. Tveir menn í fíkniefnavímu brutust inn í kjallaraíbúð
5. Agnes verður næsti biskup





